



Hug- og félagsvísindasvið
Kennaradeild-framhaldsbraut

Bókvitið verður í askana látið ... en ekki verknámið

Hildur Betty Kristjánsdóttir

Akureyri, júní 2010

Hug- og félagsvísindasvið
Kennaradeild-framhaldsbraut

Bókvitið verður í askana látið ... en ekki verknámið

Hildur Betty Kristjánsdóttir

Meistaraprófsritgerð lögð fram sem hluti af
námi til M.Ed.-gráðu í menntunarfræðum
með áherslu á stjórnun menntastofnana

Akureyri, júní 2010

Ágrip

Umræða um stöðu list- og verkgreina hefur farið fram á Íslandi um alllangt skeið. Hún hefur einkennst af því hvernig auka megi vægi þeirra innan skólakerfisins. Fram kemur í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 að ráðherra lætur grunnskólum í té aðalnámskrá og í 24. gr. er lögð áhersla á jafnvægi milli bók- og verklegs náms.

Markmið rannsóknarinnar er að öðlast skilning á tengslum bók-, list- og verknáms á unglíngastigi grunnskóla með því að kanna viðhorf viðmælenda sem hafa faglega þekkingu, reynslu og skoðanir á þessu sviði. Eftirfarandi spurning liggur til grundvallar; *Hvaða möguleikar eru á að viðhafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi?*

Rannsóknin er eigindleg, byggð á viðtölum við níu þátttakendur af höfuðborgarsvæðinu og Akureyri og nágrenni. Um er að ræða sex karla og þrjár konur, sem öll eiga það sameiginlegt að hafa faglega þekkingu á íslensku skólakerfi.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós að viðmælendur mínir telja möguleika á að bjóða upp á val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi grunnskóla án þess að breyta núgildandi grunnskólalögum og að samningsskólar (*charter school*) henti vel til þess. Að vísu var misjafnt hversu vel viðmælendur þekktu til samningsskóla en flestir vildu líkja þeim við opinberu skólana. Einnig veltu þátttakendur fyrir sér þeirri ríkjandi hefð að velja bóknámsskóla að loknum grunnskóla. Viðmælendur veltu fyrir sér einstaklingsmiðuðu námi og orðunum *við hæfi* og er túlkun þeirra og samfélagsins á þessum hugtökum ekki alltaf sú sama. Flestir þátttakendur voru sammála um að ný grunnskólalög byðu upp á mun meiri sveigjanleika en þau eldri og töldu breytinga að vænta í íslensku skólakerfi. Samkvæmt viðmælendum hefur ekki verið mikil gróska í sjálfstætt reknum grunnskólum á Íslandi, hver ástæðan er kom hins vegar ekki skýrt fram. En hefðin í samfélaginu hefur verið sú að börn fari í sína hverfissskóla og hafa foreldrar því ekki haft mikið frelsi til að velja á milli grunnskóla fyrir þau.

Viðmælendur segja að halda þurfi áfram að gera tilraunir til að auka vægi list- og verknáms í grunnskólum til þess að unnt verði að framfylgja 24. grein laga sem kveður á um jafnvægi á milli bók- og verklegs náms eins og áður segir (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Abstract

For some time now, the status of arts and crafts within the Icelandic school system has been a topic of discussion, centring on how to increase their importance. The elementary school law (nr. 91/2008) states that the ministry supplies elementary schools with a general curriculum and article 24 of the same law emphasizes a balance between literary studies and practical studies.

The aim of this research is to gain insight into the relationship between literary studies, art studies and practical studies at the senior levels of elementary school, by studying the attitudes of interviewees with academic and practical experience in the field. The question set forth as a basis for this research is: *Is it possible to offer a choice between literary studies, art studies and practical studies at the senior level of elementary schools?*

The research is qualitative, based on interviews with nine participants from the Reykjavik area, Akureyri and neighbouring communities. The interviewees were six men and three women, who all have professional knowledge of the Icelandic school system.

The main results of the research show that the interviewees believe that it is possible to make literary studies, art studies and practical studies elective without changing the current elementary school laws and that charter schools are well suited for the task. The participants' knowledge of charter schools varied but most of them thought that they were similar to public schools. Participants also wondered about the strong tradition of choosing academic secondary schools after graduating elementary school. In addition, the participants looked at individually-based learning and the word "competence" and their and society's interpretation of these terms are not always identical. Most participants agreed that the new elementary school laws offered more flexibility and expect changes in the Icelandic school system. It also was revealed that there has been little growth in private schools in Iceland, but the reasons for that were not expressed by the participants. Traditionally in Iceland, students have studied in schools in their neighbourhood and parents have not had much choice between elementary schools for their children.

The interviewees state that efforts to increase the importance of arts and crafts in elementary schools must continue in order for the school system to adhere to article 24 of the law which demands a balance between literary studies and practical studies (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Formáli

Rannsóknin er meistaraþrófsverkefni til fullnaðar M.Ed.-gráðu í menntunarfræðum við Háskólann á Akureyri með áherslu á stjórnun menntastofnana. Vægi rannsóknarinnar er 60 einingar.

Gerð rannsóknaráætlunar lauk vorið 2007 en vinnan við verkefnið hófst á ný í janúar 2009. Síðan þá hefur námið tekið megnið af frítíma mínum og hafa fjölskylda, vinir og samstarfsfélagar sýnt mér þolinmæði, umburðarlyndi, stuðning og hvatt mig áfram. Ég þakka sérstaklega eiginmanni mínum, Guðmundi Óla Hilmissyni, fyrir hans stuðning og börnum okkar Sunnevu Ósk, Birtu Maríu og Kristjáni Óla fyrir þolinmæðina. Einnig þakka ég Bryndísi Arnardóttur fyrir að hafa hvatt mig áfram og leiðbeint mér, Svövu Þ. Hjaltalín, Braga V. Bergmann og Hildi Finnsdóttur fyrir prófarkalestur verkefnisins og Helga Kristinssyni fyrir aðstoð við uppsetningu.

Dr. Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við Háskólann á Akureyri, hefur leiðbeint mér í gegnum verkið, veitt mér faglega ráðgjöf og hvatt mig áfram. Ég færi honum bestu þakkir fyrir það. Dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor var ráðunautur og kann ég honum bestu þakkir fyrir. Einnig vil ég þakka viðmælendum mínum kærlega fyrir þeirra hlut, framlag þeirra er ómetanlegt en án þeirra hefði rannsóknin aldrei orðið að veruleika.

Efnisyfirlit

Ágrip	i
Abstract	ii
Formáli	iii
1. Inngangur	3
1.1 Forsagan	3
1.2 Rannsóknarspurningar	5
1.3 Rannsóknaraðferð	5
1.4 Gildi rannsóknarinnar	5
1.5 Skilgreiningar á hugtökum	6
1.6 Uppbygging ritgerðar	7
2. Fræðileg umfjöllun	8
2.1 Þróun bóknáms og verknáms í íslensku skólakerfi	8
2.1.1 Alþýðufræðsla á 19. og 20. öld	8
2.1.2 Fræðslulögin 1907	9
2.1.3 Skólaskyldan lengist á árunum 1920-1940	10
2.2 Undirbúningur fræðslulöggjafarinnar 1946	10
2.2.1 Lög um skólakerfi og fræðsluskyldu	10
2.2.2 Lög um fræðslu barna	11
2.2.3 Lög um gagnfræðaskóla	11
2.2.4 Lög um menntamál	13
2.2.5 Lög um húsmæðrafræðslu	13
2.2.6 Áhrif fræðslulöggjafarinnar 1946 á íslenskt skólakerfi	13
2.3 Verknám eða landspróf í gagnfræðaskóla	14
2.3.1 Verknám	14
2.3.2 Landspróf	15
2.4 Aðalnámskrá grunnskóla 1976, 1989, 1999 og 2006	17
2.4.1 Aðalnámskrá grunnskóla 1976	18
2.4.2 Aðalnámskrá grunnskóla 1989	19
2.4.3 Aðalnámskrá grunnskóla 1999	20
2.4.4 Aðalnámskrá grunnskóla 2006	20
2.4.5 Einstaklingsmiðað nám	22
2.5 Verknámið færast inn í framhaldsskólann	23
2.6 List- og verkgreinar í íslensku skólakerfi á 21. öldinni	25
2.7 Einkaskólar	28
2.7.1 Samningsskólar	28
2.7.2 Hugmyndafræði samningsskóla	28
2.7.3 Að setja á laggirnar samningsskóla	29
2.7.4 Valfrelsi	29
2.7.5 Kostir og gallar samningsskóla	30
2.7.6 Áslandsskóli	31
2.7.7 Einkareknir grunnskólar á Íslandi	32
2.8 Lög og reglugerðir um grunnskóla	32
2.8.1 Sjálfstætt reknir skólar á Íslandi	32

2.8.2 Breyting á löggjöfinni um jafnvægi á milli bók- og verknáms.....	35
2.9 Samantekt og ályktun.....	35
3. Aðferðafræði rannsókna.....	38
3.1 Rannsóknarmarkmið/Rannsóknarspurningar.....	38
3.2 Rannsóknaraðferðin	39
3.3 Viðtöl	40
3.4 Gagnaöflun.....	41
3.5 Val á þátttakendum	42
3.6 Framkvæmd rannsókna.....	45
3.7 Greining gagna.....	46
3.8 Réttmæti og áreiðanleiki	47
3.9 Leyfi.....	48
4. Niðurstöður	49
4.1 Nám við hæfi í grunnskólum	49
4.2 Þegar nemendur velja sér nám er það vegna áhuga	52
4.3 Bókvitið verður í askana látið	56
4.4 Það er hluti af öllu námi að blanda saman bók-, list- og verknámi	59
4.5 Hluti af einstaklingsmiðuðu námi er að geta valið út frá áhugasviði	63
4.6 Þessi lög eru frekar sveigjanleg	65
4.7 Skólar sveitarfélaganna eru nokkurs konar samningskólar	67
4.8 Mannleg tregða og hefð	75
5. Túlkun á niðurstöðum – umræða	80
5.1 Nám við hæfi í grunnskólum	80
5.2 Þegar nemendur velja sér nám er það vegna áhuga	83
5.3 Bókvitið verður í askana látið	86
5.4 Það er hluti af öllu námi að blanda saman bók-, list- og verknámi	88
5.5 Hluti af einstaklingsmiðuðu námi er að geta valið út frá áhugasviði	91
5.6 Þessi lög eru frekar sveigjanleg	92
5.7 Skólar sveitarfélaganna eru nokkurs konar samningskólar	94
5.8 Mannleg tregða og hefð	100
5.9 Samantekt.....	102
6. Lokaorð.....	105
Fylgiskjal 1. Leyfi frá Persónuvernd	107
Heimildaskrá.....	108

1. Inngangur

1.1 Forsagan

Miklar breytingar hafa átt sér stað í íslensku skólakerfi frá 19. öld. Árið 1880 komst hreyfing á unglíngafraeðsluna. Starfsmenntun og almenn bókmenntun þróuðust hlið við hlið. Ekki var lengur unnt fyrir börn og unglínga að undirbúa sig fyrir lífsstörfín heima fyrir. Mikil gróska var í starfsmenntun frá 1875-1910 og skólar voru stofnaðir fyrir húsmæður, bændur, kennara, iðnaðarmenn, lækna og lögfræðinga, svo dæmi séu tekin. Almenn bókmenntun var fyrst og fremst veitt í barnaskólum á þessum tíma og meiri rækt var lögð við skólafræðsluna en áður. Á árunum 1928-1930 komst skriður á uppbyggingu unglíngastígsins og lög voru sett um gagnfræðaskóla, héraðsskóla og menntaskóla. Með fræðslulögum árið 1946 var gerð tilraun til að flétta saman bóknámi og verknámi í almenna skólakerfinu. Gagnfræðaskólum var ekki ætlað að veita neins konar starfsréttindi þótt þeir ættu að veita almennan undirbúning undir ýmis störf. Þeir áttu að sinna skyldunáminu í unglíngadeildunum og undirbúningi fyrir menntaskólana annars vegar (bóknámsdeildirnar) og starfsnámskólana (verknámsdeildirnar) hins vegar. Árið 1974 var gagnfræðastígið felld inn í grunnskólana með lögum þannig að miðskólastígið var að fullu samræmt með því að fella það inn í almennan grunnskóla (Jón Torfi Jónasson, 1992, bls. 175-184). Aðalnámskrá grunnskóla tók gildi árið 1976 og lýsti hún markmiði skólastarfsins. Nokkrar endurgerðar aðalnámskrár grunnskóla hafa komið út síðan.

„Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 8)“. Höfundur starfaði sem grunnskólakennari í sex ár, og þá aðallega í unglíngadeild. Reynslan af vinnu með unglíngum var fyrst og fremst kveikjan að þessari rannsókn. Hún sýndi að bóknám á misvel við nemendur, óháð bóknámshæfileikum þeirra. Höfundur telur námsframboð vera of einhæft þar sem það er að mestu bóknám. Mikilvægt er að breyta samsetningu náms í grunnskólum og gera list- og verknámsgreinum hærra undir höfði. Lítið er um verklega kennslu á grunnskólastígi og því fer ekki fram nægjanleg kynning á kostum

starfsnáms. Að mati höfundar ríkir jafnrétti til náms ekki í skólakerfinu nú til dags og þá sérstaklega þegar litið er til grunnskólanna. Í nýjum lögum um grunnskóla 91/2008 er ákvæði í 24. gr. laga. Þar kemur fram að ráðherra eigi að setja grunnskólanum aðalnámskrá og að í henni skuli vera áhersla á jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms. Ef bóknámsáhugi nemanda er lítill standa honum til boða sérúrræði og tengjast þau oft verklegu námi, burtséð frá áhuga nemandans sjálfs. Í námi höfundar við Háskólann á Akureyri kom í ljós að sams konar umræða hefur átt sér stað víða í samfélaginu. Háskólanemar velta því oft fyrir sér hvernig hægt sé að koma til móts við þarfir nemenda á þeirra forsendum en ekki skólans. Höfundur vill finna nýja og róttæka leið til að bregðast við þessari þörf. Með því að hafa val fyrir nemendur í bók-, list- og verknámi á unglingastigi er þörfum hvers og eins mætt að hans mati. Því ekki að leyfa nemendum að flokka sig sjálfir út frá eigin áhugasviði?

Höfundur taldi mikilvægt að skoða hér sögulegt yfirlit grunnskólans síðustu 150 árin og skoða hvernig fræðslulöggjöfin hefur breyst í gegnum tíðina. Að mati höfundar hafa áherslur á vægi list- og verknáms verið of litlar og skólastefnan verið á villigötum hvað varðar starfsnámið. Höfundur verksins hefur lengi langað að fá vitneskju um það hvers vegna bóknám hefur þróast á kostnað list- og verknáms og af hverju oft er litið á bóknám sem betra nám en list- og verknám en það hefur verið upplifun höfundar í gegnum tíðina.

Samningsskólar (*charter schools*) eru fyrirkomulag við stofnun og rekstur opinberra almenningskóla; þeir mega ekki innheimta skólagjöld. Samningsskólar þurfa að vera öllum opnir og verða að sýna fram á að þeir nái settum markmiðum um námsárangur (Börkur Hansen, 2002, bls. 253). Þeir eru skapaðir af hópi fólks í samfélaginu eins og fræðimönnum, kennurum og foreldrum. Samningsskólar eru tilbúnir að mæta þörfum einstaklingsins og eru hannaðir með það að markmiði að nemendur nái hámarks árangri og uppfylli þarfir samfélagsins. Megintilgangur samningsskóla er að tryggja að hvert barn hafi aðgang að gæðamenntun en það er í höndum hvers skóla að útbúa sína eigin skólanámskrá og að foreldrar hafi valfrelsi þegar kemur að því að velja skóla fyrir barnið sitt (Brouillette, 2002, bls. 3-5).

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort hægt sé að hafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglingastigi grunnskólans út frá forsendum samningsskóla sem býður upp á val í bók-, list- og verknámi og hvort unnt sé að laga hugmyndafræði samningsskóla að aðstæðum í íslensku skólakerfi út frá Aðalnámskrá grunnskóla, lögum um grunnskóla og reglugerðum.

Það að velja sér list- eða verknám á ekki eingöngu að vera valkostur fyrir nemendur sem koma illa út úr bóknámi heldur á það að vera spennandi kostur fyrir alla. List- og verknámið þarf að vera þannig uppbyggt að nemandi geti valið á milli nokkurra iðngreina og starfsnámsbrauta. Í mörgum grunnskólum hefur nemendum staðið til boða að fara í bóklegt fjarnám í einingabærum valfögum í framhaldsskólum. Annað er uppi á teningnum þegar kemur að verklegum greinum. Ekki hefur verið mikið um einingabær valfög fyrir nemendur í grunnskóla í verklegum greinum framhaldsskóla.

1.2 Rannsóknarspurningar

Hér á eftir fer meginspurningin sem liggur til grundvallar rannsókninni:

Hvaða möguleikar eru á að viðhafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi í grunnskóla?

Til viðbótar var leitað svara við undirspurningunum:

- a. Hvernig er hægt að koma við vali á milli bók-, list- og verknáms innan ramma núgildandi laga um grunnskóla?*
- b. Hvaða kosti hafa samningsskólar til að bjóða upp á val í bók-, list- og verknámi á unglíngastigi?*
- c. Hvernig henta samningsskólar íslenskum grunnskólum og sveitarfélögum?*

Þegar rannsóknaráætlunin var gerð árið 2007 voru í gildi lög um grunnskóla nr. 66/1995 en á meðan á rannsókninni stóð tóku ný lög um grunnskóla gildi nr. 91/2008.

1.3 Rannsóknaraðferð

Til að leita svara við rannsóknarspurningunni varð fyrir valinu eigindleg rannsóknaraðferð og rannsóknarsnið var sótt til tilviksrannsókna (*case study*). Viðtöl voru tekin við níu einstaklinga sem allir höfðu reynslu, skoðanir og faglega þekkingu á íslensku skólakerfi. Viðtölin voru tekin upp, rituð frá orði til orðs eftir stafrænu upptökutæki og síðan afrituð inn á tölvu. Því næst fór fram greining gagna.

1.4 Gildi rannsóknarinnar

Gildi rannsóknarinnar felst einkum í því að kanna hvort hægt er að hafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi grunnskólans. Einnig hvort unnt sé að laga hugmyndafræði samningsskóla að aðstæðum í íslensku skólakerfi út frá Aðalnámskrá grunnskóla, lögum um grunnskóla og reglugerðum. Hugmyndafræði samningsskóla

felst í því að skólinn getur notað eigin skólanámskrá, farið óhefðbundnar leiðir í skólafarfi og hægt sé að velja á milli mismunandi skólagerða. Með rannsókninni vill höfundur öðlast rökstuddan skilning á gildi bók-, list- og verknáms á unglingsstigi grunnskóla og finna lausnir og aðferðir sem henta betur og þjóna hverjum einstaklingi fyrir sig.

1.5 Skilgreiningar á hugtökum

Í þessu verki eru hugtök notuð sem hér segir: Verknám getur átt við almenn heimilisstörf, verslunarstörf, sjómennsku og ýmis önnur störf sem ekki krefjast tilskilinna starfsréttinda. Verknám getur einnig átt við um húsasmiði, málara, stýrimenn, vélstjóra, matreiðslumenn og önnur störf sem krefjast starfsréttinda. Verknám er ýmist notað um verklegan hluta starfsnáms eða verklega þætti í almennu námi (Menntamálaráðuneytið, 1994, bls. 115).

Verkmenntun er samheiti yfir allt nám þar sem verklegur þáttur er afgerandi og vísar hún einnig til hins almenna þáttar námsins (Gestur Guðmundsson, 1993, bls. 9).

Starfsmenntun er menntun sem leiðir af starfsmiðuðu námi sem getur verið hugsað sem undirbúningur fyrir ákveðið starf eða starfssvið. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi er allt iðnnám, þ.e. nám í löggiltum iðngreinum, svo sem nám málara eða múrara og annað starfsmiðað nám, t.d. nám sjúkraliða (Gerður G. Óskarsdóttir 2000, bls. 38-39).

Starfsnám er allt nám sem miðar að undirbúningi fyrir tiltekin störf á vinnumarkaði, hvort sem það er bóklegt eða verklegt og hvort sem það veitir formleg réttindi eða ekki (Gestur Guðmundsson, 1993, bls. 9).

Bóknám er nám í öllum bóklegum greinum. Það er að finna í öllum grunn-, framhalds- og háskólum á Íslandi. Hefðbundin leið í bóknámi er samræmd grunnskólapróf, stúdentspróf og háskólapróf.

Listnám er nám í myndmennt, tónmennt og leiklist. Nemendur eiga að ná að beita ákveðinni tækni til þess að skapa sjálfir, ýta undir frumleika, túlka tilfinningar sínar og viðhorf í myndlist, tónlist o.s.frv. Þeir læri að meta listir og upplifa þær (Menntamálaráðuneytið, 1994, bls. 37).

Valgreinar er að finna í efstu bekkjum grunnskólans, 8., 9. og 10. bekk. Nemendum er gefinn kostur á að velja námsgreinar og leggja stund á og eru þær hluti af skyldunámi (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 14).

Kjarnagrein er íslenska, stærðfræði og enska (Menntamálaráðuneytið, 1994, bls. 114).

1.6 Uppbygging ritgerðar

Annar kafli ritgerðarinnar er um þróun bóknáms og verknáms í íslensku skólakerfi frá 19. öld til dagsins í dag. Fræðslulögin eru tekin fyrir, verknám og bóknám í gagnfræðaskóla, aðalnámskrár grunnskóla, hvernig verknámið hefur færst inn í framhaldsskólana og staða list- og verkgreina í íslensku skólakerfi á 21. öldinni er skoðuð. Breytingar á lögum og reglugerðum sjálfstætt rekinna grunnskóla eru bornar saman. Hugmyndafræði samningsskóla (*charter school*) í Bandaríkjunum er lýst, kostir og gallar þeirra metnir og sagt stuttlega frá fyrsta samningsskóla á Íslandi.

Í þriðja kafla er rannsóknaraðferðinni lýst og hugmyndafræði eigindlegra rannsóknaraðferða, sagt frá hvernig viðtölin fóru fram, gagnaöflun, val á þátttakendum og framkvæmd rannsóknarinnar. Réttmæti og áreiðanleiki rannsóknarinnar eru kynnt, greining gagna útlistuð og að lokum er getið um hvernig leyfi þarf fyrir rannsókninni.

Í fjórða kafla eru niðurstöður rannsóknarinnar raktar. Kaflinn skiptist í eftirfarandi átta yfirþemu, sem urðu til út frá greiningarlíkönum viðtalanna; nám við hæfi í grunnskólum, þegar nemendur velja sér nám er það vegna áhuga, bókvitið verður í askana látið, það er hluti af öllu námi að blanda saman bók-, list- og verknámi, hluti af einstaklingsmiðuðu námi er að geta valið út frá áhugasviði, þessi lög eru frekar sveigjanleg, skólar sveitarfélaganna eru nokkurs konar samningsskólar og að lokum mannleg tregða og hefð. Orð frá viðmælendum eru fléttuð inn í frásögnina og þannig dregin upp reynsla og fagleg þekking viðmælenda.

Í fimmta kafla er umræða um niðurstöður rannsóknarinnar og þær settar í fræðilegt samhengi. Þar er einnig leitast við að svara rannsóknarspurningunum.

Í sjötta kafla er fjallað um rannsóknina og þær hugmyndir sem kviknuðu við vinnu hennar um áframhaldandi rannsóknir.

2. Fræðileg umfjöllun

2.1 Þróun bóknáms og verknáms í íslensku skólakerfi

Í þessum kafla er fjallað á fræðilegan hátt um þróun menntunar frá 1880 til dagsins í dag. Sagt er frá hvernig grunnmenntunarkerfið hefur þróast í stórum dráttum á Íslandi. Fjallað er um fræðslulöggjöfina frá árunum 1907 og 1946. Lögð er áhersla á þróun verknáms og bóknáms og hvaða áhrif hún hafði á íslenskt skólakerfi. Aðalnámskrá grunnskóla 1976, 1989 og Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, 1999 og 2006 eru skoðaðar með hliðsjón af því hvernig verknámið er fellt inn í þær. Einnig er lítillega fjallað um hugmyndafræði einstaklingsmiðaðs náms. Tilgangur hins sögulega yfirlits er að sýna hversu erfitt uppdráttar verknám í skóla hefur átt. Einnig verður fjallað um hugmyndafræði einkaskóla, hugmyndafræði samningsskóla (*charter school*) í Bandaríkjunum og lítillega um einkaskóla á Íslandi. Lög um grunnskóla og leikskóla eru reifuð og þá út frá því sjónarmiði þegar koma á sjálfstætt reknur skólum á laggirnar.

2.1.1 Alþýðufræðsla á 19. og 20. öld

Á Íslandi fyrir 1880 höfðu börn fengið uppfræðslu á heimilum sínum. Prestar höfðu litið eftir því að þeim væri kennt að lesa og undirbjuggu þau fyrir fermingu. Heimilin báru ábyrgð á skyldufræðslu barnanna. Víða tóku menn sig saman og stofnuðu skóla sem ekki voru margir fyrir. Elsti barnaskólinn sem enn er starfræktur er Barnaskólinn á Eyrarbakka en hann var stofnaður árið 1852 (Ingólfur Á. Jóhannesson, 1984, bls. 5).

Örar breytingar á fræðslumálum urðu eftir 1880. Á Alþingi 1887 voru lögð fram þrjú frumvörp sem snertu alþýðufræðsluna. Fyrsta frumvarpið var um menntun alþýðu og gert var ráð fyrir að unglingar um fermingaráldur hefðu lært lestur, skrift, reikning, biblíusögur og kverið. Héraðsskólar skyldu stofnaðir fyrir eitt eða fleiri sýslufélög. Annað frumvarpið var um fræðslu ungmenna og snerist um að 14 ára unglingar skyldu hafa lært helstu reglur í íslenskri réttitun fyrir fermingu, ásamt því að hafa næga kunnátta í skrift og reikningi. Þriðja frumvarpið var um unglíngakennslu og landsjóður átti að leggja fram 20 þúsund krónur árlega til að styrkja almenna unglíngufræðslu í landinu. Landshöfðingi átti að skipta fénu á milli sveitarfélaganna

eftir fólksfjölda. Frumvörpin náðu ekki fram að ganga á þessum árum en kjarni þeirra skaut upp kollinum í nýjum frumvörpum (Gunnar M. Magnúss, 1939, bls. 7-8).

Á tímabilinu 1874-1904 var lagður grunnur að síðari lagasetningu og var greinilegt að alþingismenn höfðu áhuga á að bæta úr misrétti og auka fræðslu almennt þótt sumir vildu fara hægt í sakirnar (Ingólfur Á. Jóhannesson, 1984, bls. 6).

2.1.2 Fræðslulögin 1907

Árið 1901 veitt Alþingi Guðmundi Finnbogasyni tveggja ára styrk til að kynna sér uppeldis- og menntamál erlendis og varð hlutskipti hans að leggja fram tillögur að alþýðufræðslunni í kjölfarið (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 9-20).

Árið 1907 var formlega komið á lögum um fræðslu barna og voru þetta fyrstu fræðslulögin sem kváðu á um skólaskyldu barna. Lögin skilgreindu fræðsluskyldu barna þannig að börn yngri en 10 ára áttu að fá heimakennslu en öll börn 10 til 14 ára skyldu sækja skóla eða fjarkennslu. Börnin áttu að vera orðin læs og skrifandi 10 ára. Námsgreinar voru: lestur, skrift, móðurmál, reikningur, landafræði, ljóð, náttúrufræði, kristinfræði og Íslandssaga (Ingólfur Á. Jóhannesson, 1984, bls. 6).

Guðmundur Finnbogason taldi teikningu og handavinnu mikilvægar kennslugreinar innan skólans. Hann taldi að allir gætu lært að teikna líkt og að skrifa. Með teikningu væri verið að efla og glæða athyglina og skynjunin yrði skýrari og því ætti hún að vera skyldunámsgrein í hverjum skóla. Einnig taldi Guðmundur Finnbogason mikilvægt að nemandi lærði að nota skynfæri, hug og hönd í sameiningu. Þannig gæti nemandinn lært að vinna með athygli, umhugsun og nákvæmni og myndi þá læra að nota vitið til að stýra hendinni, hann fengi verksvit. Skólaiðnað ætti að kenna í öllum menntaskólum og ætti hann að vera jafn menntandi fyrir konur sem karla því hann legði grundvöll undir heimilisiðnaðinn (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 95-104; Rósa Kristín Júlíusdóttir, 2005, bls. 123).

Foreldrar voru skyldugir til að senda börnin í skóla og átti skólavistin að vera í það minnsta sex mánuðir á ári. Í fræðsluhéruðum var gert ráð fyrir farkennslu eða eftirliti með heimilisfræðslu. Þar var tilskilið að í farkennslu fengi hvert barn a.m.k. tvo mánuði á ári í kennslu. Undanþága var veitt frá farkennslu ef fullnægjandi kennsla var heima fyrir og undir eftirliti (Gunnar M. Magnúss, 1939, bls. 129-130). Það má segja að aðdragandi fræðslulaganna frá 1907 sé í rauninni allt viðreisnarstarfið, sem unnið var á 19. öldinni (Gunnar M. Magnúss, 1939, bls. 7-8).

2.1.3 Skólaskyldan lengist á árunum 1920-1940

Sú staða var komin upp að fjögurra ára barnaskóli þótti ekki duga lengur enda hafði framhaldsmenntun unglunga aukist og því var heimiluð lækkun skólaskyldaldurs í þéttbýli um tvö ár árið 1926 (Ingólfur Á. Jóhannesson, 1984, bls. 42). Þessi lög leystu af hólmi fræðslulögin frá 1907 og helstu breytingar voru að reynt var að draga úr mismun á barnafræðslu eftir því hvort um var að ræða farskóla eða fasta skóla. Árið 1929 voru samþykkt lög um héraðsskóla og 1930 um gagnfræðaskóla í kaupstöðum. Fyrsta námskráin fyrir barnaskóla kom út með lögum árið 1929 og var ætlað að samræma kröfur og mat á fræðslu, efla eftirlit og aðhald (Loftur Guttormsson, 1992, bls. 214). Fyrstu samræmdu prófin voru lögð fyrir árið 1929 í öllum barnaskólum landsins á vegum skólaráðs og Fræðslumálaskrifstofunnar (Ólafur J. Proppé, 1999, bls. 68). Lög um fræðslu barna voru endurskoðuð 1936. Heimavistarskólum fór fjölgandi og farskólum fækkandi. Bilið breikkaði á milli farskóla og fastra skóla. Lögin gerðu nú ráð fyrir að öll börn frá 7 til 14 ára væru skólaskyld (Sigurður Thorlacius, 1937, bls. 167).

2.2 Undirbúningur fræðslulöggjafarinnar 1946

Hinn 30. júní 1943 var skipuð af Alþingi millipinganefnd til að undirbúa nýja fræðslulöggjöf. Nefndin var skipuð mönnum sem voru vel að sér um skólamál og höfðu mikla reynslu. Nefndin samdi sjö frumvörp um skólamál árið 1945 og voru þau lögð fram á Alþingi. Þessi frumvörp voru: 1. *Um skólakerfi og fræðsluskyldu*, 2. *Um fræðslu barna*, 3. *Um gagnfræðaskóla*, 4. *Um menntamál*, 5. *Um húsmæðrafræðslu*, 6. *Um menntun kennara* og 7. *Um æfinga- og tilraunaskóla*. Tvö síðasttöldu frumvörpin voru ekki samþykkt. Árið 1946 tók ný fræðslulöggjöf gildi. Skólakerfið var stokkað upp og skólaskyldan var lengd um eitt ár og var nú frá 7 til 15 ára. Skólakerfið varð í fyrsta skipti samfellt þar sem hvert skólastigið tók við af öðru (Ingólfur Á. Jóhannesson, 1984, bls. 61-63).

2.2.1 Lög um skólakerfi og fræðsluskyldu

Í lögnum kom fram að allir skólar sem voru kostaðir eða styrktir af almannafé áttu að mynda samfellt skólakerfi. Skólakerfið skiptist í barnafræðslustig, gagnfræðastig, menntaskólastig, sérskólastig og háskólastig.

Á barnafræðslustigi áttu að vera barnaskólar fyrir börn á aldrinum 7 til 13 ára og lauk barnafræðslunni með barnaprófi. Á gagnfræðastiginu voru unglingskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar og tóku þeir við að loknu barnaprófinu.

Gagnfræðaskólar greindust í tvenns konar deildir, bóknámsdeild og verknámsdeild. Unglingaskólarnir voru tveggja ára skólar og jafngiltu námi í tveimur neðstu bekkjum gagnfræðaskóla og lauk námi þar með unglingsprófi, sem veitti rétt til framhaldsnáms í miðskólum og gagnfræðaskólum. Miðskólarnir voru þriggja ára skólar og jafngiltu námi í þremur neðstu bekkjum gagnfræðaskóla og lauk með landsprófi og miðskólaprófi, sem veitti rétt til inngöngu í sérskóla og menntaskóla.

Gagnfræðaskólar voru fjögurra ára skólar í kaupstöðum en tveggja ára í sveitum. Skólarnir veittu fræðslu að loknu unglingsprófi. Þegar nemendur höfðu lokið unglingsprófi frá unglingskóla þá lauk skyldunámi í þeim skólahverfum þar sem skyldunámið náði til 15 ára aldurs. Unglingsprófið veitti nemendum rétt til framhaldsnáms í miðskólum eða gagnfræðaskólum (Helgi Skúli Kjartansson, 2008, bls. 32). Burtfararpróf úr gagnfræðaskóla var gagnfræðapróf sem veitti rétt til náms í sérskólum. Á menntaskóla- og sérskólastigi áttu menntaskólar að vera fjögurra ára skólar og greinast í deildir eftir því sem þörf var á. Burtfararpróf þaðan var stúdentspróf og veitti rétt til háskólanáms. Háskólastigið greindist í eins margar deildir og þörf var á innan háskólans (Gunnar M. Magnúss, 1946, bls. 30).

2.2.2 Lög um fræðslu barna

Það kom fram í fræðslulögum að barnaskólar skyldu leitast við að haga störfum í samræmi við eðli og þarfir nemenda sinna og aðstoða þá við að öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur; stuðla að hollri hreyfingu og veita nemendum tilsögn í lögskipuðum námsgreinum, eftir þroska hvers og eins. Skyld var að halda barnaskóla í öllum skólahverfum landsins fyrir börn á aldrinum 7 til 13 ára. Heimilisfaðir skólaskylds barns bar ábyrgð á að það hlyti lögmælt fræðslu. Hægt var að fá undanþágur frá almennum barnaskóla og voru þær margvíslegar (Gunnar M. Magnúss, 1946, bls. 50; Lög um fræðslu barna nr. 59/1907).

2.2.3 Lög um gagnfræðaskóla

Samkvæmt lögum var gagnfræðastigið annað stig skólakerfisins og tengdi það saman barnaskólann annars vegar og sérskóla og menntaskóla hins vegar. Segja má að gagnfræðastigið hafi verið millistig og undanfari fyrir menntaskóla og skiptist það í unglingskóla, miðskóla og gagnfræðaskóla sem skiptust í bóknámsdeild og verknámsdeild. Skólarnir voru eingöngu ætlaðir unglingum á aldrinum 13 til 17 ára.

Í lögum um gagnfræðanám kom fram að skylt væri hverju barni sem lokið hefði barnaprófi að hefja gagnfræðanám og að skyldunámi lyki með unglingsprófi á því ári

sem nemandinn varð 15 ára. Tilgangur gagnfræðanámsins var að efla andlegan og líkamlegan þroska unglunga og veita þeim lögboðna fræðslu. Landsprófið veitti rétt til framhaldsnáms í ýmsum sérskólum og menntaskólum. Gagnfræðaskólar voru fjögurra ára skólar og lauk þeim með gagnfræðaprófi.

Gagnfræðaskólarnir greindust í tvær hliðstæðar deildir, verknámsdeild og bóknámsdeild, og þurfti barnapróf til að fá inngöngu í hvora deild fyrir sig.

Nemendur í verknámsdeild áttu að verja helmingi námstímans til verknáms, að öðru leyti skyldi tímanum varið til bóknáms. Leitast var við að haga verknámi eftir þörfum og hæfileikum hvers nemanda. Í bóknámsdeild var þremur fjórðu hlutum námstímans varið til bóknáms en einum fjórða til verknáms.

Eins og áður hefur fram komið veitti barnaprófið rétt til inngöngu í báðar deildir gagnfræðaskólans en þó var krafist ákveðinnar prófseinkunnar til þess að fá inngöngu í bóknámsdeild. Ástæðan var sú að hún miðaði námsefni sitt að verulegu leyti við undirbúning til framhaldsnáms í menntaskólum. Ekki þurfti ákveðna prófseinkunn til að komast í verknámsdeildina og var hún því öllum opinn eftir að nemendur höfðu lokið barnaskóla. Verknáminu var hagað eftir hæfni hvers nemanda og hvaða atvinnu líklegast væri að hann myndi stunda. Talið var að ef vel tækist til með verknámskennslu gæti hún veitt þroska og menningu líkt og bóknám. Verknámsdeildin átti því ekki að skipa óvirðulegri sess í skólakerfinu en bóknámsdeildin og talið var að líklega veitti hún víðtækari réttindi að námi loknu. Hægt var að fara á milli deilda en þá eingöngu í samráði við kennara (Gunnar M. Magnúss, 1946, bls. 80-98).

Í löggjöfinni voru ákvæði um aukið verknám en þau voru komin til vegna þess álits skólamanna, að það væri óeðlilegt að öllum hentaði bóknám. Jafnframt var það svar við aukinni aðsókn unglunga allra stétta í skóla. Ætlunin var að setja síðar ákvæði í lög sérskólanna þar sem yfirleitt yrði krafist prófs úr verknámsdeild. Námið í verknámsdeildinni veitti þó engin formleg réttindi önnur en styttingu námstíma í iðnskóla (Ingólfur Á. Jóhannesson, 1984, bls. 65).

Alþingi setti árið 1955 sérstök lög um iðnskóla og eru þau fyrsti lagabálkurinn hérlendur sem fjallar einungis um þá tegund skóla. Menntamálaráðherra gat heimilað að iðnskóli væri deild innan gagnfræðaskóla ef iðnnemar væru færri en sextíu. Lögin sem voru sett á Alþingi 1955 felldu iðnskólana inni í menntakerfi landsins og veittu öllum sem luku skyldunámi rétt til náms við iðnskóla (Lýður Björnsson, 2006, bls. 54-55).

2.2.4 Lög um menntamál

Menntaskólarnir voru tveir, annar í Reykjavík og hinn á Akureyri. Markmiðið var að þriðji skólinn yrði stofnaður í sveit þegar fé yrði veitt úr ríkissjóði. Markmið menntaskólanna var að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám. Skólarnir voru jafnt fyrir pílta og stúlkur (Gunnar M. Magnúss, 1946, bls. 105-106).

2.2.5 Lög um húsmæðrafræðslu

Markmið húsmæðraskóla var að veita konum nauðsynlegan undirbúning undir venjuleg heimilisstörf, heimilisstjórn og barnaupveldi. Skólarnir skyldu vera ein ársdeild og starfa í að minnsta kosti níu mánuði. Inntökuskilyrðin í húsmæðraskólann voru að nemandi væri 17 ára fyrir næstu áramót, væri óspilltur að siðferði, hefði engan næman sjúkdóm og hefði lokið skyldunámi (Gunnar M. Magnúss, 1946, bls. 111-114).

Íslenskar konur fóru að sýna húsmæðrafræðslu í landinu aukinn áhuga í upphafi þriðja áratugarins. Á hinum Norðurlöndunum voru húsmæðraskólar teknir til starfa og fóru íslenskar konur í auknum mæli utan til náms. Mörgum fannst tímabært að Íslendingar eignuðust sinn eigin húsmæðraskóla. Árið 1923 var Kvennaskólanum á Blönduósi breytt í húsmæðraskóla. Verklek kennsla var tekin upp og bóklegar greinar voru að mestu felldar niður. Þessi breyting varð vinsæl og í framhaldi af því voru húsmæðraskólar stofnaðir víðar í landinu. Árið 1931 var búið að stofna húsmæðraskóla í öllum landshlutum nema í Reykjavík. Viðhorf bændasamfélagsins voru ríkjandi á Alþingi og stjórnámamenn voru ekki á því að láta höfuðstaðnum mikið í té þó svo að reykvískar konur sýndu húsmæðraskólunum mikinn áhuga. Það var ekki fyrr en 7. febrúar 1942 að Húsmæðraskóli Reykjavíkur var settur í fyrsta sinn eftir langa baráttu kvenna (Eyrún Ingadóttir, 1992, bls. 20-38).

2.2.6 Áhrif fræðslulöggjafarinnar 1946 á íslenskt skólakerfi

Með fræðslulögum árið 1946 var reynt að búa til heilsteypt skólakerfi með sérstökum lögum um kerfið og frekar ítarlegri skilgreiningu á barna-, gagnfræða- og menntaskólastigi. Verknám var skilgreint sem ein útgáfa af almennri menntun en ekki sem starfsnám. Sambúð verknáms og almenns bóknáms benti til þess að verklegu þættirnir og jafnvel starfsnámið ættu undir högg að sækja. Verknámið var vanmáttug tilraun til þess að brjótast út úr bóknámsfarveginum (Jón Torfi Jónasson, 1992, bls. 175-184). Matthías Jónasson benti á að verknámsdeildir mættu ekki verða annars

flokks bóknámsdeildir heldur mikilvægar og eftirsóknarverðar brautir sem hefðu skýran og metnaðarfullan tilgang sem réði skipulagi þeirra (1949, bls. 19). Litið hafði verið niður á líkamleg störf sem eins konar óhjákvæmilegt strit sem á engan hátt væri menntandi (Matthías Jónasson, 1949, bls. 5).

Ekki hefur verið athugað hvort það er gott eða slæmt að almennt bóknám ráði sífellt meiru innan grunnskólans og framhaldsskólans. Bóknámsbrautum hefur fjölgað þannig að þær eru að verða alls ráðandi í íslensku menntakerfi (Jón Torfi Jónasson, 1992, bls. 186-188; Jón Torfi Jónasson, 2008, bls. 163-164). Talið er að starfsnám hafi ávallt verið undir hæl almenna bóknámsins og álitur Jón Torfi Jónasson að þegar lögin um gagnfræðanám voru sett árið 1946 hafi verið gert ráð fyrir tveimur brautum, bóknáms- og verknámsbraut. En eini munurinn á brautunum fólst í vali á ólíkum bóknámsgreinum. Þó svo að stöðugt hafi verið reynt að efla verk- og starfsmenntun laut hún í lægra haldi fyrir bóknámi. Stundum er því haldið fram að við mótun menntakerfisins eigi að taka tillit til atvinnulífsins. Jón Torfi er ekki sammála því og telur að þeir sem gera háværustu kröfurnar um að tekið sé mið af þörfum atvinnulífs séu ef til vill verstu óvinir eðlilegrar þróunar menntakerfisins (Jón Torfi Jónasson, 1995, bls. 277-279).

2.3 Verknám eða landspróf í gagnfræðaskóla

Hér verður gerður greinarmunur á verknámi og landsprófi í gagnfræðaskóla, hverjir helstu þættir verknámsins og landprófsins voru og hvernig til tókst.

2.3.1 Verknám

Verknámsdeildin var þannig uppbyggð, að verja átti allt að helmingi námstímans til verknáms. Allmiklar vonir voru bundnar við verknámsdeildina af millipingamönnum í skólamálam og síðan ýmsum merkum skólamönnum. Þar kom fram að haga þyrfti verknáminu eftir hæfni hvers nemanda og með hliðsjón af því hvaða atvinna yrði líklega fyrir valinu hjá viðkomandi. Verknámsdeildin átti ekki að skipa óvirðulegri sess í skólakerfinu en bóknámsdeild. Talið var að verknámsdeild veitti víðtækari réttindi að námi loknu og þegar lög sérskólanna yrðu endurskoðuð myndu þeir flestir fremur krefjast prófs frá verknámsdeild en bóknámsdeild. Alþingi samþykkti þetta nýmæli óbreytt þ.e. stofnun nýrrar deildar í skylduskólum landsins. Ljóst var að millipinganefnd gerði sér grein fyrir því að verknámsdeildin myndi hafa aukin útgjöld í för með sér. Greinilegt var að menn álitu á þessum tíma að verknámsdeildin væri verulegt spor í þróunarátt í skólamálam þjóðarinnar. Matthías Jónasson var þeirrar

skoðunar að ákvæðin um verknámsdeild væru verulegt framfaraspor í íslenskri fræðslulöggjöf og ef rétt væri á málum haldið myndi deildin marka farsæl tímamót í skólasögu landsins (Matthías Jónasson, 1949, bls. 1-6).

Verkleg þekking hafði aukist og trú manna á menntagildi hennar fór vaxandi og taldi Matthías Jónasson að á þessum tíma hafi verkleg menning verið í miklum blóma í löndum eins og Englandi, Svíþjóð, Bandaríkjunum og Þýskalandi. Í raun var menntagildi verklegs náms löngu viðurkennt. Talið var að það sem skipti mestu máli uppeldisfræðilega væri að viðfangsefni námsins væru við hæfi nemandans og næðu að vekja áhuga hans. Því fjölbreyttara nám sem væri í boði, því meiri líkur á að nemandinn fyndi það nám sem veitti honum mestan þroska. Bóknámið væri of einhæft til að vera skyldunám allra nemenda gagnfræðaskólanna. Alltof margir vel gefnir unglingar hefðu meiri áhuga á verklegu námi en bóklegu námi og væri nóg að þeir hefðu um sex ára skeið stundað bóknám sem aðalviðfangsefni í barnaskóla. Matthías Jónasson var sannfærður um að treggáfaðir nemendur, sem ekki gengi vel í bóklegu námi, myndu eiga auðveldara með að læra að skrifa, lesa og reikna ef þeir fengju að hafa að aðalstarfi þau hagnýtu viðfangsefni sem þeim léti best. Hann taldi að í verknámsdeild ætti aðalnámið að vera verknám og ekki ætti að beina duglegum nemendum þeirrar deildar að auknu bóknámi á kostnað verknámsins. Einnig að mikilvægt væri að stofnaður yrði verknámsskóli í stað þess að hafa verknámsdeildir því þá myndi manndómur þeirra vaxa, sjálfstraust þeirra styrkjast og aukinn áhugi hefði jákvæð áhrif á námsgetu þeirra. Hann taldi það vera mikilvægt að Íslendingar legðu allt kapp á að efla verklega þáttinn innan þjóðlegrar menningar því síðustu árin hafði mikið borið á flóttu vinnuafslisins frá erfiðisstörfum til léttrar vinnu, s.s. viðskipta- og skrifstofustarfa. En þetta var ekki einungis flótti frá erfiðinu heldur frá þeim störfum sem nutu lítillar virðingar innan þjóðfélagsins (1949, bls. 1-6).

2.3.2 Landspróf

Ein umtalaðasta aðgerð í þróun íslenska skólakerfisins er landspróf miðskóla sem innleitt var með fræðslulögunum 1946. Aðaltilgangur landsprófs miðskóla var að koma á samræmi í skólakerfi landsins og að jafna rétt nemenda til náms. Landsprófið tók við af gagnfræðaprófi menntaskólanna, þ.e. prófi milli annars og þriðja bekkjar. Landspróf var próf sem var eins um allt land, það var samræmt í öllum bóklegum greinum og veitti inngöngurétt í menntaskóla og Kennaraskólann. Frá upphafi var aldrei litið á að landsprófið væri fyrir allan fjöldann heldur átti það að jafna aðstöðu

þeirra sem hugðu á langskólanám. Litið var á landsprófið sem síu og átti það að hafa erfiðisgildi þannig að miðlungs unglingur kæmist ekki inn í menntaskóla. Ekki voru allir skólamenn sáttir við landsprófið að því leyti að þeir töldu skólastarfið verða of einhæft og ófrjótt og alltof miklum undirbúningi í það varið þegar kom að því að þreyta próf. Sumir töldu að landsprófið byggðist á því hvað nemandinn hefði góða minnisþekkingu (Helgi Skúli Kjartansson, 2008, bls. 50-52). Að mati Ólafs Þ. Kristjánssonar var landsprófið þungt og takmarkaði aðgang að menntaskólum og leiddi því af sér félagslega mismunun. Eðlilegt var að kennarar sem kenndu í miðskólum legðu áherslu á þau atriði sem þeir töldu mestar líkur á að kæmu á landsprófi (1946b, bls. 128).

Jónas Jónsson frá Hriflu var einna fremstur í flokki þeirra sem sinnt höfðu menntamálum af hreinni hugsjón og eldmóði á síðustu öld. Hann taldi landsprófið hafa slæm áhrif á þróun skólakerfisins og var gagnrýni hans tvíþætt. Annars vegar taldi hann utanbókarlærdóm vera lítt menntandi. Hins vegar taldi hann kerfið draga ungt fólk frá sveitunum og atvinnulífinu inn í lærdómskerfi embættismanna (Jón Torfi Jónasson, 1998, bls. 176-177). Jónas frá Hriflu beitti sér af kappi gegn því að löggjöfin yrði sett og lét í ljós ótta við skiptingu í bóknáms- og verknámsdeildir á gagnfræðastiginu:

Talað er um að skipta öllum þessum skólanemendum á milli bóklegra og verklegra deilda og þá væntanlega með „gáfnaprófi“ þannig að í hverjum skóla myndaðist kapphlaup líkt því sem nú á sér stað við inntöku í fyrsta bekk menntaskólanna. Er fengin reynsla í þessu efni erlendis þar sem þvílík aðgreining á sér stað að foreldrar og aðrir vandamenn leggja meginstant á með aukakennslu og áróðri að forða börnum sínum frá að lenda á þann hátt í verknámsdeildinni. Aftur á móti er reynsla fengin í héraðsskólum fyrir því að þar sem námið fyrir alla er þrískipt; bóknám, verknám og íþróttir, – standa allir jafnt að vígi. Þá fá nemendur alhliða æfingu og velja sér síðan af frjálsum vilja bókfræði eða verknám, eftir því sem þykir henta.

Augljóst er að ágreiningur var á milli Jónasar og þeirra sem mótuðu stefnuna í lögunum 1946 (Ingólfur Á. Jóhannesson, 1984, bls. 68-69).

Ólafur J. Proppé benti á að landsprófið varð fljótlega eins og námskrá fyrir bæði kennara og nemendur og bestu landsprófskennararnir voru strangir og héldu sig við kennslubókina. Kennslan einkenndist af yfirheyrslum og fyrirlestrum og í mörgum

skólum fengu landsprófsnemendur einungis kennslu í greinum sem voru til landsprófs. Kennsla í list- og verkgreinum féll niður á meðan nemendur voru að undirbúa sig fyrir landsprófið. Á árunum 1946-1949 gengust færri en 10% nemenda í árgangi undir landspróf. Á sjötta áratugnum var þessi tala á milli 17% og 20% og á tímabilinu frá 1960–1970 hækkaði talan smám saman í 30% af hverjum árgangi. Á þessum tíma naut landsprófið virðingar og var eins og lítið stúdentspróf. Þó voru þessi próf aðeins hluti af skólakerfi þar sem próf skiptu miklu máli en öll þessi próf stuðluðu að verulegum stöðugleika í skólum landsins á tímabilinu frá 1950 og fram yfir 1970 (1999, bls. 81-82). Árið 1970 var slakað á kröfunni um landspróf sem inngönguskilyrði í menntaskóla og ætlast var til þess að gagnfræðingar fengju inngöngu í menntaskóla, þá fyrst í gegnum framhaldsdeildir gagnfræðaskóla. Ingólfur Á. Jóhannesson komst að þeirri niðurstöðu að landsprófið hefði náð tilgangi sínum við að rýmka aðgang að menntaskólum en verið alltof mikill áhrifavaldur á annað skólanám með því að ýta undir bóknámsdýrkun (1984, bls. 79). Ármann Halldórsson (1955, bls. 77-78) taldi landsprófið hafa bæði kosti og galla. Kosturinn var að nemendur væru tveimur til þremur árum eldri þegar þeir tækju ákvörðun um menntaskólanám. Gallar landsprófsins fólust einkum í því ófrelsi sem það lagði á kennsluna og að ráðrúm til frjálsra vinnubragða væri ekki mikið.

2.4 Aðalnámskrá grunnskóla 1976, 1989, 1999 og 2006

Í þessum kafla eru aðalnámskrár grunnskóla skoðaðar og hvernig verknámið hefur færst inn í grunnskóla sem skyldufög og valfög. Hlutverk aðalnámskrár grunnskóla er að útfæra nánar ákvæði laga og reglugerða um nám og kennslu í grunnskóla. Einnig er hún allt í senn; stjórnæki til að fylgja eftir ákvæðum laga, fyrirmæli fræðsluyfirvalda, að opinberri skólafestun sé framfylgt og einnig er hún safn sameiginlegra markmiða skólafestsins í landinu (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 10).

Á alþjóðlegri ráðstefnu UNESCO í Dakar í Senegal í apríl árið 2000 var yfirlýsingin *Menntun fyrir alla* samþykkt. Markmið yfirlýsingarinnar er í sex liðum. Fyrsta markmiðið hljóðar svo að auka skuli og bæta alla umönnun og menntun ungra barna, einkum þeirra sem verst eru á vegi stödd. Annað markmiðið gerir ráð fyrir því að árið 2015 skulu öll börn, einkum stúlkur, börn sem búa við erfiðar aðstæður og þau sem eru í þjóðernisminnihluta, hafa ókeypis aðgang að og ljúka góðri grunnskólamenntun. Í þriðja markmiðinu kemur fram að tryggja eigi að námsþörfum alls ungs fólks og fullorðinna sé mætt með jöfnu aðgengi að námi við hæfi og kennslu

í lífsleikni. Í fjórða markmiðinu kemur fram að árið 2015 skuli læsi allra fullorðinna, einkum kvenna, hafa tvöfaldast og öllum sem náð hafa fullorðinsaldri sé tryggður jafn aðgangur að grunnmenntun og símenntun. Fimmta markmiðið er áhersla á að kynjamismun sé eytt í grunn- og framhaldsskólum fyrir árið 2005, og að jafnrétti til menntunar hafi verið náð árið 2015, þá með áherslu á menntun stúlkna og jöfnum aðgangi þeirra að grunnmenntun sem stenst ákveðnar gæðakröfur. Í sjötta markmiðinu og jafnframt því síðasta skal auka gæði á öllum sviðum og tryggja að allir nái markmiðum og mælanlegum árangri, einkum á sviði læsis, stærðfræði og lífsleikni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur unnið að gerð Dakar-skýrslunnar og í henni kemur fram hvernig tókst til við að uppfylla markmiðin sem lagt var af stað með í byrjun og hvaða leiðir þurfi að fara á næstu árum til að ná settum markmiðum. Í Aðalnámskrá grunnskóla, almenna hlutanum 2006, er að finna nokkur markmið sem koma fram í Dakar-skýrslunni. Í henni kemur meðal annars fram að ekki þurfi að breyta skipulagi skólahlads á Íslandi til að ná markmiðum Dakar-yfirlýsingarinnar um gæði menntunar, því breytingarnar rúmist innan núverandi laga, reglugerða og aðalnámskráa (UNESCO, 2002, bls. 3-15). Með Dakar-stefnuna til hliðsjónar er hægt að sjá hvernig mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur fært nokkur af markmiðunum sem sett voru á ráðstefnunni inn í Aðalnámskrá grunnskóla, almenna hlutann, 2006.

Lítillaga verður fjallað um einstaklingsmiðað nám og hverjar áherslur Aðalnámskrár grunnskóla eru þar að lútandi.

2.4.1 Aðalnámskrá grunnskóla 1976

Fræðslulögin voru í gildi í tæplega þrjátíu ár, frá 1946-1973. Þá voru lög um framhaldsskóla samþykkt á Alþingi og 1974 bættust lög um grunnskóla við. Þær breytingar sem áttu sér stað þegar nýju fræðslulögin tóku við í grunnskólum árið 1974 voru að gagnfræðastigið var sameinað barnaskólastiginu. Unglingaskólinn, miðskólinn og gagnfræðaskólinn urðu einn skóli ásamt barnaskólanum. Grunnskólinn varð níu ár, skólaskylda frá 7 til 16 ára. Aðalnámskrá grunnskóla var sett á grundvelli 43. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla. Hún tók gildi haustið 1976 og lýsir markmiðum skólastarfsins bæði almennt og í einstökum greinum. Í námskránni kemur fram að foreldrar vinna oft báðir utan heimilis og að fjöldi barna þekki ekki störf foreldra sinna. Vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu þurfi skólinn að taka að sér aukið uppeldishlutverk og í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir starf í

Lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Grunnskóla lýkur með grunnskólaprófi og samræmdum prófum í helstu bóklegum greinum og gildir það sem inntökuskilyrði fyrir menntaskóla. Landsprófið var lagt niður árið 1976 en þá tóku samræmdu prófin við (Menntamálaráðuneytið 1976, bls. 6).

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla, mynd- og handmennt, var áhersla lögð á það markmið grunnskólans að gefa öllum einstaklingum tækifæri til að uppgötva og þroska þá hæfileika sem þeir búa yfir. Mynd- og handmennt var samþætt námsgrein og fól hún í sér hannyrðir, smíði, teiknun og vefnað. Áður fyrr var hvert heimili vettvangur fjölþættrar verkkunnáttu þar sem fatnaður og flestir húsmunir voru unnir og meirihluti þjóðarinnar vann verkleg störf en nú var talið að hin almenna verkkunnátta væri í hættu í vélvæddu þjóðfélagi nútímans. Því var það eitt veigamesta markmið grunnskólans að taka upp kennslu í mynd- og handmennt til að gera hvern nemanda hæfari til að taka að sér störf í þjóðfélaginu (Menntamálaráðuneytið, 1977, bls. 7).

2.4.2 Aðalnámskrá grunnskóla 1989

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 63/1974 var skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglunga á aldrinum 7 til 16 ára auk þess sem heimild var fyrir forskóla fimm og sex ára barna. Lögin kváðu á um hvaða menntun nemendur skyldu hljóta og settar voru fram kröfur um samræmda menntun einstaklinga með þarfir þeirra, þjóðfélagsins og ríkisins í huga. Aðalnámskrá grunnskóla varð stjórnþæki til að jafna aðstöðu til menntunar og samræma menntun barna og unglunga á grunnskólastigi.

Í aðalnámskránni kemur fram að ávallt er vandasamt að ákvarða vægi námsgreina hverju sinni og að allar námsgreinar byggist á bóknámi, verklegri þjálfun og listrænni túlkun en þó í mismiklum mæli. Bóknám hefur ávallt gegnt stærra hlutverki í skólastarfi en verklegir og listrænir þættir en lögð er áhersla á að jafnvægis sé gætt á milli bóknáms og verknáms í viðfangsefnum nemenda (Menntamálaráðuneytið, 1989, bls. 31). Í grunnskólalögunum er gert ráð fyrir því að val námsgreina sé frjálst að hluta í efstu bekkjum grunnskóla. Með því að bjóða fram valkosti í námi er verið að reyna að höfða til sem flestra nemenda. Það er almennt viðurkennt að valfrelsi nemenda getur haft jákvæð áhrif á námsárangur þeirra og líðan í skóla enda eru nemendur ekki jafnfærir á öllum sviðum. Talið er að það sé mikilvægt að val nemenda í grunnskóla takmarki ekki aðgang þeirra að framhaldsnámi og ákveðið val í efstu bekkjum á hvorki að vera skilyrði fyrir ákveðnu

námi í framhaldsskóla né einhliða undirbúningur fyrir afmarkað framhaldsnám (Menntamálaráðuneytið, 1989, bls. 179-180).

2.4.3 Aðalnámskrá grunnskóla 1999

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta frá 1999 samkvæmt lögum nr. 66/1995 er grunnskólinn tíu ára skóli. Gert er ráð fyrir því að nemendur hefji nám árið sem þeir verða sex ára og ljúki grunnskólanámi á því ári sem þeir verða sextán ára. Grunnskólinn er skyldunám og frá 1996 hafa sveitarfélög borið meginábyrgð á skólahaldi og framkvæmd grunnskólalaga.

Menntamálaráðherra ber skylda til þess samkvæmt lögum að sjá til þess að samræmd próf séu haldin í 4. bekk, 7. bekk og í lok 10. bekkjar. Í 4. og 7. bekk er öllum nemendum skylt að gangast undir samræmd próf en í 10. bekk eru þau valfrjáls. Þeir nemendur sem hyggja á bóknám í framhaldsskóla eiga kost á námi á málabrautum, félagsfræðibrautum eða náttúrufræðibrautum en þeir sem hyggja á starfsnám geta valið úr fjölda starfsnámsbrauta sem leiða til starfsréttinda í ýmsum starfsgreinum. Frammistaða nemenda á samræmdum prófum og einkunnir sem skólinn gefur eru inntökuskilyrði til að komast inn á tilteknar brautir. Til að geta innritast á námsbrautir í framhaldsskóla aðrar en almenna braut þarf nemandi að hafa náð tilteknum lágmarksárangri í vissum greinum (Menntamálaráðuneytið, 1999b, bls. 3-5).

Í 9. og 10. bekk er nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið og er gert ráð fyrir að einstakir skólar skipuleggi tæplega 30% heildartímans. Ástæðunum fyrir vali nemenda í 9. og 10. bekk má skipta í þrjá flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða val sem miðar að undirbúningi fyrir nám á bóknámsbrautum í framhaldsskóla. Í öðru lagi undirbúningi fyrir starfsmenntun, list- eða tækninám. Í þriðja lagi geta nemendur valið viðfangsefni sem víkkar sjóndeildarhring þeirra eða stuðlar að lífsfyllingu (Menntamálaráðuneytið, 1999b, bls. 15).

Einnig kemur fram að það er skylda hvers skóla að laga námið sem best að nemendum því þeir eiga rétt á viðfangsefni sem hentar námsgetu þeirra og hæfni (Menntamálaráðuneytið, 1999b, bls. 21).

2.4.4 Aðalnámskrá grunnskóla 2006

Ný Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, tók gildi 1. janúar 2007 en þá tók gildi breyting á lögum um grunnskóla nr. 66/1995 sem voru samþykkt á Alþingi vorið 2006. Helstu breytingarnar sem áttu sér stað eru þær að stuðla að auknu sjálfstæði

skóla, meiri sveigjanleika þegar kemur að skipulagningu í námi og kennslu, enn frekari áhersla á einstaklingsmiðaða kennslu og samfellu á milli skólastiga í námi. Ein af breytingunum sem áttu sér stað í almenna hluta Aðalnámskrár grunnskóla er að viðmiðunarstundaskráin er sett fram í mínútum í stað klukkustunda eins og áður. Einnig miðast lágmarkskennslutími á viku í hverri námsgrein við áfanga grunnskólans í stað ára. Með þessari breytingu er verið að stuðla að auknum sveigjanleika svo að skólar verði sjálfstæðari hvað varðar skipulag náms og kennslu og þannig er hægt að nálgast þarfir hvers og eins (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 4). Viðmiðunarstundaskráin segir til um vægi námsgreina innbyrðis og vikulegan lágmarkskennslutíma á einstökum námssviðum á hvern nemanda. Viðmiðunarstundaskráin gerir ráð fyrir að skólar hafi svigrúm til að skipta upp lágmarkstímum á hverju námssviði á milli ára. En það er bundið við hvert tímabil þannig að nemendur í 8. til 10. bekk geta verið að taka mismunandi námssvið; það þarf ekki að vera eins í öllum skólum (Menntamálaráðuneytið, bls. 14-15).

Helsta breytingin sem átti sér stað er að nú geta grunnskólar boðið upp á 30% val á unglingastigi í 8., 9. og 10. bekk en í Aðalnámskrá grunnskóla 1995 átti val á unglingastigi einungis við 9. og 10. bekk:

Aðalnámskrá grunnskóla skilgreinir og lýsir sameiginlegum námsmarkmiðum sem grunnskólum ber að stefna að og segir til um þann lágmarkstíma sem skólum ber að bjóða nemendum í einstökum námsgreinum og námssviðum. Sveitarfélög og skólar geta ráðstafað frjálst hluta þess lágmarkstíma sem nemendur eiga rétt á og geta auk þess boðið lengri skólatíma en lögboðið lágmark segir til um. Í 8., 9. og 10. bekk er þetta svigrúm allt að þriðjung af þeim tíma sem námskráin tiltekur. Gert er ráð fyrir að í þessum bekkjum fái nemendur tækifæri til að velja milli námsgreina og námssviða

(Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 5).

Í nýju grunnskólalögum kemur fram sú breyting að samræmd próf í 10. bekk hafa verið færð yfir á haustmisseri og verður gildi þeirra könnunarpróf en nemendum er skylt að taka þau. Þeim er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir nemendur, skóla og foreldra um námsáherslur og frekara nám (Lög um grunnskóla 91/2008).

Einnig átti sér stað sú breyting með nýrri Aðalnámskrá grunnskóla að hönnun og smíði er gefin út sem sjálfstæð námskrá. Hönnun og smíði hafði áður verið hluti af Aðalnámskrá í upplýsinga- og tæknimennt. Fram kemur í henni að í hönnun og smíði

eigi nemandinn að fá þjálfun í að móta hugmyndir í efni með þeirri verktækni og verkþekkingu sem greinin býr yfir. Fram kemur eftirfarandi í námskránni sem vert er að hafa í huga:

Í hönnunar- og handverksnámi verður nemandinn að tileinka sér ótal þekkingar- og færniþætti sem oft tengjast öðrum námsgreinum og eru grundvöllur þess að hann geti skilið eðli hönnunar og tækni og nýtt sér hana við framkvæmd hugmynda sinna. [...] Ekki verður séð að dragi úr vægi verklegra starfa í atvinnulífi þjóðarinnar í næstu framtíð. Verkfærni og skilningur, sem byggist á rótgrónum hefðum handverks, er sem fyrr undirstaða að öflugri verkmenningu. Mikilvægt er að tengja þessa hefð, strax á grunnskólastigi, við atvinnuhætti nútímans sem að stórum hluta hvíla á vélataekni, rafmagns- og rafeindataekni, notkun plastefna og fjöldaframleiðslu. [...] Atvinnulíf nútímans byggist í vaxandi mæli á þekkingu og hugmyndavinnu. Umhverfi þess er síbreytilegt vegna sífелldra nýjunga í tækni og þekkingu. [...] Hönnun og smíði í grunnskóla, þar sem unnið er markvisst að því í framvindu námsins að tengja handverkshefðina við hátækni nútímans, er hvort tveggja í senn mikilvæg tenging við verkmenntasögu þjóðarinnar og góð undirstaða að virkri þátttöku nemandans í atvinnulífi 21. aldar (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 4-6).

2.4.5 Einstaklingsmiðað nám

Einstaklingsmiðað nám gengur út á virk viðbrögð kennarans við þörfum nemandans og hvernig hann sinnir námsþörfum hans. Kennarinn þarf að vera sveigjalegur hvað varðar kennsluaðferðir, námsefni, verkefni, hópastarf þegar komið er til móts við þarfir nemandans (Tomlinson, 2000, bls. 1). Kennarinn þarf að byrja þar sem nemandinn er staddur en ekki að ganga út frá því að allir nemendur séu á sama stað. Mikilvægt er að kennarinn hugsi leiðir fyrir hvern nemenda þannig að hann nái sem bestum árangri (Tomlinson, 1999, bls. 2). Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 í 2. grein kemur fram eftirfarandi:

Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til

menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Einnig segir 24. grein laganna;

Í aðalnámskrá og við skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi.

Í öllu skólastarfi skal stuðla að heilbrigðum lífsháttum og taka mið af persónugerð, þroska, hæfileika, getu og áhugasviðum hvers og eins (Lög um grunnskóla 91/2008).

Samkvæmt þessu er skólum skylt að mennta hvern og einn nemenda og laga sig að þörfum hans og er ein leiðin að nálgast þessi ákvæði í lögnum með einstaklingsmiðuðu námi.

2.5 Verknámið færir inn í framhaldsskólann

Iðnnám, verknám eða starfsnám á sér ekki langa sögu í íslensku skólakerfi. Á síðari hluta nítjándu aldar hófst fyrst starfsmenntunarnám með fræðslu í ýmsum greinum eins og búnaðarfræði, kennarafræðum, húsmæðrafræðum og með fræðslu í ýmsum greinum iðnaðar. Skólarnir sem voru stofnaðir á árunum 1875–1910 blómstruðu langt fram yfir miðja 20. öld sem sérskólar. Fræðslulöggjöfin árið 1946 hafði þau áhrif að í fyrsta sinn var bóknám og verknám samtvinnað undir sama þaki. Árið 1970 var með tilkomu fjölbrautaskólanna enn frekar stefnt að samþættingu verknáms og bóknáms og fjöldi nýrra skóla var stofnaður um allt land. Í umræðunni var lögð áhersla á aukna starfsmenntun og nemendum fjölgaði jafnt og þétt, einkum á áttunda og níunda áratugnum, en útskrifuðum nemendum fjölgaði ekki eins mikið. Í framhaldsskólalögnum frá 1988 var eitt af þremur markmiðum íslenska framhaldsskólans að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu en þá var forræði yfir iðnnámi fært til menntamálaráðuneytisins. Þegar þessar breytingar áttu sér stað rofnuðu mikilvæg tengsl iðnnáms við faggreinarnar, iðnsveinafélögin og iðnmeistarana enda hafði engin hefð verið í bóknámsskólum fyrir þessum greinum (Þorsteinn P. Gústafsson, 1998, bls. 101). Verknámsskennarar í framhaldsskólunum fóru að bera meiri ábyrgð án þess að þeir gætu stutt sig við virka ráðgjöf starfsstéttanna eða annarra (Gestur Guðmundsson, 1993, bls. 8). Iðnmeistarar hafa helst verið það afl sem hefur lagst gegn breytingum á iðnnámsskerfinu en samt féllust þeir smám saman á að stofna verkmenntaskóla sem hafa á undanförunum árum tekið að

sér grunnþjálfun verðandi iðnaðarmanna. Ástæðan var sú að iðnmeistarar gátu ekki lengur veitt iðnnemum nægilega breiða og nútímalega þjálfun en þó hafa þeir haldið áfram verkþjálfuninni (Gestur Guðmundsson, 1989, bls. 33).

Í framhaldsskólalögunum frá 1996 kemur fram að hlutverk þeirra sé að stuðla að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Einnig á framhaldsskólinn að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám (Menntamálaráðuneytið, 1999a, bls. 13). Sú breyting sem átti sér stað með nýju framhaldsskólalögunum er að fræðsluskyldan nær til 18 ára aldurs. Í framhaldsskólanum er veitt frelsi til að þróa sérstakar námsbrautir sem byggja á sérstöðu og styrkleika þeirra þar sem bóknám og verknám er jafngilt. En ein meginbreyting framhaldsskólalaganna er að iðn- og starfsnámi er gert hærra undir höfði (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

Boðið hefur verið upp á starfsnám í framhaldsskólum sem er tveggja ára nám en aðsóknin hefur ekki verið mikil að mati Þorsteins P. Gústafssonar. Enda telur hann að ekki hafi verið nægur metnaður hjá framhaldsskólunum að gera starfsmenntunarbrotirnar eftirsóknarverðar og því hafi þeir boðið upp á brautir sem ódýrast er að starfrækja. Kostnaður við verknám hefur alltaf verið meiri en við bóknám og því hefur skapast misvægi milli bóknáms og verknáms. Skólakerfið hefur verið að breytast á þann hátt að segja má að framhaldsskólinn sé aðeins bein framlenging grunnskólans og veiti aðeins almenna grunnmenntun á bóknámsbrautum í krafti óljósrar markmiðssetningar. Starfsnámið hefur verið að færast í auknum mæli á háskólastig því áður var kennaranámið á sérskólastigi en nú er krafist stúdentsprófs til þess að stunda það eins og annað háskólanám. Viðhorf almennings í landinu er að sem flestir taki bóklegar brautir allt til stúdentsprófs sem alhliða grunnmenntun áður en valið kemur að sérhæfðu starfsnámi. Með brotthvarfi verknáms hefur ungt fólk verið að missa af þeim mikilvæga þroska sem felst í þeirri útrás að fá að vinna með höndunum, fá útrás fyrir sköpunarmáttinn og gleðjast yfir verki í formi fagurs handbragðs. Í Iðnskólanum í Reykjavík er boðið upp á starfsmenntunarbrotir og námið felst í því að gefa nemendum kost á að njóta sín í námi á öðrum sviðum en hinu bóklega og fá þannig aftur sjálfstraust sem er oft horfið – enda eru alltof mörg ungmenni sem ekki hafa náð tókum á venjulegu bóknámi í grunnskóla og eru komin í þá stöðu að verða stöðugt undir í námi (Þorsteinn P. Gústafsson, 1998, bls. 101-107). Gestur Guðmundsson telur vandann við skiptinguna í bóknám og verknám vera að ekki hafi verið farin rétt leið til samræmingar á framhaldsskólastigi því nemendur í

verknámi og bóknámi hafi þurft að taka sömu almennu áfangana. Frekar eigi kröfur í verknámi að byggja á forsendum verklegra starfa og verkmenningar, og bóknámi eigi að vera þannig háttáð að það sé miðað að þroskaferlum þeirra sem kjósa bókleg viðfangsefni fremur en verkleg (1993, bls. 13).

Með tilkomu verkmenntaskóla vonuðust menn til að viðhorf til verkmennta myndi breytast en þess í stað þróuðust þeir í hefðbundna bóknámsskóla. Segja má að skipulag og framkvæmd verknáms hafi mistekist hér á landi því einungis 8% ungmenna hefja iðnnám en um 50% í Danmörku til samanburðar. Skólakerfið hefur verið þannig uppbyggt í gegnum tíðina að góðum námsmönnum er beint frá iðnnámi í bóknám og hefur það valdið atvinnuvegunum miklum skaða (Guðbrandur Magnússon, 1993, bls. 17). Nemendur sem innritast í framhaldsskóla að loknum grunnskóla eru um 90% hér á landi og hefur mikill meirihluti þeirra nám á stúdentsprófsbrautum. Mun lægra hlutfall af nemendum innritast á starfsmenntabrautir eða stuttar bóknáms- eða starfsnámsbrautir (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000, bls. 170).

2.6 List- og verkgreinar í íslensku skólakerfi á 21. öldinni

Mikið hefur verið rætt um þörfina á nýrri gerð skóla sem er nokkurs konar millistig framhaldsskóla og háskóla þar sem fjölbreyttara nám er í boði og auknir námsmöguleikar í starfsmenntun. Mikilvægt er að námsframboð taki mið af þróun atvinnulífsins og má búast við að starfsmenntun verði áfram í höndum skóla en í vaxandi mæli í samstarfi við aðila í atvinnulífinu um starfsþjálfun (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000, bls. 11).

Í grunnskólum Hafnarfjarðar er í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk fjölgreinadeild í Lækjarskóla. Fjölgreinanámið er valkostur fyrir nemendur sem vilja auka vægi verklegra námsgreina stórlega og tengja skólagöngu sína við þátttöku í atvinnulífinu og minnka þannig vægi bóklegs náms. Námið er sniðið að getu og áhuga einstakra nemenda, námsaðferðir eru sem fjölbreyttastar og það sama gildir um námsefnið. Skoða þarf stöðu hvers nemanda til að finna hvað hentar best miðað við framtíðarsýn hans (Sveinn Alfreðsson, 2006, bls. 1-2). Árið 2006 hófst tilraunaverkefni um tveggja ára framhaldsbraut við Lækjarskóla í Hafnarfirði en það er unnið í samstarfi við Flensborgarskólann og Iðnskólann í Hafnarfirði. Brautin kallast fjölgreinabraut og er ætluð nemendum sem eiga ekki auðveldla leið inn í framhaldsskóla eftir að þeir ljúka fjölgreinadeild Lækjarskóla eða eru í svipaðri stöðu. Markmiðið er að tryggja framhaldsnám við hæfi og auka með því námsframboð fyrir

þá. Niðurstöður tilraunarverkefnisins sýna fram á að fjölgreinabrautinni hefur tekist að kveikja námsáhuga meðal nemenda og sést það best þegar þeir sækja um nám í framhaldsskólum að útskrift lokinni. Einnig kemur fram að þetta er mikilvægt úrræði fyrir viðkvæman hóp ungmenna (Ellert Borgar Þorvaldsson og Unnar Hermannsson, 2009, bls. 3-21).

Í Réttarholtsskóla er í boði fjölnámsdeild fyrir nemendur víðsvegar að úr Reykjavík. Deildin er fyrir nemendur sem ekki hafa fundið sig í bóknámi en hneigjast frekar að verkgreinum eða vinnu. Áhersla er lögð á starfskynningar og hafa nemendur verið á vinnumarkaði samhliða skóla. Fjölnámsdeildin hefur gengið vonum fram og hefur aukið trú nemenda á sjálfum sér (Steinunn H. Lárusdóttir, 2004).

Í grunnskólum Akureyrar er boðið upp á námsval í 8., 9. og 10. bekk og miðað við að 30% af náminu fari fram í vali. Nemendum bjóðast valgreinar með námi utan skyldunámsgreina, einnig eru nokkrar valgreinar sameiginlegar yfir alla grunnskólana sem kallast samval. Á árunum 2002 og 2003 var þróunarverkefni sett á laggirnar sem fékk heitið *Þróun valgreina í grunnskólum Akureyrar* og var markmið verkefnisins að auka framboð valgreina í grunnskólum Akureyrar. Vinnuhópur var stofnaður og voru fulltrúar frá hverjum grunnskóla Akureyrar ásamt forstöðumanni skólaþróunarsviðs HA og skólafulltrúa Akureyrarbæjar. Vann vinnuhópurinn að þessu verkefni í eitt ár og kannaði áhugasvið nemenda, samstarf við fyrirtæki, gerði könnun meðal stjórnenda og starfsfólks skólanna, framhaldsskólanna á svæðinu og menntamálaráðuneytis. Hófst svo námsvalið haustið 2003 og hefur verið starfrækt síðan og hefur valgreinum stöðugt verið að fjölga. Með þessu þróunarverkefni var verið að koma til móts við 32. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 en hún segir til um að í 9. og 10. bekk skuli námsgreinar vera að hluta frjálst val nemenda (Ingólfur Ármannsson, 2003, bls. 4-17).

Á árunum 2008 til 2009 var gerð umfangsmikil rannsókn á list- og menningarfræðslu á Íslandi af breska fræðimanninum Dr. Anne Bamford en hún hefur unnið samskonar rannsóknir víðsvegar í heiminum. Þar var leitast við að svara spurningunum: Hvernig er listfræðslu á Íslandi háttað? Hver er staða listfræðslu á Íslandi? Hverjir eru möguleikar og áskoranir innan listmenntunarinnar á Íslandi í nútíð og framtíð? Rannsóknin stóð yfir í sex mánuði þar sem horft var til framboðs á list- og menningarfræðslu í íslenska skólakerfinu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að listfræðsla á Íslandi stendur vel miðað við alþjóðlegan mælikvarða þar sem hún nýtur stuðnings almennings, foreldra og samfélagsins. Einnig kom fram að íslenskt

menntakerfi þroskar færni og þekkingu nemenda í einstökum listgreinum sérstaklega þá í sjónlistum, tónlist, handavinnu og textíl en síður í dansi, leiklist, ljósmyndun og kvikmyndagerð. Greina þarf betur á milli þess sem kalla á menntun í listum og menntun gegnum listir. En munurinn á þessu felst í því að þegar talað er um menntun í listum er verið að tala um hefðbundna kennslu listgreina eins og tónlist eða leiklist en menntun gegnum listir merkir notkun lista eða listrænna aðferða í kennslu annarra greina svo sem stærðfræði eða íslensku ef dæmi eru tekin. Einnig kom fram að auka þyrfti áherslu á samþættingu skapandi kennsluhátta þvert á greinarnar. Athyglisvert er að íslenskir nemendur eru leiknir og sjálfsöruggir í listiðkun sinni en þegar kemur að því að þeim er ætlað að halda kynningu, vera með umfjöllun eða aðra framsetningu eru þeir síður eins leiknir og sjálfsöruggir. Einnig kom fram að vönduð listfræðsla hefur djúpstæð áhrif á börn, kennslu, á umhverfi náms og á samfélagið. Því er mikilvægt að áframhaldandi samvinna skólakerfisins verði virk og koma þarf á samvinnu við utanaðkomandi aðila líkt og listamenn, fyrirtæki og menningarstofnanir til að auka fjölbreytnina í listfræðslu á Íslandi (Bamford, 2009, bls. 8-10).

Eisner og Day telja listir hafa margskonar mikilvægu hlutverki að gegna og að listmenntun hafi veruleg áhrif á andlegan- og siðferðisþroska einstaklings, geri hann meðvitaðan um sjálfan sig og þannig öðlist hann sjálfsaga og færni í að sýna öðrum tillitssemi og skilning (Eisner og Day, 2004, bls. 1)

Æskilegt er að leggja áherslu á list- og verknám til að koma til móts við mismunandi námsþarfir nemenda. Guðmundur Finnbogason taldi nauðsynlegt að nemendur fengju að kynnast teikningu og handavinnu því skólinn ætti að veita nemendum andlegan og líkamlegan þroska en um leið kunnáttu sem kæmi þeim til gagns í daglegu lífi (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 104). Mikilvægt er að einstaklingar hafi tök á að mennta sig á sínu áhuga- og hæfnissviði frá upphafi grunnskóla. Með því að bjóða nemendum upp á fjölbreytt námstækifæri er líklegra að þeir finni sér nám við hæfi og öðlist þannig sem mestan þroska (Matthías Jónasson, 1949, bls. 4; Eisner og Day, 2004, bls. 124). Reynsla margra nemenda sýnir að verklegt nám sé svo öflugt, eitt og sér, að það sé nóg til þess að veita þeim nauðsynlegan þroska sem undirbúning fyrir lífið (Lúðvíg Guðmundsson, 1942, bls. 86).

2.7 Einkaskólar

Einkaskóli er skóli sem er í einkaeign og er yfirleitt ekki rekinn af hinu opinbera, hvorki af sveitarfélaginu né ríkinu. Einkaskóli getur reyndar verið rekinn af hinu opinbera að hluta til eða kostaður af foreldrum. Samningsskólar eru eitt form einkaskóla og verður fjallað um hugmyndafræði þeirra og hvernig hefur til tekist að setja á laggirnar samningsskóla í Bandaríkjunum.

2.7.1 Samningsskólar

Í þessum undirkafla er fjallað um samningsskóla (*charter schools*) í Bandaríkjunum, hugmyndafræði þeirra og ferlið við að setja á laggirnar samningsskóla. Rætt er um valfrelsi á milli skóla, kosti og galla, fyrsta samningsskólann á Íslandi og í lokin er samantekt.

2.7.2 Hugmyndafræði samningsskóla

Samningsskólar eru vinsælir í Bandaríkjunum og frá því að sá fyrsti var settur á laggirnar í Minnesota árið 1991 hefur þeim fjölgað allverulega. Í Bandaríkjunum eru um 3.600 samningsskólar og þjóna þeir nú um milljón nemendum í 40 ríkjum. Samningsskólar eru almenningskólar og eru mótaðir af hópi fræðimanna, kennara, foreldra og leiðtoga í samfélaginu (Hanushek, Kain, Rivkin og Branch, 2006, bls. 1-3). Hugmyndafræði samningsskóla byggist á því að veita foreldrum aukið valfrelsi innan skólakerfisins, fjölbreyttari kennsluaðferðir, gera nemandann ábyrgan fyrir námi sínu, skólastarfið verði sveigjanlegra, búa til sína eigin skólastefnu og skólanámskrá (Yoder og Rooney, 2007, bls. 73-75).

Samningsskólar eru hvorki ríkisreknir skólar né hægt að kalla þá einkaskóla. Ástæðan er að þeir eru tengdir ríkinu ýmist sem stofnun eða þeir lúta ákveðnum opinberum reglum. Samningsskólar eru því skólar þar sem mennta- og fræðslufirvöld hafa veitt heimildir til að gera samninga við þá aðila sem hafa áhuga á að reka slíkan skóla. Þessir skólar eru tilbúnir að mæta þörfum einstaklingsins og eru hannaðir til að ná hámarks námsárangri og sinna þörfum samfélagsins. Megintilgangur samningsskóla er að tryggja að hvert barn hafi aðgang að góðri menntun, með tilheyrandi frelsi og vali. Þeir einbeita sér að barninu og leggja upp með þarfir þess en ekki þarfir fullorðinna. Í samningsskólum bera nemendur ábyrgð á námi sínu og skipuleggja það að mestu sjálfir. Samningsskólar setja sér háleit markmið og þurfa að ná þeim til að halda áfram rekstri því annars hættir fólk að trúa á

þá. Samningsskólar stuðla að aukinni samkeppni innan skólakerfisins og er svigrúm til athafna aukið (Blakemore, 1998, bls. 1-5).

2.7.3 Að setja á laggirnar samningsskóla

Áður en samningsskóli er stofnaður verða að vera fyrir hendi lög í viðkomandi ríki Bandaríkjanna um samningsrekstur. Lögin eru mismunandi í hverju ríki og ef þau heimila skóla með annarri útfærslu en hefðbundinn almenningskóli býr yfir getur hópur fólks gengið að samningi við ríkið um samningsskóla (Hanushek o.fl., 2006, bls. 1-3). Ferlið við stofnun samningsskóla er þannig að þeir sem hafa áhuga á að setja á laggirnar slíkan skóla verða að skilgreina hvers vegna þeir hafa áhuga á að stofna hann, þeir þurfa að setja skólastarfinu markmið og útfæra leiðir til að ná þeim. Mikilvægt er að myndaður sé starfshópur með áhugasömum einstaklingum um skólastarf, þannig að þeir geti komið fram grunnhugmynd um samningsskóla við fræðsluyfirvöld. Til að hugmyndin um skólastarfið sé viðurkennd af yfirvöldum þarf að gera ítarlega áætlun um starfið og þarf hún að fela í sér framtíðarsýn. Skólinn þarf að útbúa sína eigin skólanámskrá og því næst þarf að fá samþykki frá yfirvöldum þegar það fæst er gerður samningur á milli fulltrúa starfshópsins og fræðsluyfirvalda (Börkur Hansen, 2002, bls. 252-253).

Samningsskóli þarf að hafa stjórn á fjármálum sínum til að starfsemin verði árangursrík. Einungis stjórnandi skólans veit hvernig best er að eyða fjármunum og samningslögin eiga að endurspeglar þarfir hans. Samningsskólar eru fjármagnaðir af ríkinu en það fer eftir fjölda nemenda í skólanum hversu mikið fjármagn hver skóli fær. Í slíkum skólum er opinberum ákvæðum um nám og kennslu fylgt en þeir eru losaðir undan ákvæðum ýmiss konar reglna og skrifræðis. Skólanefndir hafa því ekki forræði í þeirra málum og hlutverk skólanefnda gagnvart slíkum skólum er óljóst. Samningsskólar hafa mun meira sjálfstæði og svigrúm um eigin málefni og ráðstöfun fjármuna en almenningskólar (Hanushek o.fl., 2006, bls. 1).

2.7.4 Valfrelsi

Í rannsókn Gills og félaga kemur fram að foreldrar eru almennt ánægðir með að geta sent börn sín í samningsskóla. Enda sé sú skólagerð liður í að markaðssetja skóla og losa þá undan viðjum hefða, skrifræðis og miðstýringar. Niðurstöður þeirra benda þó ekki til að ráðstöfun þessi skipti sköpum fyrir námsárangur nemenda. Frekar má skýra tilurð samningsskólanna með tilvísun til hugmyndafræðinnar um aukið val á námstækifærum. Einnig benda Gills og félagar á að mikil ánægja hagsmunaaðila með

skólana sé nægilegur rökstuðningur fyrir ágæti þeirra. Val foreldra á skólum ræðst ekki eingöngu af námsárangri heldur líka af staðsetningu, félagahópi barnanna, námsáherslum og fleiru (Gill, Timpane, Ross og Brewer, 2001, bls. 96-114). Milton Friedman bendir á einn möguleika til viðbótar sem heyrir undir valfrelsi foreldra en það er ávísunarkerfið. Hugmynd Friedmans gengur út á að foreldrar sem nýta sér einkaskólana fá skattaafslátt sem nemur sömu upphæð og nemendur fá frá ríkinu í almenningskólum. Þá fengju foreldrarnir sendar heim ávísanir fyrir menntun barna sinna sem þeir gætu innleyst í viðurkenndum skólastofnunum (Guðmundur H. Frímansson og Þorvarður Elíasson, 1986, bls. 24). Ávísunarkerfið hefur ávallt verið umdeilt bæði meðal fræðimanna og stjórnámálamanna og benda Gills og félagar á að andstæðingarnir hafi haft áhyggjur af að þetta ráðstöfunarfé muni leggja almenningskóla í rúst (Gills o.fl., 2001, bls. 2).

Hanushek og félagar benda á að Friedman hafi verið einn af frumkvöðlunum sem töldu mikilvægt að hafa valfrelsi á milli skóla og bentu á að nauðsynlegt væri að ríkið sæi um skólana til að efnaminni foreldrar hefðu val um skóla fyrir börnin sín. Þar kemur fram að Friedman hafi verið hlynntur ávísanakerfinu því ávísanir á skóla til barna auki samkeppni á milli skóla og gefi foreldrum frelsi til að velja á milli skóla barna sinna. Almenningskólarnir voru ekki hlynntir ávísanakerfinu því þeir töldu það skaða þá og ríkið ætti frekar að bæta hefðbundnu skólana en að bjóða upp á val á milli skóla. Einnig bentu þeir á að þar sem einkaskólar væru ekki reknir af ríkinu bæru stjórnvöld ekki ábyrgð á þeim. Margir stjórnámálamenn hafa viljað vernda almenningskólana frá samkeppni meðan aðrir eru opnari fyrir nýjum hugmyndum í skólamálum. Hugmyndin um valfrelsi á milli skóla eykur samkeppni þannig að foreldrar fá tækifæri til að velja þann skóla sem þeir telja bestan til að mennta barnið þeirra (Hanushek o.fl., 2006, bls. 1-3, Friedman, 1982, bls. 104).

2.7.5 Kostir og gallar samningskóla

Samningskólar geta verið ólíkir á milli ríkja Bandaríkjanna og er talið að nemendur fái meiri hvatningu frá kennurum við nám sitt en nemendur í almenningskólum sem draga að sér fullnægjandi fjölda nemenda. Samningskólar eru samkeppnishæfir við aðra skóla og geta starfað á svipaðan hátt og almenningskólar. Erfiðleikar geta verið í upphafi, hjá báðum skólunum, á meðan á uppbyggingu stendur. Flestir almenningskólar halda rekstri áfram þrátt fyrir slaka óskilvirkni en það á síður við um samningskóla (Hanushek o.fl., 2006, bls. 1-3).

Estes gerði eigindlega rannsókn á samningsskólum í Texas á árunum 1999-2000. Hún tók viðtöl við sex skólastjórnendur í samningsskólum. Í rannsókninni kom fram að mun færri nemendur með náms- og hegðunarörðugleika voru í samningsskólum en í almenningskólum. Ástæðan var talin sú að stöðugt væri verið að reyna að ná hámarksárangri hjá nemendum til að geta haldið samningsskólunum opnum. Rannsakandinn vonaðist til að niðurstaðan myndi hafa áhrif á samningsskólana á þann hátt að þeir færu að taka á móti nemendum með sérþarfir, hvort sem um námsörðugleika eða hegðunarörðugleika væri að ræða. Estes benti á að sama markmið þyrfti að vera fyrir alla nemendur, hvort sem þeir væru með sérþarfir eða ekki. Það ætti ekki að skipta máli hvort skólarnir væru almennings-, einka- eða samningsskólar. Á síðustu fimm árum hefur nemendum með náms- eða hegðunarörðugleika fjölgað í samningsskólum og því greinilegt að hugmyndir eru uppi um að skólinn þurfi að vera opinn öllum börnum. Þeir sem sáu um löggjöfina í skólamállum árið 1995 vonuðust til að geta bætt frammistöðu nemenda með því að hafa valfrelsi á milli skóla. Þannig væri verið að sinna öllum nemendum hvort sem þeir væru með sérþarfir eða ekki. Á árunum 2003-2005 stóðu nemendur í samningsskólum sig betur í lestri og skrift á samræmdum prófum en nemendur í almenningskólum (2006, bls. 55-61).

2.7.6 Áslandsskóli

Miklar vonir voru bundnar við Áslandsskóla í Hafnarfirði en hann var fyrsti samningsskólinn á Íslandi og vertakinn var *Íslensku menntasamtökin*. Hann var jafnframt hverfissskóli þannig að nemendur voru skyldugir að sækja hann í stað þess að hafa val. Samningurinn um Áslandsskóla var óvenjulegur að því leyti að bæjaryfirvöld áttu upptökin að stofnun skólans og stofnuðu til hans með útboði. Markmið samningsins var að reyna nýja tilhögun við rekstur grunnskóla á Íslandi á þann hátt að gefa einkaaðilum kost á að taka að sér kennslu og rekstur með einkaframkvæmd. Áslandsskóli fylgdi Aðalnámskrá grunnskóla og útfærði hana með skólanámskrá. En í Bandaríkjunum fá flestir samningsskólar að móta sína eigin námskrá en alltaf þurfa þeir að sýna fram á að námsárangur sé ekki síðri en í almenningskólum. Svigrúmið sem Áslandsskóli fékk til þess að móta innra starf var ekki mikið og má segja að það hafi verið svipað og í almenningskólum (Börkur Hansen, 2002, bls. 258-259). Ekki gekk vel að vera með samningsskóla í skólahverfi, foreldrar höfðu ekkert val á milli skóla.

2.7.7 Einkareknir grunnskólar á Íslandi

Ekki hefur verið mikil gróska í einkareknum grunnskólum hér á landi. Á grunnskólastiginu hefur rekstur einkaskóla og sjálfstætt starfandi skóla átt erfitt uppdráttar og er talið að það sé vegna viðhorfa ráðamanna í einstökum sveitarfélögum og einnig rammans sem þessum skólastigum er búinn. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er möguleiki á sjálfræði grunnskóla þegar kemur að námsfögum.

Nú einkareknir grunnskólar eru í Reykjavík; Barnaskóli Hjallastefnunnar, Ísaksskóli, Landakotsskóli, Suðurhlíðaskóli og Waldorfskóli. Waldorfskóli er líka í Kópavogi. Barnaskóla Hjallastefnunnar er einnig að finna í Hafnarfirði og í Garðabæ. Í Garðabæ styrkir sveitarfélagið Barnaskóla Hjallastefnunnar að fullu. Nemendum í einkareknum grunnskólum hefur fækkað að undanförunum árum og er talið að þessi þróun sé afleiðing þeirrar opinberu stefnu borgaryfirvalda í Reykjavík að fjölga ekki einkaskólum í borginni (Kristín Pétursdóttir, Sigríður Á. Andersen og Þór Sigfússon, 2003, bls. 14-15).

Á Íslandi eru einungis tveir einkareknir grunnskólar starfræktir á unglíngastigi; Tjarnarskóli og Landakotsskóli. Tjarnarskóli var stofnaður árið 1984 fyrir nemendur í 7. til 10. bekk. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og mannrækt er í fyrirrúmi (Tjarnarskóli, án árs). Landakotsskóli Í Reykjavík var stofnaður árið 1896 og er einn elsti starfandi skóli landsins. Hann er fyrir nemendur í 1. til 10. bekk en í honum er sjálfstætt starfandi fimm ára deild. Lögð er áhersla á að stórauka tungumálafræðslu hjá nemendum; auka fjölbreytni námsins eins og kostur er; að kennarar og annað starfsfólk sé ætíð í fremstu röð; búa nemendur eins og kostur er undir framhaldsskólann; þátttöku í fjölmenningsarsamfélagi og að skólinn sé ætíð í fremstu röð (Landakotsskóli, án árs).

2.8 Lög og reglugerðir um grunnskóla

Á undanförunum árum hafa breytingar átt sér stað þegar kemur að lögum og reglugerðum um grunnskóla. Í þessum kafla verður fjallað um breytingar sem átt hafa sér stað þegar kemur að sjálfstætt reknum grunnskólum og þá breytingu í löggjöfinni að það skuli vera jafnvægi á milli bóknáms og verknáms.

2.8.1 Sjálfstætt reknir skólar á Íslandi

Í lögnum um grunnskóla nr. 91/2008 er að finna mun meiri sveigjanleika hvað varðar sjálfstætt starfandi grunnskóla en var í lögnum frá 1995 nr. 66. Í nýju lögnum er talað um sjálfstætt starfandi grunnskóla en í þeim gömlu er einungis talað

um einkaskóla. Í lögum um grunnskóla 2008 kemur fram, í 43. gr. um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum, eftirfarandi:

Ráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 1. gr., sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum í formi sjálfseignarstofnunar eða hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi, enda liggja fyrir samþykki sveitarfélags um stofnun skólans. Heimilt er að binda samþykki sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda nemenda. Um slíka grunnskóla gilda sömu lög og reglur og um grunnskóla skv. 1. gr., eftir því sem við á. Þar á meðal skal af hálfu viðkomandi skóla fylgt ákvæðum stjórnarsýslulaga við töku ákvarðana sem kæránlegar eru skv. 47. gr. Það á þó ekki við um ákvarðanir um gjaldtöku. Grunnskólar sem hljóta viðurkenningu skv. 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda. Útreikningur Hagstofu Íslands á kostnaði samkvæmt þessari málsgrein skal taka mið af verðlagsbreytingum (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Ný reglugerð um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum nr. 980/2009 var gefin út í byrjun desember árið 2009 af menntamálaráðuneytinu. Stærsta breytingin með nýrri reglugerð er að mun meira eftirlit er með sjálfstætt reknnum grunnskólum, bæði af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis og sveitarfélagsins, en áður var. Einnig geta sjálfstætt reknir grunnskólar fengið veitta tveggja ára viðurkenningu og svo ótímabundið eftir það en í reglugerð 320/2007 fengu sjálfstætt reknir skólar veitta ótímabundna viðurkenningu strax.

Þegar sótt er um viðurkenningu grunnskóla til mennta- og menningarmálaráðherra nr. 980/2009 þurfa að fylgja gögn og upplýsingar um eftirfarandi samkvæmt 3. gr.:

- a. eigandi og ábyrgðaraðili skólans,
- b. upplýsingar um rekstrarform skólans, fjármögnun hans og rekstraráætlun,
- c. samþykki sveitarfélags um stofnun skólans,
- d. gögn sem lýsa markmiðum, innihaldi og skipulagi náms skólans í samræmi við lög um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla, þ.m.t. skólanámskrá, skipulagsskrá og starfsáætlun viðkomandi grunnskóla,
- e. gögn um húsnæði skólans og lýsing á starfsaðstöðu, sbr. reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða,
- f. lýsing á stjórn og skipulagi skólans,
- g. upplýsingar um væntanlega stjórnendur skólans og hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsmanna skólans,
- h. yfirlýsing ábyrgðaraðila um að sveitastjórn og mennta- og menningarmálaráðuneytið verði veittar upplýsingar um skólahald og starfsemi skólans, og breytingar sem á því kunna að verða, á hverjum tíma,
- i. staðfest afrit af starfsleyfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélags og vottorð brunavarna og vinnueftirlits þarf að berast ráðuneytinu mánuði fyrir áætlaða skólabyrjun.

Ef óskað er eftir því að stofna leikskóla er ferlið annað en þegar óskað er eftir því að stofna grunnskóla. Rekstararaðilinn þarf að sækja um leyfi til sveitarstjórnar og ef leyfi er veitt til stofnunar nýs leikskóla þá tilkynnir sveitarstjórn það til menntamálaráðuneytis. Í 25. gr. um laga um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram eftirfarandi:

Sveitarstjórn getur leyft öðrum aðilum að byggja og reka leikskóla í formi sjálfseignarstofnunar, hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Heimilt er að binda leyfi sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda barna. Um slíka leikskóla gilda sömu lög og reglur og um aðra leikskóla samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á. Þar á meðal skal af hálfu viðkomandi skóla fylgt ákvæðum stjórnisýslulaga við töku ákvarðana sem kærnanlegar eru skv. 30. gr. laga þessara. Það á þó ekki við um ákvarðanir um gjaldtöku. Sveitarfélög skulu setja sér reglur um veitingu rekstrarleyfa. Skulu þær birtar opinberlega og vera aðgengilegar íbúum sveitarfélags. Í rekstrarleyfi skal skýrt kveðið á um réttindi og

skyldur rekstraraðila samkvæmt lögum þessum. Í rekstrarleyfi skal sérstaklega fjallað um þagnarskyldu starfsfólks, sbr. 8. gr., um húsnæði og fjölda barna, sbr. 12. gr., og um gerð skólanámskrár, sbr. 14. gr., um skyldur rekstraraðila til þess að meta með reglubundnum hætti árangur og gæði skólustarfsins, sbr. 18. gr., láta sveitarstjórn í té gögn og upplýsingar vegna eftirlits, sbr. 19. gr., og um skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu, sbr. 21. og 22. gr. Sveitarstjórnnum er heimilt að gera samning við viðkomandi skóla um fyrirkomulag þjónustu og gjaldtöku. Sveitarstjórn skal tilkynna menntamálaráðuneytinu um veitingu rekstrarleyfis sem og ef rekstrarleyfi fellur úr gildi.

2.8.2 Breyting á löggjöfinni um jafnvægi á milli bók- og verknáms

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 er að finna ákvæði í 29. gr. laga um að mennta- og menningarmálaráðuneytið setji grunnskólum aðalnámskrá. Þar er kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipulagi. Einnig kemur fram eftirfarandi:

Í starfi skólans skal leggja áherslu á: skilning og frjótt, skapandi starf og jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms.

Í nýjum lögum um grunnskóla 91/2008 er að finna svipað ákvæði í 24. gr. laga. Ráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá og er hún endurskoðuð reglulega. Í henni er lögð áhersla á uppeldishlutverk grunnskólans og þá meginstefnu í kennslu að kennsluskipan sé í samræmi við hlutverk skólans. Fram kemur eftirfarandi:

Í aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms.

Munurinn á þessum tveimur ákvæðum í löggjöfinni er sá að í 29. gr. er lögð áhersla á jafnvægi á milli bók- og verknáms í starfi grunnskólans en í 24. gr. á að koma fram í Aðalnámskrá grunnskóla að leggja skuli áherslu á jafnvægi milli þessara tveggja þátta. Ástæðan gæti verið sú að áður voru grunnskólarnir reknir af ríkinu og því var talað um starf skólans. En nú eru grunnskólarnir reknir af sveitarfélögum og þeim ber að fylgja Aðalnámskrá grunnskóla þegar kemur að starfi skólans.

2.9 Samantekt og ályktun

Miklar breytingar áttu sér stað í skólamálaum á 19. öld og með aukinni fræðsluskyldu barna breyttist margt í íslensku skólakerfi. Foreldrar voru skyldugir að sjá börnum sínum fyrir bóknámi eftir að skólaskyldu var komið á árið 1907. Á þessum tíma var

það ekki hlutverk skólans að kenna list- og verknám heldur var það á ábyrgð heimilanna. Með tímanum þróaðist námið og eftirspurn almennings eftir menntun og þörf atvinnurekanda fyrir vel menntað vinnuafli jókst.

Fræðslulögin sem voru sett árið 1946 höfðu mikil áhrif á íslenskt skólakerfi og nú gátu nemendur valið á milli bóknáms og verknáms, því í löggjöfinni voru ákvæði um aukið verknám sem miklar vonir voru bundnar við. Á löggjöfinni voru þó nokkrir hnökrar, landsprófið hóf upp bóknám á kostnað verknáms. Tilraunir til að koma á fót verknámi á gagnfræðastigi gengu ekki sem skyldi og það sama á við um efri bekki grunnskóla í dag.

Segja má að starfsmenntun í lok 20. aldar hér á landi hafi einkennst af fjölbreytileika því komið var á fót fjöldamörgum starfsmiðuðum námsleiðum, bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi. Síðan þá hafa litlar breytingar orðið á þessu sviði. Ástæðan gæti verið sú að námsleiðir á sviði starfsmenntunar sem gerðar hafa verið á iðnnámi og framhaldsskólakerfinu í heild hafa ekki orðið fjölbreyttari og nemendum sem ljúka starfsmenntun hefur ekki fjölgað (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000, bls. 40).

Eftir að hafa kynnt mér þróun verknáms og bóknáms í íslensku skólakerfi má segja að enn sé langt í land með að jafnvægi verði náð á milli þessara þátta. Enn er bóknámsdýrkun við lýði og ef nemandi stendur sig ekki vel í bóknámi er fundið sérúrræði fyrir hann. Sérúrræðið felst í því að nemandi fær meira val í list- og verknámi eða fær starf samhliða námi. Einkaskólar gætu verið lausnin þegar kemur að því að koma til móts við nemendur í skólasamfélaginu. Ekki hefur verið mikil gróska í einkaskólum á Íslandi, það eru ekki nema um 1,5% nemenda sem sækja sjálfstætt starfandi grunnskóla eða um 666 nemendur (Hagstofa Íslands, 2009). Með nýjum lögum um grunnskóla 2008 nr. 91 er að finna ákvæði í 43 gr. sem er um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum. Samkvæmt þeirri grein laga er augljóst að samningsskólar falla að sjálfstætt starfandi grunnskólum. Þeir hafa haft mikil áhrif á skólakerfið í Bandaríkjunum, Bretlandi, Kanada og Nýja-Sjálandi. Hugmyndin um samningsskóla er róttæk og getur auðveldlega komið af stað breytingum og rutt úr vegi gömlum hefðum við rekstur almenningskóla (Börkur Hansen, 2002, bls. 259). Á Íslandi virðist vera mun auðveldara að stofna sjálfstætt starfandi leikskóla heldur en sjálfstætt starfandi grunnskóla. Af hverju? Höfundur telur mikilvægt að efla sjálfstætt starfandi grunnskóla á Íslandi og telur þá vera góða viðbót við skólaflóru landsins.

Höfundur veltir því fyrir sér að með því að bjóða upp á samningsskóla hér á landi væri hægt að koma á enn frekara jafnvægi milli bók-, list- og verknáms. Samningsskólaleiðin býður upp á óhefðbundnar leiðir í skólastarfi og kosturinn við samningsskóla er að þeir geta losað sig undan forræði skólanefnda og einnig undan ákvæðum ýmiss konar reglna og skrifræðis. Höfundur er á þeirri skoðun að með tilkomu samningsskóla sé verið að auka valfrelsi nemenda og foreldra og að með þeim yrði fjölbreytni í námi nemenda aukin.

3. Aðferðafræði rannsókna

Þessi kafli greinir frá aðferðafræði rannsóknarinnar sem var að mestu leyti unnin innan ramma eigindlegra aðferðarfræða. Gerð er grein fyrir rannsóknarmarkmiðum, rannsóknaraðferðinni, aðferðum til gagnasöfnunar og vali á þátttakendum. Því næst er gerð grein fyrir því hvernig rannsóknin var framkvæmd, úrvinnslu gagna og að lokum fjallað um réttmæti og áreiðanleika.

3.1 Rannsóknarmarkmið/Rannsóknarspurningar

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort hægt sé að hafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi grunnskólans. Einnig hvort unnt sé að laga hugmyndafræði samningsskóla að aðstæðum í íslensku skólakerfi út frá Aðalnámskrá grunnskóla, lögum um grunnskóla og reglugerðum. Til að öðlast skilning á tengslum milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi grunnskóla var leitast við að kanna viðhorf viðmælenda sem hafa faglega þekkingu, reynslu og skoðanir á þessu sviði. Viðmælendur eru allir hluti af ákveðnum menningarheimi og hefðum og mætti því ætla að fram komi lík sjónarmið vegna mismunandi aðstæðna þeirra. Túlkun þeirra mótast væntanlega af þeirri reynslu sem þeir hafa og stöðu þeirra í samfélaginu. Rannsakandi kynnti sér hugmyndafræði eigindlegra rannsókna út frá ýmsum fræðimönnum og taldi það nauðsynlegt til þess að fá ákveðna heildarmynd og einnig til að gera sér grein fyrir því hvaða aðferð hentaði best við rannsóknina.

Leitast er við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu: *Hvaða möguleikar eru á að viðhafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi í grunnskóla?* Út frá rannsóknarspurningunni taldi rannsakandi mikilvægt að hafa eftirfarandi undirspurningar til hliðsjónar til að finna út hvort einhver leið væri fær fyrir slíkan skóla í íslensku menntakerfi:

- a. *Hvernig er hægt að koma við vali á milli bók-, list- og verknáms innan ramma núgildandi laga um grunnskóla?*
- b. *Hvaða kosti hafa samningsskólar til að bjóða upp á val í bók-, list- og verknámi á unglíngastigi?*

c. Hvernig henta samningsskólar íslenskum grunnskólum og sveitarfélögum?

3.2 Rannsóknaraðferðin

Eigindlegar rannsóknir hafa átt vaxandi fylgi að fagna innan félagsvísindanna síðustu áratugi og sú skoðun viðurkennd að ekki sé hægt að skilja ákveðnar félagslegar aðstæður nema út frá sjónarhóli þeirra sem lifa og hrærast í þeim (Choen, Manion og Morrisson, 2007, bls. 19). Markmið eigindlegra rannsókna er að skoða fyrirbæri eða fólk í sínu daglega umhverfi og beina sjónum að hversdagslegum athöfnum og aðstæðum. Mikilvægt er að rannsakandi skilji og túlki þá merkingu sem viðmælendur sjálfir leggja í umhverfi sitt. Aðferðin dregur athyglina að því mikilvæga sem á sér stað í lífi einstaklinga, að félagslegum aðstæðum og bakgrunni, að hversdagslegum hlutum hins daglega lífs og að menningu og umhverfi (Sigurlína Davíðsdóttir 2003, bls. 226; Hitchcock og Hughes, 1995, bls. 119-120).

Til þess að leita svara við rannsóknarspurningunni varð fyrir valinu eigindleg rannsóknaraðferð og var rannsóknarsniðið sótt til tilviksrannsókna. Grundvallarhugmyndfræði tilviksrannsókna er að rannsaka eitt eða fleiri tilvik og fara ofan í saumana á þeim. Þannig er hægt að þróa eins ítarlegan skilning og mögulegt er á tilvikinu. Mismunandi aðferðir eru notaðar til að afla gagna og reynt er að fá heildarmynd með gagnaöfluninni (Silverman, 2005, bls. 126). Með notkun tilviksrannsókna er ætlunin að öðlast og dýpka skilning á mismunandi aðstæðum og sýn þeirra einstaklinga sem verið er að rannsaka. Greiningin beinist fremur að skilningi viðmælenda heldur en hinum eiginlegu niðurstöðum. Litið er á viðtölin sem samræmi og samhengi heildarinnar fremur en einstök mismunandi tilfelli með því að uppgötva fremur en að staðfesta (Merriam, 1998, bls. 19). Efnivið tilviksrannsókna er oft að finna í reynsluheimi rannsakandans og því getur hlutverk rannsakandans oft og tíðum verið flókið og allt að því persónulegt (Rúnar Helgi Andrason, 2003, bls. 282-283; Choen, o.fl., 2007, bls. 253).

Rannsakandi þarf að gera sér grein fyrir því að þegar farið er að safna gögnum hefur hann yfirleitt fyrirfram mótaðar hugmyndir og með því að vera meðvitaður um hugmyndir sínar minnkar hann líkurnar á áhrifum þeirra á niðurstöðurnar (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003, bls. 226). Þegar rannsakandi beinir sjónum að afmörkuðu fyrirbæri í ákveðnu samhengi er um tilviksrannsókn að ræða því hún er bundin tíma og rúmi (Hitchcock og Hughes, 1995, bls. 316).

Rannsakandi kannaði val á milli bók-, list og verknáms á unglingsstigi og beindi rannsókninni að hópi fólks sem hafði faglega þekkingu, reynslu, skoðanir og skilning á fyrirbærinu. Veruleikinn er breytilegur eftir því hver lýsir honum og því var fyrirfram búist við því að lýsingar og reynsla þátttakenda væri mismunandi (Hitchcock og Hughes, 1995, bls. 26; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003, bls. 226). Rannsóknin byggist á sögulegu samhengi. Rannsakandi taldi mikilvægt að kynna sér sögulegt samhengi á milli bók-, list- og verknáms í gegnum tíðina og þá hvernig bók-, list- og verknám hefur þróast í skólasamfélaginu

3.3 Viðtöl

Rannsóknin er byggð á einstaklingsviðtölum. Þau eru samræða með ákveðinn tilgang og mikilvægi til að kynnast lífi fólks, aðstæðum þess og reynslu. Rannsakandi og viðmælandi þurfa að virða persónu hvor annars og vera frjálssir við að tala og hlusta. Vanda þarf valið á þeim stað þar sem viðtalið fer fram (Gorden, 1987, bls. 236). Nauðsynlegt er að rannsakandinn hafi þekkingu á fyrirbærinu sem verið er að rannsaka til að geta fylgt því eftir með fyrirfram ákveðnum efnisatriðum (Seidman, 2006, bls. 15). Kvale leggur áherslu á að samræður séu grundvallarþáttur í samskiptum manna. Viðtalið fer fram að ósk spyrjandans sem stýrir gangi viðtalsins og skilgreinir tilgang þess. Einstaklingar tala hver við annan, spyrja spurninga og svara spurningum. Í gegnum samræður kynnast einstaklingar upplifun hver annars, tilfinningum og von (1996, bls. 5).

Viðtölin þurfa að vera samræmd að hluta til og því þarf að vera búið að semja spurningar fyrirfram en þó þarf rannsakandinn að gefa viðmælendum kost á að fara út fyrir þær til að fá frekari upplýsingar um efnið. Slíkt fyrirkomulag býður upp á jafnvægi milli rannsakanda og viðmælenda sem auðveldar upplýsingaflæðið. Með hálfstöðluðum viðtölum er gefinn kostur á ákveðnum sveigjanleika og dýpt í umræðurnar um fyrirfram ákveðin efni, enda eru hálfopin viðtöl hvað algengust í rannsóknum á sviði menntunar (Hitchcock og Huges, 1995, bls. 157).

Rannsóknarviðtöl hafa mismunandi uppbyggingu allt eftir tilgangi þeirra og í bókinni *Research Methods in Education* er að finna nokkrar tegundir viðtalsforma. Viðtalsformin sem stuðst var við í þessari rannsókn eru hálfstöðluð viðtöl. Í hálfstöðluðum viðtölum eru að hluta til fyrirfram ákveðnar spurningar sem hafðar eru til hliðsjónar og bjóða viðtölin því upp á sveigjanleika (Choen, o.fl., 2007, bls. 353). Þegar unnið er með viðtöl í eigindlegum rannsóknum er mikilvægt að vera opin fyrir

óvæntum atburðum og huga vel að samskiptum með það í huga að þau geta verið dýrmæt reynsla fyrir rannsakendur (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 82). Seidman bendir á að það sé nauðsynlegt að vera góður hlustandi til að geta tekið viðtöl og að ekki megi grípa fram í fyrir þátttakandanum þegar hann er að tala. Frekar að leyfa honum að ljúka máli sínu. Ef rannsakandinn skilur ekki hvað var verið að segja þá spyr hann spurninga í lokin (2006, bls. 78-85). Það getur verið gott að rígbinda ekki fjölda viðtala strax í upphafi og leyfa fjöldanum að ákvarðast jafnóðum. Þegar farið er að bera á endurtekningum eða ef umræðan færir frá umræðuefninu skal viðtali hætt. Í lok viðtals er mikilvægt að draga saman helstu efnisatriði og spyrja þátttakanda hvort hann sé sammála túlkun rannsakanda og hvort hann hafi einhverju við samantektina að bæta (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 78-79).

Meðan á viðtölum við viðmælendur rannsakanda stóð varð til ný þekking bæði hjá honum sjálfum og viðmælendum sem oft leiddi til dýpri umræðna um ákveðið efni.

3.4 Gagnaöflun

Rannsóknin hófst í janúar 2007 með vinnu að rannsóknaráætlun fyrir meistaraþrófsritgerðina. Rannsóknin hófst á ný í janúar 2009 og alls voru tekin níu viðtöl á tímabilinu febrúar til júní 2009. Samband var haft við væntanlega þátttakendur með tölvupósti og símleiðis þar sem þeim var gerð grein fyrir tilgangi rannsóknarinnar og óskað eftir þátttöku þeirra. Nafnleynd og trúnaður skiptir miklu máli í eigindlegum rannsóknum og er eitt helsta einkenni þeirra. Rannsakandi vildi fara óhefðbundna leið og taldi mikilvægt að þátttakendur yrðu jafnframt nafngreindir heimildarmenn í niðurstöðum rannsóknarinnar þrátt fyrir að um eigindlega rannsókn væri að ræða. Ástæða rannsakanda fyrir því að vilja nafngreina þátttakendur var sú að rannsóknin fór fram á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri og nágrenni og voru nokkrir skólustjórar fyrir valinu sem taldir eru fara óhefðbundnar leiðir í skólastarfi innan grunnskólans. Einnig voru fyrir valinu fræðslufulltrúar í Reykjavík og Akureyri og taldi rannsakandi mikilvægt að þeir kæmu fram undir nafni. Til að efla umræðu um gildi bók-, list- og verknáms í rannsókninni taldi rannsakandi nauðsynlegt að velja einstaklinga sem höfðu gert rannsóknir á þessu sviði. Allir þátttakendur veittu samþykki. Í samráði við þátttakendur var dagsetningin fyrir viðtölin ákveðin og skipulagt að viðtölin færu fram á vinnustað viðmælenda. Spurningar voru sendur til allra þátttakenda í tölvupósti svo að þeir gætu undirbúið sig að vild fyrir viðtalið.

Þátttakendur fengu að vita að viðtölin tækju um klukkustund en voru beðnir að taka frá eina og hálf klukkustund til að fyrirbyggja tímaþröng. Viðtölin voru tekin upp á stafrænt upptökutæki.

3.5 Val á þátttakendum

Við val á þátttakendum var mikilvægt að þeir hefðu persónulega reynslu, faglega þekkingu og skoðanir á fyrirbærinu sem verið var að rannsaka. Rannsakandi taldi nauðsynlegt að þátttakendur rannsóknarinnar hefðu reynslu af íslensku skólakerfi og hefðu starfað innan þess í meira en 15 ár og væru enn starfandi innan þess. Rannsakandi taldi einnig mikilvægt að velja þátttakendur sem höfðu áhuga á að lýsa reynslu sinni. Með samþykki sínu um að taka þátt í rannsókninni féllust þeir á að rannsaka viðfangsefnið í formi viðtala sem túlkuð eru af rannsakanda og fá þátttakendur heitið viðmælendur í niðurstöðum rannsóknarinnar (Sigríður Halldórsdóttir, 2003, bls. 253). Viðmælendur eiga það allir sameiginlegt að vera með kennsluréttindi og hafa sumir þeirra farið nýjar leiðir í skólastarfi og taldi rannsakandi það mikilvægt til að fá meiri fjölbreytileika í rannsóknina. Með það í huga voru níu viðtöl tekin og áttu allir viðmælendur ofangreinda þætti sameiginlega. Viðmælendur spanna vítt aldursbil en yngsti viðmælandinn er um fertugt og elsti viðmælandinn farinn að nálgast sjötugsaldurinn. Einungis einn viðmælandi afþakkaði þátttöku í rannsókninni sökum tímaskorts og telur rannsakandi það ekki hafa haft áhrif á niðurstöður hennar. Viðmælendur eru eftirfarandi:

1. Gerður G. Óskarsdóttir (f. 1943) lauk doktorsprófi frá Kaliforníuháskóla í Berkeley árið 1994. Hún er fyrrverandi grunnskóla- og framhaldsskólakennari, skólastjóri og skólameistari. Gerður var kennslustjóri í kennslufræðum við Háskóla Íslands, ráðgjafi menntamálaráðherra um hríð, en varð fræðslustjóri Reykjavíkur þegar grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna og gegndi því starfi í ellefu ár, auk þess að vera yfirmaður leikskóla Reykjavíkur í lok þessa tímabils. Hún starfar nú að rannsóknum við Háskóla Íslands.

2. Guðni Olgeirsson (f. 1958) sérfræðingur hefur starfað mörg undanfarin ár í menntamálaráðuneytinu, einkum að málefnum grunnskóla, og hefur mikið fengist við almenna stefnumótun og unnið að endurskoðun laga og reglugerða og við námskráargerð. Hann hefur tekið þátt í fjölmörgum nefndum og starfshópum á vegum

ráðuneytisins og unnið mikið með hagsmunaaðilum, t.d. kennarasamtökum, sveitarfélögum og foreldrasamtökum, og auk þess verið virkur í foreldrastarfi eigin barna í rúmlega 20 ár.

3. Gunnar Gíslason (f. 1958) lauk B.Ed.-námi frá Kennaraháskóla Íslands 1982. Hann er með gráðu í stjórnun frá KHÍ 1994 og hefur sótt fjölda námskeiða í stjórnun, kennslufræði og uppeldisfræði. Gunnar stundar nú nám til mastersgráðu við Háskólann á Akureyri í stjórnun. Gunnar er fræðslustjóri skóladeildar Akureyrarbæjar og hefur yfirumsjón með framkvæmd laga og samþykktu um fræðslumál, s.s. um rekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla á vegum bæjarins. Gunnar hefur starfað sem grunnskólakennari, deildarstjóri og skólastjóri. Hann hefur setið í ýmsum stjórnunum, ráðum og nefndum tengdum Kennarasambandi Íslands, samtökum skólastjóra, Samtökum fámennra skóla, sveitarstjórnarmálum og íþróttum (Knattspyrnufélag Akureyrar). Hann hefur setið í skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga frá stofnun hennar 2005 og í stjórn Námsgagnastofnunar frá hausti 2007.

4. Jón Torfi Jónasson (f. 1947) lauk B.Sc.-prófi í eðlisfræði við Edinborgarháskóla, lauk svo M.Sc.-prófi í tilraunasálfræði frá Sussex-háskóla og síðan doktorsprófi í sama fagi frá Reading-háskóla í Englandi. Hann varð lektor í uppeldis- og menntunarfræði 1980, dósent 1985 og prófessor 1993 við Háskóla Íslands. Jón Torfi var deildarforseti félagsvísindadeildar í sex ár, 1995-2001 og hefur tekið þátt í fjölmörgum verkefnum á vegum Háskóla Íslands, meðal annars setið í fjármálanefnd, kennslumálanefnd, endurmenntunarnefnd, alþjóðaráði og nefnd um gæði doktorsnáms. Jón Torfi var ráðinn forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í september 2008. Rannsóknir hans hafa snúist um verkefni sem tengjast skólastarfi, meðal annars að notkun upplýsingatækni við kennslu. Undanfarinn áratug hefur Jón Torfi einkum rannsakað þróun menntakerfa og verið í innlendum, en þó einkum erlendum, samstarfshópum um þau mál. Vegna rannsókna hans á starfsmenntun og símenntun hefur hann verið í góðu sambandi við aðila víðs vegar í atvinnulífinu.

5. Karl Frímansson (f. 1959) lauk B.Ed.-námi frá Kennaraháskóla Íslands 1984, lauk framhaldsnámi í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum við Íþróttaháskólann í Ósló 1992 og er í meistaranámi við HA þessa mánuðina. Hann hefur starfað sem

skólastjóri Hrafnagilsskóla frá árinu 1999 en þar áður kenndi hann við sérskóla (Bröttuhlíðarskóla) á Akureyri og á meðferðarheimilinu í Varpholti.

6. Ragnar Gíslason (f. 1951) lauk B.Ed.-námi frá Kennaraháskóla Íslands 1971 og hefur starfað sem grunnskólakennari, fagstjóri, skólastjóri í Foldaskóla en hefur verið skólastjóri Garðaskóla í Garðabæ frá 2002. Hann hefur setið í ýmsum stjórnnum tengdum skólamálum, hefur starfað að námsefnisgerð fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og auk þess skrifað greinar tengdar skólamálum. Ragnar hefur verið virkur í þróunarverkefnum í skólamálum og komið að ýmsum félagsstörfum. Hann stundaði stjórnunarnám við danska kennaraháskólann í Kaupmannahöfn haustið 2007 og í Kennaraháskóla Íslands vorið 2008.

7. Ragnar Þorsteinsson (f. 1951) hefur BS-próf í jarðfræði og landafræði frá Háskóla Íslands, kennsluréttindanám frá Kennaraháskóla Íslands og meistarapróf í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands. Meistaraprófsrannsókn hans fjallaði um hæfni skólastjórna í Reykjavík til að innleiða skólastefnu Reykjavíkurborgar í grunnskóla. Hann hefur starfað sem grunnskólakennari, sérkennari, skólastjóri og framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Ragnar hefur starfað sem fræðslustjóri Reykjavíkur síðan 2007 og sér um stjórnsýslulega ábyrgð á grunnskólum borgarinnar. Hann hefur tekið þátt í fjölmörgum stefnumótunarhópum um skólastarf í Reykjavík, sem skólastjóri og framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

8. Sif Vígbórsdóttir (f. 1959) lauk B.Ed.-námi frá Kennaraháskóla Íslands 1985. Hún lauk framhaldsnámi í stjórnun við Kennaraháskóla Íslands 2004 og vann um þessar mundir að meistaraprófsverkefni við Háskóla Íslands um skólamenningu og einstaklingsmiðað skólastarf. Sif er skólastjóri í Norðlingaskóla í Reykjavík. Hún kenndi við Hallormsstaðarskóla frá 1985-1995, var aðstoðarskólastjóri þar frá 1995-1997 og skólastjóri frá 1997-2005. Þá hefur hún haldið mörg námskeið og fræðsluerindi fyrir skólafólk og aðra áhugasama um nýbreytni í kennsluháttum og skólaþróun auk þess að vinna að gerð vefsvæða sem meðal annars fjalla um mat á skólastarfi og skólaþróun. Sif hefur um árabíl beitt sér fyrir þróun skólastarfs og var formaður Samtaka áhugafólks um skólaþróun á Íslandi tvö fyrstu starfsár samtakanna.

9. Þórhildur Helga Þorleifsdóttir (1965) lauk B.Ed.-námi frá Kennaraháskóla Íslands 1993 með myndmennt sem valgrein. Lauk diplóma í stjórnun menntastofnana frá KHÍ 2006. Hefur kennt frá árinu 1987 og kenndi allt til ársins 2003 myndmennt, almenna umsjón og bekkjarkennslu á öllum stigum. Hún hefur alltaf haft gríðarlegan áhuga á skólamálu og sótt námskeið af kappi. Þórhildur fékk mjög góða reynslu í litlum sveitaskóla þar sem var samkennsla árganga. Á þeim árum vann hún þróunarverkefni í myndmenntakennslu. Þórhildur var skólastjóri á Fáskrúðsfirði í 3 og 1/2 ár þar sem farið var í miklar skipulagsbreytingar á skólastarfinu. Hún hefur verið skólastjóri Lundarskóla á Akureyri síðan 2006.

3.6 Framkvæmd rannsóknar

Viðtölin fóru fram á tímabilinu febrúar til júní 2009. Þau voru alls níu. Flestir viðmælendur sem samband var haft við þáðu að taka þátt í rannsókninni.

Í byrjun fengu þátttakendur sendan tölvupóst með stuttri greinargerð um rannsóknina, rannsóknarspurningar og til hvers rannsakandi ætlaðist af þeim. Ef ekki náðist að finna netfang þátttakenda hringdi rannsakandi í þá og óskaði eftir þátttöku þeirra og að því loknu voru allar upplýsingar sendar í tölvupósti. Eftir að viðmælendur höfðu samþykkt þátttöku sína fengu þeir sendan spurningaramma með tíu stöðluðum spurningum, skilgreiningu á verknámi og samningsskóla. Síðan var ákveðinn staður og stund og voru öll viðtölin tekin á vinnustöðum viðmælenda og taldi rannsakandi þá nálgun henta vel þar sem viðmælendur bjuggu bæði á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi. Með viðtölunum var ætlunin að kanna viðhorf þátttakenda til bók-, list- og verknáms á unglingsstigi og þá út frá vali, grunnskólalögum, einstaklingsmiðun og fleiri þáttum. Viðmælendur gáfu sér tíma til að hitta rannsakanda, þeir tryggðu að það væri vinnufriður meðan á viðtalinu stóð.

Lengd viðtalanna var frá þrjátíu til níutíu mínútum hvert og voru þau afrituð orðrétt inn á tölvu. Að því loknu fengu viðmælendur sent afrit til yfirlestrar en þar sem þeir voru einnig heimildarmenn höfðu þeir tækifæri til að breyta orðalagi og eyða út upplýsingum sem þeir vildu ekki að kæmu fram í rannsókninni. Flestir nýttu sér það en aðrir voru sáttir og breyttu engu. Einnig staðfestu viðmælendur mínir í tölvupósti að þeir samþykktu að koma fram undir nafni í rannsókninni. Viðmælendum þótti ánægjulegt að fá viðtalið við sig á prenti og fannst sumum ótrúlegt hvað þeir höfðu náð að segja mikið á stuttum tíma.

3.7 Greining gagna

Eins og áður hefur komið fram setti rannsakandi upp spurningaramma með spurningum fyrir viðtölin yfir atriði sem ég taldi mikilvæg til að geta svarað rannsóknarspurningu minni. Þetta voru tíu spurningar og eru þær eftirfarandi:

1. *Í Aðalnámskrá grunnskóla, almenna hlutanum, kemur fram að allir nemendur eiga rétt á námi við hæfi í grunnskólum og að sveitarfélögum sé skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum. Telur þú svo vera og að hvaða leyti er þessum námstækifærum fullnægt innan grunnskólans? Telur þú að í dag í íslenskum grunnskólum sé verið að sinna hverjum og einum á hans forsendum?*
2. *Telur þú það gerlegt að nemendur fái tækifæri í grunnskólum að flokka sig sjálfir út frá sínu eigin áhugasviði?*
3. *Telur þú að jafnt vægi sé á milli bók-, list- og verknáms? Ef ekki hverja telur þú meginástæðu þess?*
4. *Sæir þú fyrir þér hugsanlegt val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi? Ef svo er, hvernig?*
5. *Felst það í einstaklingsmiðuðu námi að hafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi?*
6. *Hvernig er hægt að koma við vali á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi innan ramma núgildandi laga um grunnskóla?*
7. *Telur þú samningsskóla (charter school) vera rekstrarform sem fellur að íslenskum grunnskólum og sveitarfélögum? Ef svo er hvernig telur þú að það verði í framkvæmd?*
8. *Hvaða kosti hafa samningsskólar til að bjóða upp á val í bók-, list- og verknámi á unglíngastigi? Kostnaður?*
9. *Áslandsskóli – fyrsti samningsskólinn á Íslandi? Hverja telur þú ástæðuna vera fyrir því að rekstrarformið var aflagt?*
10. *Hverja telur þú þröskuldana vera varðandi breytingar á uppsetningu náms á unglíngastigi?*

Vanda þarf uppsetningu þegar viðtölin eru skráð niður og mikilvægt er í eigindlegum rannsóknum að greining gagna og flokkun eigi sér stað samhliða söfnuninni og sé beinlínis hluti hennar. Það gefur því augaleið að flokkarnir breytast sífellt allan tímann sem greiningin á sér stað. Þessi vinna krefst nákvæmni og sífellt er

verið að máta hrágögnin við viðeigandi flokka áður en endanleg niðurstaða er fengin. Rannsakandinn þarf að geta treyst sjálfum sér þegar hann er að vinna með viðtölin og að greina þau í flokka. Nauðsynlegt er að fara vel yfir efnið í heild, sannreyna flokkunina og finna efni sem er dæmigert og lýsandi fyrir þann flokk sem það er valið í. Að sama skapi þarf að endurskoða flokkana með það í huga að taka út þau atriði sem eiga ekki við (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 79-80; Seidman, 2006, bls. 112-131). Mikilvægt er að rannsakandinn geri sér grein fyrir markmiðum sínum strax við upphaf gagnasöfnunar annars er hætt við að mikilvæg gögn séu ekki fyrir hendi (Kristín Björnsdóttir, 2003, bls. 243-244). Skipta má greiningu gagna í þrjú stig: Fyrsta stigið fer fram á meðan á viðtalinu stendur. Næsta stig á sér stað strax eftir viðtalið. Þriðja stigið byggist á viðtalinu sem hefur verið skrifað niður frá orði til orðs en þá eru gögnin dregin saman og flokkuð í hugmyndir eða þemu (Sóley S. Bender, 2003, bls. 91).

Spurningarnar voru lagðar fyrir í sömu röð fyrir viðmælendur rannsóknarinnar en oft var viðbótarspurningum bætt við ef rannsakanda fannst hann þurfa á ítarlegri svörum að halda. Á meðan á viðtölunum stóð og í tengslum við þau voru skráðar niður athugasemdir. Viðtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð orðrétt upp.

3.8 Réttmæti og áreiðanleiki

Hefðbundin skilgreining á réttmæti er að rannsókn eða mælitæki mæli það sem því er ætlað að mæla eða lýsa og byggist á því hversu vel rannsakandanum tekst að setja fram niðurstöður á trúverðugan hátt. Mikilvægt er að rannsakandinn nái að gera nákvæma mynd af því sem niðurstöðum er ætlað að lýsa. Þegar kemur að því að kanna réttmæti rannsóknar er mikilvægt að átta sig á því að engir tveir fræðimenn koma með sömu niðurstöðu í eiginlegum rannsóknum. Ef rannsókn hefur nægilegt réttmæti er hægt að treysta niðurstöðum hennar og þær verða trúverðugar (Choen, o.fl., 2007, bls. 148; Hitchcock og Hughes, 1995, bls. 105; Sigríður Halldórsdóttir, 2003, bls. 259-261). Til þess að auka réttmæti rannsóknarinnar var öllum viðmælendum sent afrit af viðtölunum og fengu þeir að koma með athugasemdir og leiðréttingar. Einnig fengu viðmælendur sendan niðurstöðukaflann og enn og aftur fengu þeir tækifæri til að koma með umsagnir og leiðréttingar. Leiðsagnarkennari fór einnig yfir túlkun á viðtölum og samþykkti að þau væru í samræmi við það sem sagt var. Til þess að tryggja réttmæti rannsóknarinnar enn frekar fékk rannsakandi sent í tölvupósti samþykki viðmælenda þess efnis að þeir samþykktu að koma fram undir

nafni í rannsókninni. Koma þarf fram við þátttakendur af stakri virðingu. Þátttakendur verða að taka þátt af fúsum og frjálsum vilja. Eins þarf að upplýsa hverjir standa að rannsókninni, í hvaða tilgangi hún er gerð og það sé farið með öll gögn sem trúnaðarmál (Sigurður Kristinsson, 2003, bls. 163).

Áreiðanleiki er mikilvægur á öllum stigum rannsóknarinnar og vísar til stöðugleika rannsóknarinnar. Mikilvægt er að koma í veg fyrir hvers konar skekkjur og passa upp á að koma fram við alla viðmælendur án tillits til stöðu þeirra, hæfni eða eiginleika. Rannsakandi þarf að vera meðvitaður á meðan á viðtalinu stendur og við greiningu gagna að mynda sér ekki skoðanir fyrirfram, spurningar séu ekki leiðandi og þegar kemur að úrvinnslu gagna að skoða þau vandlega (Choen, Manion og Morrisson, 2007, bls. 150-151). Einnig byggist áreiðanleiki rannsókna á að sé rannsóknin endurtekin verði niðurstöðurnar þær sömu (Hitchcock og Hughes, 1995, bls. 107).

3.9 Leyfi

Rannsakandi þurfti ekki leyfi frá Persónuvernd til að taka viðtöl við þátttakendur en rannsóknin er tilkynningarskyld. Fullum trúnaði var heitið varðandi meðferð allra upplýsinga og notkun gagna og því heitið að ekkert kæmi fram gegn vilja þátttakenda.

4. Niðurstöður

Í þessum kafla er greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Hann skiptist í átta undirkafla og í hverjum þeirra er spurningum og svörum viðmælenda gerð skil. Þau gögn sem voru talin skipta máli við greiningu og frekari umfjöllun eru dregin saman og þau greind eftir þemum og fléttuð inn í niðurstöðurnar þannig að lesandinn geti áttað sig betur á viðfangsefninu. Lagðar voru tíu hálfopnar spurningar fyrir viðmælendur en spurningar númer sjö, átta og níu voru settar saman í einn undirkafla. Ástæðan fyrir því var sú að spurningarnar snerust um samningsskóla og taldi rannsakandi að þær innihéldu svipað viðfangsefni og ættu því heima í einum undirkafla. Viðmælendur segja frá persónulegri reynslu, faglegri þekkingu og skoðunum á íslensku skólakerfi. Viðmælendur koma allir fram undir nafni.

4.1 Nám við hæfi í grunnskólum

Misjafnt var hvernig viðmælendur svöruðu fyrstu spurningunum sem lagðar voru fyrir þá en þær hljóða svo: *Í Aðalnámskrá grunnskóla, almenna hlutanum, kemur fram að allir nemendur eiga rétt á námi við hæfi í grunnskólum og að sveitarfélögum sé skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum. Telur þú svo vera og að hvaða leyti er þessum námstækifærum fullnægt innan grunnskólans? Telur þú að í dag í íslenskum grunnskólum sé verið að sinna hverjum og einum á hans forsendum?*

Flestir viðmælenda voru sammála því að ekki væri hægt að gera öllum til hæfis hvað varðar námstækifæri. Nokkrir veltu því fyrir sér hvað væri nám við hæfi og hvort breyta þyrfti þessu orðalagi í Aðalnámskrá grunnskóla, því það geti verið mismunandi eftir einstaklingum hvernig orðin við hæfi eru túlkuð. Út frá svörum viðmælenda er mikilvægt að velta fyrir sér orðunum við hæfi á þann hátt hvort bjóða eigi nemendum upp á fjölbreyttari kennsluaðferðir eða hvort frumkvæði kennarans eigi að vera stærri þáttur í skólastarfinu eða hvort nemendur eigi að setja sér skýrari markmið þegar kemur að náminu.

Karl Frímansson hafði velt þessu fyrir sér í starfi sínu. Hann fór inn í sex grunnskóla í lok ársins 2007, gagngert til að kanna hvar verið væri að sinna einstaklingnum sérstaklega. Hann sá að búið var að breyta kennslufyrirkomulagi,

stækka námshópa, búa til námssvæði og samþætta verk- og bókgreinar. Hins vegar átti sér ekki stað neitt formlegt námsmat eða skráning á framvindu námsins. Hann telur að ekki sé nóg að laga námið að þörfum nemandans ef framkvæmdin er með þessum hætti, eins og greina má á orðum hans:

Að eiga rétt á námi við hæfi; við eigum bara erfitt með að skilgreina hvað er nám við hæfi og það er nefnilega kjarninn í því að geta svarað því. Hvað er námi við hæfi, af því að oft erum við að skilgreina nám við hæfi út frá, vil ég meina, ómarkvissu og óáreiðanlegu mati ef við tölum um áreiðanleika og réttmæti; oft er matið á því hvar nemandinn stendur og getur, það er ekkert endilega áreiðanlegt. Það er að segja ef einhver annar kennari myndi skoða þetta þá myndi hann ólíklega fá sömu niðurstöður.

Orðin við hæfi álitur Gerður G. Óskarsdóttir vera frekar afstæð:

Við hæfi er náttúrlega mjög afstætt hugtak og eiginlega þyrfti ég að spyrja hvað þýðir við hæfi ... Hvernig mælum við það, hvernig metum við það, þetta hefur einhvern veginn aldrei verið almennilega skilgreint. En ef við hugsum að fólk hefur mismunandi námsstíl og það lærir á mismunandi hátt og það hefur mjög mismunandi áhugasvið þá held ég að skólinn sé ekki með tækifæri fyrir alla.

Jón Torfi Jónasson velti fyrir sér orðalaginu, að sinna hverjum og einum á hans forsendum eins og það kemur fyrir í Aðalnámskrá grunnskóla og telur að það hafi aldrei verið útkljáð hverjar væru forsendur hvers og eins. Því það er misjafnt hvernig við túlkum orð og kom hann með gott dæmi því til útskýringar, bæði hvað varðar vandann við að afla vandaðra upplýsinga en ekki síður að gera sér mat úr þeim. Hann segir:

Segjum að ég sé nemandi þinn; hvað þarft þú að finna út um mig til að geta sinnt mér á mínum forsendum ... og hvernig ætlar þú að finna það út? Myndir þú leggja einhver próf fyrir mig eða myndir þú umgangast mig af því að þú ert búin að kenna mér í nokkur ár eða hvernig á að treysta þeim upplýsingum, að hvaða marki á að taka tillit til heimilisaðstæðna eða námsaðstæðna eða áhuga? Ef ég hef ekki áhuga á neinu áttu þá að láta mig eiga mig því þú ætlar að taka tillit til mín? Eða áttu að snúa þessu við og reyna að vekja áhuga minn?

Sif Vígþórsdóttir sagði að það vær vel hægt að hafa nám við hæfi í grunnskólum og að viðhorfin í skólanum væru þannig að skólinn ætti að vera fyrir nemendur en að hugsunin þyrfti að breytast því mikilvægt væri að vera ekki alltaf að horfa á hvað girðingin sé há, heldur ætti frekar að nota tímann í að leita að hliði til þess að unnt væri að koma til móts við nemendur. Hún var þó ekki viss um að hverjum og einum væri sinnt á hans forsendum og fór inn á það hve mikið væri verið að kenna námsgreinar og markmið en að það væri ekkert endilega verið að kenna börnum. Hún álitur svo:

Skólinn á að laga sig að nemendunum en ekki eins og þetta hefur verið og er enn í mjög ríkum mæli að nemendurnir eigi að passa inn í einhverjar fyrirfram ákveðnar rúður sem við erum búin að búa til og auðvitað erum við þá ekki að vinna með þá á forsendum hvers og eins.

Ragnar Gíslason ályktar að íslenskir grunnskólar komi ekki til móts við alla nemendur á þeirra eigin forsendum. En um leið vildi hann þó ekki gagnrýna grunnskólakerfið á neikvæðan hátt.

Þórhildur Helga Þorleifsdóttir og Ragnar Þorsteinsson voru sammála Sif Vígþórsdóttur um það að nemendur fengju ekki fullnægjandi námstækifæri sem þeir ættu þó rétt á. Ragnar Þorsteinsson telur að það sé töluvert í það og að auki skilgreiningaratriði hvað við teljum að sé skylt að sjá öllum nemendum fyrir sem viðeigandi námstækifærum. Hann velti fyrir sér merkingunni. Gunnar Gíslason kom inn á nýju grunnskólalögin þegar kemur að rétti nemenda til náms og sagði:

Nemendur eiga rétt, ekki bara samkvæmt aðalnámskrá heldur samkvæmt lögum. Það er alveg kristaltært í nýjum grunnskólalögum að gert er ráð fyrir því að skóli sé án aðgreiningar og það þýðir að það eigi allir að eiga tækifæri í hinum almenna grunnskóla. Það þýðir náttúrlega að grunnskólanum er ætlað að koma til móts við alla miðað við áhuga, getu, þarfir og annað sem við getum tengt því. Þetta er kannski búíð að vera stóra verkefni grunnskólans mjög lengi en hann er langt frá því að vera búinn að leysa þetta mál.

Flestir viðmælendur voru sammála um að grunnskólinn ætti að vera fyrir alla og kom Guðni Olgeirsson inn á hvernig grunnskólinn virkar fyrir samfélagið:

Það eru allir sem fara inn í skólann og allir sem útskrifast en það er bara ekki þannig að allir fari út með viðeigandi menntun.

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til þess að koma til móts við nemendur, sem þurfa sérúrræði, með því að auka sérkennsluna. Gunnar Gíslason bendir á að grunngerð skólans er í sjálfri sér haldið óbreyttri. Einnig tekur hann fram að það sé til skóli fyrir alla en ekki menntun fyrir alla líkt og Guðni Olgeirsson telur. Gunnar Gíslason álitur þó að ákveðin skref hafi verið stigin, fram á við, með breyttu skipulagi skóla.

Flestir viðmælendur eru sammála því að það sé ekki til menntun fyrir alla og því augljóst að það er ekki hægt að koma til móts við alla nemendur í grunnskólanum. Viðmælendur rannsóknarinnar virðast allir hafa áhuga á því að finna leiðina að því að nemendur finni sig í íslensku skólakerfi. Þá er aftur komið að spurningunni um hvernig orðin, *við hæfi, að koma til móts við og forsendur hvers og eins* eru túlkuð. Því er mikilvægt að Aðalnámskrá grunnskóla sé skýr þannig að hver og einn skilji hana á sama hátt.

4.2 Þegar nemendur velja sér nám er það vegna áhuga

Margt hefur verið reynt í íslensku skólakerfi til að koma til móts við nemendur en mismunandi er hvað hentar hverjum og einum. Því þótti rannsakanda tilvalið að leggja eftirfarandi spurningu fyrir viðmælendur: *Telur þú það gerlegt að nemendur í grunnskólum fái tækifæri til að flokka sig sjálfir út frá sínu eigin áhugasviði? Svör viðmælenda byggðust aðallega á þeirra eigin reynslu af skólakerfinu sem nemendur, kennarar og stjórnendur. Meðal annars komu þeir inn á hvernig landsprófið virkaði hér áður fyrr, ferðakerfið á unglingastigi, námsmat, hæfnisþrep, samvalið á Akureyri og margt fleira.*

Guðni Olgeirsson og Ragnar Þorsteinsson vísa í nýju grunnskólalögin, að þar séu ekki ákvæði er varða val á námi og að nemendur eigi rétt á 30% vali í 8. til 10. bekk. Ragnar Þorsteinsson segir:

Nýju grunnskólalögin kveða mjög sterkt á um það að nemendur skuli eiga rétt. Það er ekkert bara stefnt er að, þeir eiga rétt á 30% vali í 8. til 10. bekk og það má kannski segja það að við getum allavega dregið þá ályktun að þegar nemendur velja sér nám sé það vegna áhuga.

Þeir telja gerlegt að nemendur geti flokkað sig sjálfir ef þeir fái tækifæri til að velja nám sitt út frá eigin áhugasviði en taka einnig fram að grunnskólalögin leyfi ekki nemendum að velja sig frá heilu sviðunum því það sé alltaf ákveðinn kjarni sem nemendum sé skylt að taka og Guðni Olgeirsson segir:

Það eru ákveðnir skyldunámsþættir í lögnum og það eiga allir að fara í gegnum íslensku og stærðfræði og erlend tungumál og náttúrufræði, listgreinar og svo framvegis. Þannig að ef einhver segir ég hef, mig langar ekkert að læra dönsku þá er ekkert í boði annað en að læra dönsku en það er ekkert ákveðið hvaða bók á að lesa eða hvernig hann lærir það eða hvernig hann kynnir sér þetta, hann þarf að læra dönsku.

Gunnar Gíslason telur, líkt og Guðni Ólgeirsson, gerlegt að nemendur flokki sig sjálfir en telur þetta að vísu vera spurningu um viðhorf og skipulag og þá einkum hvernig kennarinn sér nám nemandans. Hann talar um smiðjuleiðina/þemaleiðina sem er oft að finna í grunnskólum en þá eiga sér stað ákveðnir smiðjudagar/þemadagar og eru þeir í boði einu sinni til tvisvar sinnum á ári. Gunnar Gíslason væri til í að sjá þetta sem hluta af heildarskólastarfinu því með því að fara þessa leið fái nemendur tækifæri til að nálgast verkefni eins og þeir sjá þau fyrir sér og segir:

Ef menn fara þessa smiðjuleið sem kölluð er eða þemaleið þá er hægt að nálgast áhugasvið nemenda þótt allir séu að vinna að sama verkefni. Segjum bara að það eigi allir að fjalla um vatn. Þeir eiga að fjalla um vatnið út frá náttúrufræðilegum forsendum, samfélagsfræðilegum forsendum, landfræðilegum forsendum og við getum sagt bara svona stærðfræðilegum forsendum. Jafnvel efnafræðilegum eða eðlisfræðilegum.

Töluverð aukning hefur orðið á teymisvinnu kennara innan grunnskólanna á Akureyri, sem kemur aðallega til vegna aukins hlutverks og ábyrgðar kennara. Kröfurnar til kennslunnar eru orðnar svo margþættar og svo mörg hlutverk sem kennarinn þarf að sinna að hann ræður ekki við það einn, segir Gunnar Gíslason:

Það er ekki hægt að ætlast til þess að ein manneskja búi yfir öllum þeim hæfileikum og hafi alla þá getu sem til þarf til að takast á við allar greinar og tuttugu einstaklinga. Ég segi ekki orð um það meir.

Þórhildur Helga Þorleifsdóttir bendir á að í Lundarskóla vinni kennarar og annað starfsfólk í teymum. Nemendur fái val um hvernig þeir skila verkefnum þegar um þemaverkefni er að ræða. Hún álítur að það sé mikilvægt að nemendur fái ákveðna valmöguleika um hvernig þeir skila verkefnum sínum. Hún segir:

Ef ég tek sem dæmi 8. bekkinn. Auðvitað hafa nemendur ákveðið val þegar verið er að vinna í þemaverkefnum. Þá eru ekki allir á upptökuvélinni eða allir að gera þetta, þeir velja sér svolítið sjálf, fara kannski í þema og velja hvernig þau skila af sér, hvernig þeir vinna það, þá er náttúrlega

verið að vinna með áhugasviðið, heilmikið sko. Þannig að auðvitað er það gerlegt og væri jafnframt hægt ennþá fyrr.

Í Norðlingaskóla er lögð áhersla á að nemendum gefist tími til að vinna með áhugasvið sín og í hverri viku skipuleggja nemendur tíma til að vinna með það. Sif Vígbórsdóttir kom inn á námssamningana sem gerðir eru við nemendur:

Við bara búum til aðstæður þar sem þeir hafa aðgengi að kennurum sem búa yfir mismunandi færni. Eins og t.d. í 8., 9. og 10. bekk þá geta þau bara verið að vinna í áhugasviðinu sínu þegar þau vilja sjálf en til þess að hafa mannskap sem hentar þeim erum við með tvær sjötíu mínútna lotur í viku sem er áhugasvið og þá eru bara á vettvangi tónmenntakennarar, íþróttakennarar, list- og verkgreinakennarar, enskukennarar, leiklistarkennarar o.s.frv. Þannig að þau geta leitað í kennarahópinn að öllu mögulegu.

Sif Vígbórsdóttir leggur áherslu á að hún hafi engar áhyggjur af nemanda ef hann nær að útskrifast ánægður, sterkur og lífs glaður einstaklingur en ekki sem tapari (loser) og einnig að hann hafi til að bera færni til þess að komast þangað sem hann ætlar sér í lífinu.

Karl Frímannsson telur að nemendur geti fengið tækifæri til að flokka sig út frá eigin áhugasviði en að þeir geri það ekki endilega, það sé minna um slíkt í yngri bekkjum grunnskóla en þeim eldri. Í Hrafnagilsskóla framkvæma nemendur sjálfsmat. Hann segir:

Við erum með í íslensku, stærðfræði og ensku svona markmiðapakka, við köllum það þannig, það er að segja við hvern námsþátt er ákveðin uppbygging og það eru sem sagt nokkur markmið sem eru við hvern pakka. Við lok hvers pakka þá er námsmat; það getur verið munnlegt námsmat, það getur verið skriflegt en það er alltaf sjálfsmat nemenda.

Í unglíngadeildinni í Garðaskóla hafa nemendur tök á að fara í svokallað ferðakerfi sem byggist á hægferð, miðferð og hraðferð og einnig er boðið upp á flugferð í 9. bekk en þá klára krakkarnir 9. og 10. bekk á einu ári í fjórum námsgreinum. Nemendur geta síðan annaðhvort farið í framhaldsáfangu eða haldið áfram í fjölbraut í bóklegu námi eða veitt sér aukið val á síðasta ári grunnskólans. Ragnar Gíslason segir:

Ég held að skólarnir eigi að vera með þann möguleika en ég held að hann verði að vera eins og Fjölbrautaskólinn okkar eins og hann er settur upp. Það verður alltaf að vera hægt að skáskjóta sér aftur.

Ragnar Gíslason telur Garðaskóla hafa gert vel við þann hóp nemenda sem aðhyllist bóknám því síðastliðin þrjú ár hefur skólinn dregið Suðvesturkjördæmið upp í hæsta meðaltal á landinu hvað varðar einkunnir úr samræmdum prófum. Árið 2008 var komið á nefnd í Garðabæ til að hefja undirbúning á verk- og listnámsbraut við skólann. Kreppan skall síðan á, eins og Ragnar Gíslason orðar það, og þurfti því að fresta frekari undirbúningi um óákveðinn tíma. Hugmyndin gekk út á það að flokka námið í þrjá mismunandi hópa til að reyna að koma til móts við sem flesta nemendur. Fyrst var það nám fyrir bóknámsmiðaða nemendur, síðan fyrir nemendur sem eru list-, verk- og bóknámsmiðaðir og í lokin nám fyrir þá sem finna sig í hvorugum hópnum. Sá hópur þarf sérúrræði og Ragnar Gíslason segir sig ekki vera búinn að finna lausn á vandamáli hans en er að vinna í því.

Jón Torfi Jónasson nefndi dæmi sem vert er að hafa í huga þegar talað er um að nemandi geti flokkað sig út frá sínu eigin áhugasviði; spurningin er að hvaða marki það ætti að vera hægt. Hann velti því fyrir sér hvort nemandi ætti að geta valið sig frá lestri ef hann hefði ekki áhuga á að lesa eða hvort nemandi ætti einungis að stunda fótbolta í vali sínu því að þar lægi hans áhugi og segir:

Getur nemandi þá flokkað sig frá öllum slíkum greinum af því hann hefur bara ekki áhuga á þeim ... þá held ég að það sé ekki gerlegt.

Gerður G. Óskarsdóttir veltir fyrir sér valgreinum á unglíngastigi og bendir á að því stærri sem skólarnir séu því meira sé úr að velja og telur hún að nemendur velji sér greinar eftir áhugasviðum. Einnig kom hún inn á valið samkvæmt grunnskólalögum líkt og aðrir viðmælendur og benti á að hvaða skóli sem væri gæti farið upp fyrir viðmiðið og niður fyrir, þ.e. þau 30% sem nemendur eiga rétt á í valgreinar á unglíngastigi. Gerður G. Óskarsdóttir sagði að viðmiðunarstundaskránni væri fylgt stíft eftir og meira en nauðsynlegt væri. Hún tók einnig fram að ef auka ætti vægi valgreinanna þyrfti að fækka tímum í kjarnagreinum nema ef öllum nemendum væri skipt upp í val líkt og gert er í Norðlingaskóla:

Eins og Norðlingaskóli er í rauninni ... að samþætta þær og láta þær verða hluta að einhverju sem heitir val. Þannig að þú þurfir að beita ýmsum þeim greinum í því viðfangsefni sem þú velur þér. Það þarf að vera strúktúr utan um svona einstaklingsáætlanir og valkerfi ef maður vill

passa upp á að nemandi nái þeirri breidd sem við höldum að henti honum.

Að hann tynist ekki á einni braut eða á einni línu.

Viðmælendur höfðu ýmsar skoðanir á því hvort nemendur gætu flokkað sig út frá sínu eigin áhugasviði. En eins og fram kemur hjá þeim er augljóst að hagar nemenda er fyrir öllu og stöðugt er verið að reyna að finna leiðir til að koma til móts við þá. Þessar leiðir eru vissulega mismunandi eftir skólum. Í Garðabæ er til dæmis ferðakerfi en þá er nemendum skipt upp í hópa eftir getu. Í Norðlingaskóla fá nemendur tækifæri til að læra á þann hátt sem hentar þeim best.

4.3 Bókvitið verður í askana látið

Umræðan um bók-, list- og verknám hefur verið til staðar í þjóðfélaginu um alllangt skeið. Sumir telja meiri áherslu vera lagða á bóknám en list- og verknám í íslensku menntakerfi. Vegna þess viðhorfs taldi rannsakandi mikilvægt að leggja eftirfarandi spurningu fyrir viðmælendur rannsóknarinnar: *Telur þú að jafnt vægi sé á milli bók-, list- og verknáms? Ef ekki, hverja telur þú meginástæðu þess?*

Flestir viðmælendurnir töldu vægið ekki vera jafnt á milli bóknáms og list- og verknáms í grunnskólum landsins og vildu gjarna sjá betra vægi þar á milli. Ragnar Þorsteinsson segir:

Nú, kúltúrin á landinu bláa er sá að bókvitið verður í askana látið, eins og sagt er, en ekki verknámið.

Þórhildur Helga Þorleifsdóttir og Ragnar Þorsteinsson voru sammála um að bóknámi væri gert mun hærra undir höfði en list- og verkgreinum í skólakerfinu. Þórhildur Helga Þorleifsdóttir minnst þess að hér áður fyrr hafi Íslendingar haft töluverða minnimáttarkennd gagnvart bóknámi en í gegnum tíðina hafi þetta snúist við á þann hátt að minnimáttarkenndin er meiri í dag gagnvart verknáminu og segir:

Nú eiga allir að læra á bókina og ef þú ert ekki nógu góður á bókina þá getur þú farið í verknám.

Ragnar Gíslason er ekki á sama máli og Þórhildur Helga Þorleifsdóttir varðandi mismunandi vægi milli bók-, list- og verknáms, hann vill ekki svara fyrir aðra skóla en vitnar til þess að í lögunum segi að í 10. bekk sé meira svigrúm fyrir valgreinar en almennt í öðrum árgöngum.

Jón Torfi Jónasson nefnir að fram til ársins 2006 hafi komið fram í einni grein í löggjöfinni að jafnt vægi skyldi vera á milli bóknáms og verknáms. Bendir hann á að í 29. gr. laga nr. 66/1995 segi meðal annars: „Í starfi skólans skal leggja áherslu á ...

skilning og frjótt, skapandi starf og jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms“ (Lög um grunnskóla nr. 66/1995). Hann nefnir þetta dæmi oft í umfjöllun um þessi mál og skilur ekki hvers vegna ráðuneytið hefur tekið þetta út nema þá vegna þess hve fráleitt það sé að vægið sé jafnt. Verk- og listgreinar virðast vera hornreka í íslensku menntakerfi. Ástæðuna telur Sif Vígbórsdóttir vera þá að ekki sé gert ráð fyrir þessu í lögnum eða í viðmiðunarstundaskrá og telur hana vera „apparat“ sem megi henda því hún sé aldrei notuð. Í skólanum hennar er önnur nálgun í kennslunni en tíðkast annars staðar og segir hún:

... með smiðjunum þá náum við að vera með verklegar nálganir... í haust var smiðja um þróunarnefnd í 8., 9. og 10 bekk ... nemendur fóru í gegnum smiðjur og ein smiðjan var til dæmis skartgripir, listir og matvæli ... Þeir máttu ráða hvernig þeir skiluðu þessu og til dæmis þrír strákar sem allir eru gosar (ADHD), stórsnillingar, skiluðu verkefninu sem rapptexta og bjuggu til lag ... þeir gátu skilað þessu eins og þeir vildu.

Á unglíngastiginu virðist vera mun meira um bóknám en verknám og minnst Gerður G. Óskarsdóttir þess að í gamla daga hafi verið til verknámsbraut á unglíngastigi á meðan hún var í skóla. Hún segir:

Þá var sérstakur verknámsskóli í Reykjavík, Gagnfræðaskóli verknáms ... það var val að fara á verknámsbraut. Þar var mikið verknám ... vinkona mín var í verknámi og ég í bóknámi. Hún gerði alls konar flotta hluti, fannst mér. Saumaði á sig föt og bjó til alls kyns hluti úr keramik.

Með tilkomu grunnskólalaganna árið 1974 féll þetta niður og almennt val tók við. Gerður G. Óskarsdóttir kom inn á hvað Íslendingar væru mikil bóknámsþjóð og bóknámið hefði mun meira vægi í okkar samfélagi. Hún vitnaði í rannsókn sem hún gerði ásamt kollega sínum í Finnlandi en þar var gengi nemenda kannað. Borinn var saman námsferill eins árgangs í framhaldsskóla í Finnlandi og annars á Íslandi en rannsóknin fór fram árið 1995. Í báðum löndunum luku um 40% stúdentsprófi af árganginum en um 10% fóru ekki í framhaldsskóla. Í Finnlandi var hlutfall þeirra sem fóru í iðnnám eða starfsmenntun 30 til 35% og brottfallið um 15%. Á Íslandi var hins vegar um 35% brottfall en innan við 15% sem fóru í iðnnám eða starfsmenntun.

Guðni Olgeirsson tók undir það með Gerði G. Óskarsdóttur að ekki væri jafnvægi á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi en þó væru til skólar með tiltölulega gott vægi þarna á milli, þó einungis fram að fermingu. Guðni Olgeirsson telur að þá gerist eitthvað í kerfinu og telur hann það vera vegna þess að hefðin sé

ofboðslega sterk í bóknámi á unglingastigi. Stundatafla nemenda sé þétt og bjóði að mestu upp á bóklegt nám og að það sé einhvers konar lúxus þegar kemur að uppbroti í verklegum greinum. Hann var starfsmaður nefndar fyrir tveimur árum en hlutverk hennar var að endurskoða grunnskólalögin. Þar var gagnrýninni aðallega beint að gildi samræmdra prófa og hversu stýrandi þau hafi verið í starfi grunnskóla á unglingastigi, í gegnum tíðina. Flestir nemendur tóku þá fimm til sex samræmd próf og voru þetta bóklegar greinar en þessi próf voru valfrjáls. Þarna hefur orðið breyting á með tilkomu nýrra grunnskólalaga en í dag taka nemendur þrjú könnunarpróf að hausti; í íslensku, ensku og stærðfræði. Guðni Olgeirsson bendir á að flestir séu sammála því að þetta séu lykilgreinar. Hann segir:

Þá er spurningin ef þessi ástæða er farin burtu ... samræmdu prófin ... mun eitthvað breytast? Ég er ekkert viss um að það breytist eitthvað voðalega mikið við þetta. Ég held að það séu miklu dýpri ástæður fyrir þessu heldur en svo að þú getir breytt því og skellt skuldinni á samræmdu prófin. Ég held að þetta sé líka ... að það er mikil hefð á Íslandi að vera með bóknámsskóla á unglingastigi og ég tala nú ekki um á framhaldsskólastiginu.

Hann velti einnig fyrir sér hvort kennarafjöldi væri til fyrir allar þessar list- og verkgreinar. Einnig minntist hann á að list- og verkgreinar væru afar kostnaðarsamar í framkvæmd, það væri mun ódýrara að kenna hundruð manns ensku heldur en tónlist. Ragnar Þorsteinsson er sammála Guðna Olgeirssyni og er ekki alltof bjartsýnn á að vægi list- og verknáms á unglingastigi muni aukast í bráð, miðað við þrengingar þjóðfélagsins um þessar mundir. Hann telur frekar að það muni draga úr því um stund því list- og verknámið sé mun kostnaðarsamara en bóknám. Í framhaldsskólum í dag sækja langflestir krakkar um bóknámsskóla en fara svo síðar meir í verknám eða starfsnám. Ástæðurnar telur Guðni Olgeirsson vera margvíslegar og segir:

Þetta er einhver menning í samfélaginu sem gerir það að verkum að það eru svona miklar bóklegar áherslur ... en ég held að þetta sé mjög djúpt í samfélaginu og engin ein ástæða.

Ef litið er til baka má glögglega sjá að áhersla stjórnvalda hefur aðallega verið á bóklegar greinar í gegnum tíðina. Það eru stjórnvöld sem segja til um hvaða námsgreinar verði lagðar til grundvallar á samræmdum prófum eða samræmdum könnunarprófum. Gunnar Gíslason telur samræmt próf í verklegum greinum geta orðið til þess að þær fái aukið vægi innan skólans. Á unglingastiginu telur hann að

valið sé að aukast vegna þess að nemendur fái allt að þriðjungi náms síns í valgreinum. Þó svo að margir nemendur velji sér bóklegar greinar þá velji stöðugt fleiri greinar sem kallaðar eru lífsfylling en þar á hann við til dæmis líkamsrækt, útivist, gönguferðir, vélafræði, smíðar og heimilisfræði. Á Akureyri telur Gunnar Gíslason bilið á milli bóknáms og list- og verknáms stöðugt vera að minnka.

List- og verknám er bráðnauðsynlegt innan grunnskólanna að mati Karls Frímanssonar. Hann segir:

Við gætum alveg haft skóla hér sem væri bara enska, íslenska og stærðfræði ... en það er svo takmarkað nám og allt bóklegt nám á þessu aldurstigi; þá er mikilvægt að geta sett það í samhengi við það sem maður er að gera, við samfélag sitt, mynda sér skoðanir, geta verið í rökræðum og umræðum um mál og málefni og þar að auki liggur styrkur barna oft miklu frekar í verklega þættinum en bóklega þættinum.

Með því að bjóða upp á bóknám og list- og verknám verður komið betur til móts við þarfir nemenda. Karl Frímansson telur grunnskólann sinna þessum námsgreinum en segir jafnframt að ekki hafi allir grunnskólar aðstöðu til smíðakennslu eða leikrænnar tjáningar. Í framhaldskólunum er valið orðið það mikið að nemendur hafa tök á að velja sér nám við hæfi hvort sem um er að ræða bóknám, list- eða verknám.

Viðmælendur rannsóknarinnar virðast almennt vera sammála um að ekki sé jafnvægi á milli bók- og verknáms á unglíngastigi og telja augljóst að bóknáminu sé gert hærra undir höfði en öðru námi. Lög um grunnskóla gera ráð fyrir 30% vali á unglíngastigi og því hafa grunnskólar meira svigrúm til að bjóða upp á verknám en ella. Flestir viðmælendanna vonast til að sjá breytingu en eins og komið hefur fram hefur öll kennsla á unglíngastigi miðast við samræmd próf. Í dag hefur frelsið þó aukist, samræmdu prófin hafa verið lögð niður og könnunarprófin tóku við.

4.4 Það er hluti af öllu námi að blanda saman bók-, list- og verknámi

Viðmælendur rannsóknarinnar höfðu sitt hvað að segja um hugsanlegt val nemenda á milli bók- og list- og verknáms á unglíngastigi. Þeir voru þó flestir sammála um að auka þyrfti vægi verknáms innan skólanna, en eins og staðan væri í þjóðfélaginu nú væri verknámið afar kostnaðarsamt og því sennilega það fyrsta sem yrði fyrir niðurskurði. Misjafnt var eftir viðmælendum hvort þeir sáu fyrir sér val á milli bók- og verknáms. Sumir sáu það fyrir sér sem aðskildar námsgreinar, aðrir vildu blanda því saman við aðrar námsgreinar en ekki aðskilja þær. Þeir voru sannfærðir um að

nemendur nýttu sér þau 30% í vali, sem í boði eru á hverju námsári. Viðmælendur komu einnig inn á að nemendur ættu kost á að taka áfanga í framhaldsskóla í vali, en það væri að mestu leyti í bóknámsfögum. Spurningin var eftirfarandi: *Sæir þú fyrir þér hugsanlegt val á milli bók- og verknáms á unglíngastigi? Ef svo er, hvernig?*

Fyrir tíð samræmdu prófanna sem tekin voru upp árið 1976 höfðu nemendur val á milli bók- og verknámsdeilda innan skólans (en nú er meiri krafa um að ákveðin bókleg fræði séu kennd sem hluti í verknáminu). Af þeim sökum finnst Karli Frímánnssyni frekar erfitt að svara þessari spurningu, því samkvæmt námskránni sé ekkert val á milli bóknáms og list- og verknáms. Þar eru ákveðnir þættir sem ber að fara eftir. Hins vegar finnst honum mjög mikilvægt, eins og valgreinarnar eru í Hrafnagilsskóla að vera með verknámið sem val. Hann segir:

Við erum alltaf með fjóra áfanga sem koma til greina í vali. Núna er verið að smíða fuglaskoðunarhús, það er ein valgreinin. Alltaf fullt í myndmennt, alltaf fullt í textíl þar sem krakkarnir fá að sauma á sig fínar flíkur, og þau fá að fara í flott olíumálverk í myndmenntinni.

Nemendur hafa einnig fengið að taka bóknámsáfanga í Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA) en þá hafa kennarar í Hrafnagilsskóla kennt áfangann og farið eftir kennsluáætlunum VMA. Nemendur ljúka áfanganum með prófi í VMA. Karli Frímánnssyni finnst betra að fara þessa leið með nemendur sína heldur en að senda þá í fjarnám því hann telur það ekki henta þeim eins vel.

Gunnar Gíslason og Þórhildur Helga Þorleifsdóttir sjá ekki fyrir sér val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi, ólíkt Ragnari Gíslasyni, en hann sér það alveg hiklaust fyrir sér. Þau sjá fyrir sér blöndun á bók-, list- og verknámi og meira jafnræði á milli þessara námsgreina. Þórhildur Helga Þorleifsdóttir segir:

Mér finnst það ekki sniðugt því þótt þú sért góður í einhverju, viljir eitthvað 14 ára, þá er ekkert víst að þú viljir það sama 16 ára eða 18 ára eða 20. Mér finnst ágætt að þau fái að kynnast öllu og þurfi að taka einhvern grunn í einhverju en mér finnst líka að þau þurfi að taka einhvern grunn í verknámi.

Sé litið til skólustefnu Akureyrarbæjar má sjá þar umfjöllun um bókvit, verksvit og siðvit. Segja má að viðhorf Gunnars Gíslasonar séu hæfileg blanda af þessu þrennu þar sem hann segir þetta vera grundvallaratriði til undirbúnings fyrir lífið og vísar til ástandsins í þjóðfélaginu. Þórhildur Helga Þorleifsdóttir telur mikilvægt að breyta viðhorfinu til verknáms því á Akureyri sé hugsunin oft og tíðum sú að mun finna og

flottara sé að fara í Menntaskólann á Akureyri heldur en Verkmenntaskólann á Akureyri. Hún segir einnig að breyta þurfi þeirri hugsun að list- og verknám sé eingöngu fyrir þá sem finni sig ekki í bóknámi.

Líkt og aðrir viðmælendur mínir sér Ragnar Þorsteinsson ekki fyrir sér að nemendur velji annað hvort bóknám eða list- og verknám á unglingastigi, en hann vill samt sjá aukið vægi í valgreininum á milli þessara námsþátta og segir:

Ef vilji er fyrir hendi, þetta er allt bara vilji og viðhorf, og ef vilji og viðhorf er fyrir hendi, þá er aukið vægi verk- og listnáms.

Í Reykjavík gefst nemendum efstu bekkja grunnskólans kostur á að hefja nám á framhaldsskólastigi sem hluta valgreina í 9. og 10. bekk. Nemendur geta valið á milli bók- og verknáms. Samningur hefur verið gerður við Borgarholtsskóla og Fjölbrautaskólann í Breiðholti þar sem nemendur hafa val um að fara í verklegar greinar eins og t.d. trésmíði og málmsmíði. Helsta ókost þessara valgreina telur Ragnar Þorsteinsson vera að þessir áfangar eru nær eingöngu sóttir af drengjum, það vanti verklega áfanga þar sem stúlkur finni sitt áhugasvið.

Jón Torfi Jónasson sér ekki fyrir sér val á milli bók-, list- og verknáms á unglingastigi og vitnar í skólakerfisbreytinguna árið 1946 en þá átti gagnfræðiskólinn að vera tvískiptur í bóknámi og verknámi og var þetta reynt á nokkrum stöðum, en gekk ekki sem skyldi. Hann telur þó mikilvægt að líta á grunnskólann sem eina heild því allar tilraunir til að skipta grunnskólanum upp hafi runnið út í sandinn. Hann segir:

Það er þó skárra að hafa alla saman þótt þeir ráði ekki allir við það.

Nú standa yfir breytingar á kerfi framhaldsskólanna þar sem hugmyndin er að jafna stöðu bók- og verknáms en Jón Torfi Jónasson óttast að þessar breytingar verði til þess að verknámið verði endanlega útundan. Hann vitnar til fjölbrautaskólanna:

Þeir áttu að vera enn ein tilraunin til að jafna stöðu bóknáms og verknáms en þeir virkuðu öfugt þannig að verknámið varð smám saman undir.

Máli sínu til stuðnings rifjar hann upp sögu verknámsins og telur að í hvert skipti sem tilraun hafi verið gerð til að auka vægi verknámsins hafi kerfið tapað fyrir sjálfu sér.

Guðni Olgeirsson fullyrðir að enginn skóli á Íslandi sé búinn að ná því markmiði að vera með þriðjung af náminu í vali á unglingastigi enda sé þetta nýtt í lögunum. Hann sér valið fyrir sér á eftirfarandi hátt:

Ég sé það fyrir mér að þetta yrði ekki svona stíft val um einhverjar greinar eða svið sem þú velur að hausti, heldur að þetta sé miklu frekar sem lotur, vikur eða annir. Segjum að það kæmi þriggja vikna lota í skóla þar sem er val á milli alls konar bók-, verk- eða listnáms og það er bara ekkert annað í boði þær vikurnar.

Það að velja á milli bóknáms og list- og verknáms telur Guðni Olgeirsson vera gamaldags hugsunarhátt því það sé hluti af öllu námi að samþætta bók-, list- og verknám.

Skólakerfið gengur alltaf í hring, segir Gerður G. Óskarsdóttir, og bendir á að það komi allt aftur en að vísu verði alltaf einhverjar framfarir. Hún sér fyrir sér og það kæmi henni ekkert á óvart að gagnfræðaskóli verknáms kæmi aftur. Niðurstöður rannsókna sem hún hefur unnið í grunnskólum landsins benda til að það sé mismunandi milli skóla hvernig farið sé eftir viðmiðunarstundaskránni og að margir skólar virðist sveigja frá henni. Hún segir:

Hún er viðmiðun þó að menn fari meira og minna eftir henni. Hún er mjög stýrandi ... miklu meira stýrandi en lögin. Lögin hafa ekki verið beint stýrandi í þessum efnum, ekki einu sinni aðalnámskrá.

Sé litið til framtíðar veltir Sif Vígþórsdóttir fyrir sér stöðu nemandans, þegar hann hefur nám sitt í grunnskóla verði unnt að vinna út frá hans sterku hliðum þar sem gerð verði þroskaáætlun eða námsáætlun í samvinnu við nemandann sjálfan, fagfólk og foreldra. Hún vill að áætlun verði gerð með hverju barni þannig að nemandinn geti fundið sína leið til að ná ákveðinni færni. Sif Vígþórsdóttir telur Aðalnámskrá grunnskóla vera einhvers konar risaeðlu sem við séum hrædd við að sleppa.

Viðmælendur rannsóknarinnar eru sammála því að auka þurfi vægi verknáms en viðhorf þeirra eru mismunandi þegar kemur að því að finna færustu leiðina. Margt hefur verið skrifað og mikið hefur verið rætt um stöðu verknáms. Sagan sýnir okkur að ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til þess að auka vægi list- og verkgreina innan skólakerfisins, en leiðin virðist ekki vera fundin enn. Orð Jóns Torfa Jónssonar eru rannsakanda ofarlega í huga, en hann kemur inn á íslenska menntakerfið og segir að í hvert sinn sem auka eigi vægi verknámsins virki aðgerðir hamlandi, verknámi í óhag.

4.5 Hluti af einstaklingsmiðuðu námi er að geta valið út frá áhugasviði

Fjöldi grunnskóla á Íslandi leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám, með því er gjarnan átt við að kennarinn komi til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda með sveigjanlegum hætti. Nemendum er t.d. ætlað að öðlast færni við að tileinka sér mismunandi námsefni, ólík viðfangsefni og vinna á mismunandi hraða hvort sem þeir vinna einir eða í hópum. Rannsakandi velti því fyrir sér og fannst tilvalið að spyrja viðmælendur rannsóknarinnar: *Felst það í einstaklingsmiðuðu námi að hafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglingsstigi?* Flestir viðmælendur mínir töldu val á milli bók- og verknáms ekki vera einstaklingsmiðað nám.

Einstaklingsmiðað nám, að mati Þórhildar Helgu Þorleifsdóttur, er fyrst og fremst viðhorf kennara til nemenda. Hún segir afar mikilvægt að vinna út frá forsendum nemandans, kostum hans og styrkleikum til að finna út réttar námsaðstæður hans. Hún segir:

Mér finnst val á milli bók- og verknáms ekkert vera eða þarf ekkert að þýða einstaklingsmiðun ... en það getur að einhverju marki, en það þarf miklu meira að koma til ... Það er bara ekki nógu einstaklingsmiðað að segja: „Þú ferð í verknám“ og svo ertu bara í alls konar verknámi.

Gerður G. Óskarsdóttir er sammála Þórhildi Helgu Þorleifsdóttur og vitnar í gamla verknámsskólann en þar var ekki að finna einstaklingsmiðað nám heldur var nemandanum mætt með ákveðnum hætti því hann vildi frekar fara í verknám. Á þessum tímum var það þannig að nemendur sem voru ekki með góðar einkunnir í bóklegum greinum fóru í verknámsskólann. Margir kennarar og skólafólk almennt sjá alltaf verknámið sem leið fyrir þá sem geta ekki neitt á bókina. Hún segir:

Oft er það svo að þeir eru betri í höndunum en það þarf ekkert að vera, þeir geta líka verið lélegri í höndunum ... þetta er svo afstætt ... sá sem er góður í bóklegu getur líka verið rosalega flottur í höndunum.

Sif Vígbórsdóttir telur val á milli bók-, list- og verknáms á unglingsstigi geta verið einstaklingsmiðað nám. Guðni Olgeirsson segir:

Það á ekki að vera hægt að velja á milli heldur átt þú að hafa val um það hvað þú notar til þess að ná þessari færni.

Með því að velja á milli bók-, list- eða verknáms telur Ragnar Þorsteinsson að verið sé að mæta þörfum, áhuga og framtíðarpælingum nemandans. Hann er ekki viss

um að það flokkist undir einstaklingsmiðað nám að geta valið á milli námsgreina og segir:

Það er ekki einstaklingsmiðað nám þegar kennarinn stendur uppi við töfluna og allir 24 nemendur hans reikna sömu stærðfræðina á meðan ... þannig gæti það alveg eins verið í bóknámi og verknámi. En ef kennslufræðin býður upp á það að nemendur komist á misjöfnum hraða í gegnum það þá erum við að tala um einstaklingsmiðað nám.

Gunnar Gíslason telur hæfilega blöndu á milli bók-, list- og verknáms vera lykilatriði, en að allir þurfi þó að fara í gegnum ákveðinn kjarna. Þannig fái nemendur tækifæri til þess að njóta sín á því sviði sem þeir eru sterkastir á, hvert svo sem það kann að vera. Skilgreining hans á einstaklingsmiðun liggur í því að einstaklingurinn geti valið miðað við áhuga sinn og getu. Mikilvægt er að nemendur fái meira frelsi í að leysa verkefni þannig að þeir getir tekið bóklegar útfærslur og breytt þeim í verklegar en telur þó að allt sé þetta háð kennaranum. Ragnar Gíslason sér líka fyrir sér ákveðinn kjarna sem nemendur þurfi að taka þegar kemur að því að velja á milli bók- og verknáms og telur það vera einstaklingsmiðað nám þegar nemendur fái tækifæri til að velja. Hann veltir því þó fyrir sér hvaða greinar nemendur ættu að taka í kjarnanum og segir:

Hvenær eiga nemendur að velja sig frá grein sem við hingað til höfum talið grunngrein?

Hluti af einstaklingsmiðuðu námi er að geta valið út frá áhugasviðum og það telur Karl Frímansson að nemendur geri þegar þeir velja á milli bók-, list- og verknáms og svarar því spurningunni játandi. Skilgreining hans á einstaklingsmiðun er eftirfarandi:

Viðleitni kennara til að bregðast við eftir þörfum nemenda, mjög við skilgreining, þá erum við örugglega að bregðast við þörfum nemenda með því að gefa þeim val. En á hinn bóginn ef við erum með bóklegar greinar, segjum bara ensku, íslensku og stærðfræði, þá er kannski ekki mjög mikið val í því nema leiðirnar.

Hann telur einstaklingsmiðun í námi byggjast á viðhorfsbreytingum, því hér sé verið að nálgast nemendur út frá þeim sjálfum. Hann kemur einnig inn á mikilvægi þess að kennarinn ráði ekki öllu, heldur nái að tengjast nemandanum í gegnum námið og þeir vinni saman að markmiði nemandans. Nemendur þurfi að finna að kennarinn sýni þeim velvild. Karl Frímansson segir:

Svo að sýna það í verki að ég gef mér tíma til að tala við hvern og einn eða þá sem þurfa á því að halda til að koma verkefnum áfram.

Þrátt fyrir margvíslega túlkun viðmælenda á einstaklingsmiðuðu námi og misjafna skoðun á hvort það falli undir val á milli bók-, list- og verknáms, þá er augljóst á orðum þeirra allra að hagur nemandans er ætíð í fyrirrúmi og vilji þeirra til staðar til að finna bestu leiðina sem hentar hverju sinni.

4.6 Þessi lög eru frekar sveigjanleg

Með tilkomu nýrra grunnskólalaga, Lög um grunnskóla 2008 nr. 91 hefur skapast meira svigrúm innan skólastarfsins. Rannsakandi spurði viðmælendur: *Er hægt að hafa val á milli bók- og verknáms á unglingsstigi án þess að breyta núgildandi grunnskólalögum?*

Nokkrir þeirra litu svo á að möguleiki væri á að hafa val á milli bók- og verknáms en aðrir töldu það engan veginn gerlegt vegna ákveðinna kjarnagreina sem öllum nemendum er skylt að taka.

Túlkun Þórhildur Helgu Þorleifsdóttur á grunnskólalögum er á þann veg að ekki sé möguleiki á að hafa val á milli bók- og verknáms, nemendur þurfi alltaf að taka ákveðinn grunn í bóknámi. Í nýju grunnskólalögum var valið aukið í tíu tíma hjá 8. bekk og var það ákvörðun stjórnenda í Lundarskóla að nemendurnir fengju að kynnst undirstöðuatriðum verknáms. Nemendur eru áfram fjóra tíma á viku í valgreinum, eins og þeir eru vanir, en síðan var bætt við sex tímum í list- og verkgreinum og nemendur velja sér greinar innan þessa ramma. Hún segir:

Kennararnir skipulögðu þetta alveg sjálfir og þetta var meira að segja hugmynd frá þeim áður en þessi lög komu, það er svo frábært. Einn getur valið sér smíðar allan veturinn, annar getur valið að fara í textíl, smíðar og myndmennt.

Ragnar Þorsteinsson telur það afar erfitt og í raun ekki gerlegt að setja upp einhverja línu, bók-, list- eða verknáms, án þess að breyta núgildandi grunnskólalögum. Hann aðhyllist hæfnishugsunina og sæi þá útfærslu frekar fyrir sér. Það mætti líkja því við einingakerfið í framhaldsskóla þar sem nemendur læra ákveðna grunnfærni á ákveðnum hæfnisstigum. Þeir eiga síðan kost á að velja sér áfanga og hanna þannig sína eigin námsleið líkt og gert er í áfangakerfi. Hann álitur slíka útfærslu fullnægja öllum ákvæðum núgildandi grunnskólalaga.

Gerður G. Óskarsdóttir og Jón Torfi Jónasson telja lögina ekki hindra möguleika nemenda á vali í bók-, list- og verknámi á unglíngastigi og telja lögina veita frelsi sem grunnskólar hafi vanmetið. Gerður G. Óskarsdóttir hefur ákveðnar hugmyndir um val í verknámi og segir:

Ég hefði viljað að það hefði verið hægt að velja svona átta til tíu tíma á viku bara í smíðum ef einhver vildi það. Það væri járnsmíði, trésmíði og allt mögulegt eða handverk, keramik, hönnun eða eitthvað slíkt og það væri bara svolítið mikið.

Með því að bjóða upp á valið í verknámi á þennan hátt telur hún að komið yrði að vissu marki til móts við þarfir nemenda, en meira þurfi til en aðeins tvo tíma á viku hálfan veturinn líkt og gert hefur verið á undanförunum árum.

Í nýju grunnskólalögum eru engin ákvæði um vægi, það er hve margar stundir eru ætlaðar í verklega eða bóklega kennslu. Sif Vígbórsdóttir telur grunnskólalögina ekki vera hamlandi og sér fyrir sér mun sveigjanlegri stundatöflu. Nemendur hafi val um hvernig þeir vilji stunda skólann og sé skylt að skila tilsettum tímafjölda á viku.

Guðni Olgeirsson telur mikilvægt að nemandi hafi þá grunnsýn að val í námi sé á hans ábyrgð og tileinki sér þá hugsun frá upphafi grunnskólans. Hann lítur svo á að ekki þurfi að breyta grunnskólalögum til að ná þessu fram en ef til vill þurfi að setja þetta skýrar fram í aðalnámskrá. Nemandinn eigi að hafa val um það hvernig hann leysi verkefnið. Guðni Olgeirsson segir:

Hvort þeir leysa það einn eða með mörgum eða hvort þeir leysa það á listlegan, verklegan eða bóklegan hátt ... þessi lög eru frekar sveigjanleg hvað þetta varðar og útfærslan á náttúrlega að vera í skólanámskrá hvers skóla.

Guðna Olgeirssyni finnst það frekar gamaldags hugsun þegar nemendur velja valgreinar að vori fyrir næsta skólaár. Því oft sé það þannig að nemandi sem hefur eingöngu áhuga á listgreinum velur ekkert annað en það líkt og nemandi sem hefur aðeins áhuga á bóklegum greinum. Honum finnst að tryggja þurfi að valið verði ekki alltof einhæft hjá nemendum, frekar að þeir fái að kynnast sem flestu í námi.

Gunnar Gíslason telur að nýju grunnskólalögum veiti meira svigrúm hvað varðar breytingar á skólastarfi heldur en grunnskólalögum frá 1996 og þegar Aðalnámskráin hafi komið út með lögum 1996 hafi hún bundið skólakerfið rosalega og vonar Gunnar Gíslason að svo verði ekki með nýju grunnskólalögum. Hann segir:

En þú ert samt sem áður alltaf bundinn af þessum samræmdu könnunarprófum í þremur greinum.

Ragnar Gíslason álitur að nýju lögini opni ýmsar gáttir en um leið vill hann að frelsið sé innan mjög skilgreindra marka og segir:

Við þessir íhaldssömu, frjálsslyndu skólamenn ...við erum íhaldssamir vegna þess að allt sem heitir kerfisbreytingar viljum við fá að vita hvernig skuli útfæra en við viljum hafa frelsi. En frelsi verður að vera mjög bundið því við erum með skyldunám, við erum með börn.

Karl Frímansson veltir fyrir sér hvernig við skilgreinum bóknáms- og verknámsbrautir og telur að við suma skóla þar sem stærðarhagkvæmnin er til staðar sé hægt að gera nemendum sem vilja meira verknám hærra undir höfði. Núgildandi grunnskólalög eru örlítið sveigjanlegri varðandi tímafjölda og Karl Frímansson segir:

Við getum sveigt okkur aðeins á milli aldurstiga, innan aldurstiga, meira heldur en var. Þó að þetta virðist vera svolítið bundið, þá held ég að við getum gert þetta með öðrum hætti, ég er nánast viss um það.

Í flestum tilvikum eru viðmælendur rannsóknarinnar sammála því að nýju grunnskólalögin séu mun sveigjanlegri en áður og að þau veiti meira svigrúm innan skólastarfsins. Hins vegar telja sumir að viðmiðunarstundaskráin sé mest stýrandi hvað varðar breytingar innan skólastarfsins. Einnig kemur fram hjá þeim að mikilvægt sé að þróunarstarfi verði haldið áfram innan skólans. Mikilvægt sé að prófa sig áfram því þegar á reyni sé hægt að gera mun meira í íslensku menntakerfi en menn telji að sé hægt.

4.7 Skólar sveitarfélaganna eru nokkurs konar samningsskólar

Rannsakandi útskýrði fyrir viðmælendum rannsóknarinnar hvað fælist í hugtakinu samningsskóli og lagði svo fyrir þá spurningarnar: *Telur þú samningsskóla vera rekstrarform sem fellur að íslenskum grunnskólum og sveitarfélögum? Ef svo er, hvernig telur þú að það verði í framkvæmd? Hvaða kosti hafa samningsskólar til að bjóða upp á val í bók-, list- og verknámi á unglingsstigi?* Rannsakandi er Hafnafirðingur og var nýútskrifaður kennari þegar Áslandsskóli í Hafnarfirði var settur á laggirnar. Sá skóli var samningsskóli, sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi. Skólinn kom fram með margvíslegar nýjungar á sviði skipulags og menntunar. Rannsakandi taldi við hæfi að gera hann að umræðuefni og lagði fyrir viðmælendurna eftirfarandi

spurningu: *Áslandsskóli – fyrsti samningsskólinn á Ísland. Hverja telur þú ástæðuna vera fyrir því að rekstrarformið var aflagt?*

Viðmælendur rannsóknarinnar þekktu misvel til gerðar og uppbyggingar samningsskóla. Sumir ályktuðu sem svo að samningsskóla væri að finna í hverju sveitarfélagi þar sem nú gerði hver skóli samning við sitt sveitarfélag. Einnig ræddu sumir um almennt fyrirkomulag einkaskólanna og hvernig starfsemi þeirra væri háttað. Viðmælendurnir eiga það flestir sameiginlegt að sjá fyrir sér samningsskóla sem býður upp á val í bók- og verknámi á unglingsstigi, með mismunandi útfærslum þó. Flestir viðmælendurnir sögðust einungis hafa þekkingu sína úr blaðagreinum þegar kom að því að ræða um Áslandsskóla. Ýmsar vangaveltur komu þó fram hjá þeim, líkt og að gera samningsskóla að hverfisskóla á sínum tíma, pólitík hafi haft áhrif, Kennarasambandið ekki sátt, árekstrar á milli stjórnunaraðila o.s.frv.

Í Reykjavík er að finna skóla sem segja má að uppfylli skilgreininguna á samningsskóla og telur Gerður G. Óskarsdóttir þá vera Waldorfskóla, Tjarnarskóla og Hjallastefnuna. Einnig nefnir hún að í Reykjavík og á Akureyri séu margir einkaleiksskólar og að margir þeirra gætu því verið samningsleiksskólar. Hún bendir á að í Reykjavík sé gerður samningur við einkaskólana og að þeir fái ákveðna upphæð á nemenda, en það sé alltaf einhver grunnur sem þeir þurfi að fylgja. En til þess að skólar geti flokkast undir samningsskóla líkt og í Bandaríkjunum þyrfti bara að bæta inn í samninginn einhverjum markmiðum og lýsingu á því hvað þeir ætli að gera. Síðan væri eftirfylgnin í höndum borgarinnar, það er að meta hvernig til hefði tekist, hvort markmiðin hefðu náðst. Hún segir samningsskólana vera:

Rekstrarform sem fellur mjög vel að íslenskum grunnskólum og sveitarfélögum líka og er í rauninni í gangi en þó ekki formlega og ekki eins og ég segi, með þessum skilyrðum.

Gerður G. Óskarsdóttir lítur ekki á það sem vandamál að koma á samningsskóla á Íslandi, til þess þurfi fólk með hugsjón, eldmóð og hugmyndir. Það að fela einkaaðilum að reka Áslandsskóla sem hverfisskóla var ekki góð hugmynd að hennar mati og olli það óánægju meðal margra en ekki endilega að skólinn hafi verið samningsskóli. Hún nefnir enn fremur að árekstrar hafi orðið á milli yfirvalda og skólastjórans og kennaranna, en Gerður vill þó taka skýrt fram að hún þekki þetta mál ekki nema úr fjölmiðlum. Hún segir að til þess að fá nemendur inn í samningsskóla þurfi að auglýsa þá skóla mjög vel, fyrir hvað þeir standi og hugmyndafræðina. Reynslan á Íslandi sýnir að einkareknir skólar eins Waldorfskólinn og Tjarnarskóli

hafi færri nemendur en áður. Einnig bendir hún á að Barnaskóli Hjallastefnunnar sé ekkert annað en samningsskóli og aðeins vanti að Garðabær staðfesti það formlega með samningi þar sem markmið og sérstaða komi fram. Samningsskóli geti boðið upp á hvaða nám sem er því hann gangi út á að losa sig frá römmunum, segir Gerður Óskarsdóttir og segir enn fremur:

Rammarnir utan um skólann eru lögin, reglugerðir, þar með talin aðalnámskrá og stefnumörkun og fjárhagsrammi sveitarfélags geta ekki brotið sig út úr fjárhagsrammanum en þeir hafa fengið að brjóta sig út úr hinum römmunum.

Gerður G. Óskarsdóttir bendir einnig á að hugsanlega séu orsakanna fyrir litlu vægi list- og verkgreina og að þær hafi orðið undir, að leita í námsgreinunum sjálfum. Hún telur ástæðuna tvíþætta; annars vegar að í sumum þeirra séu sömu verkefni tekin fyrir ár eftir ár og hins vegar hvað greinarnar séu einangraðar innan skólans. Hún segir:

Kennararnir vilja hafa sínar stofur og vera í þeim og þeir vilja láta krakkana koma til sín í greinar sem heita þeirra greinar. Í staðinn fyrir að fara með verkefni sín út í skólasamfélagið, vinna þar og þvert á greinar.

Ragnar Þorsteinsson telur samningsskóla vera fyrirbæri sem ekki sé til á Íslandi, en segir að hér á landi séu til einkareknir skólar sem kallaðir séu einkaskólar. Hann segir að fimm slíkir séu í Reykjavík, en þar af bara einn á unglingsstigi og segir um einkareknu skólana:

Þessir skólar gera samninga við sveitarfélagið, þeir eru raunverulega með starfsleyfi frá menntamálaráðuneytinu. Gera samninga við sveitarfélagið um fjárgreiðslu sem er byggð á grunnskólalögum, 75% af meðalkostnaði allra grunnskóla í Reykjavík er lágmarksframlag til slíks skóla. Slíkur skóli skilgreinir raunverulega hvað hann stendur fyrir í ákveðinni skólanámskrá.

Ragnar Þorsteinsson telur ekki vera mikinn mun á einkareknum skóla og samningsskóla, alla vega út frá sinni skilgreiningu á hugtakinu. Hann segir hugmyndafræðina vera áþekka og sér vel fyrir sér samningsskóla og segir:

Ég get alveg ímyndað mér það ef hér kæmi einstaklingur eða félagasamtök sem bara vildu stofna svona skóla, samningsskóla, og gera samninga við eitthvert sveitarfélag sem hefði þær áherslur að efla verk- og listnám og tónlist.

Þórhildur Helga Þorleifsdóttir kemur inn á að samningsskóli falli að íslenskum grunnskólum og sveitarfélögum. Nú séu gerðar miklar kröfur um að skólar marki sé ákveðna sýn og stefnu. Á Akureyri sé farið að tala um það opinberlega að nýju grunnskólalögin geri ráð fyrir því að skólar marki sér sýn. Hún telur að þetta yrði auðvelt í framkvæmd á Akureyri því þar sé skólalaval fyrir nemendur en að þetta yrði erfiðara í framkvæmd þar sem um sé að ræða hverfisskóla. Hún segir:

Fólk verður bara að geta valið hvað hentar barni sínu.

Þórhildur Helga Þorleifsdóttir sér fyrir sér samningsskóla sem tvo unglingaskóla sem settir eru á stofn. Þá sé annar skólinn bóknámsskóli og hinn skólinn verknámsskóli. Hún bendir á að í nágildandi grunnskólalögum í 8., 9. og 10. bekk sé hægt að bjóða eingöngu upp á bóknám og íþróttir og að í samvalinu á Akureyri geti nemendur t.d. einungis valið sér bóklegar greinar. Hún segir:

Mér finnst þetta ótrúlegt, ég er í rauninni að fatta það núna í þessu viðtali hvað þetta er ótrúlegt. En það getur enginn tekið verknámslínu án þess að taka þessar grunneiningar í bóknámi, það er bara skylda.

Einnig kemur Þórhildur Helga Þorleifsdóttir inn á fjármálahlíðina og segir að það sé mun kostnaðarsamara að bjóða upp á verknám en bóknám. Þegar niðurskurður eigi sér stað innan skólakerfisins sé verknámið það fyrsta sem tekið sé út.

Karl Frímansson telur sjálfstætt starfandi skóla geta vel fallið undir þá skilgreiningu að vera samningsskóli og segir:

Það er opinbert fé látið í hendur samtaka eða einstaklinga til að þjóna ákveðnum tilgangi fyrir samfélagið. Það er gerður samningur, eins og hjá okkur, um lögbundið hlutverk sveitarfélaga, það er gerður samningur við einkahlutafélag eða sjálfseignarstofnun eða hvað það nú er til að koma þessu í framkvæmd.

Karl Frímansson kemur inn á grunnskólalögin og bendir á að í dag sé í lögunum ákvæði um að það sé heimilt og að sveitarfélaginu sé skylt að greiða 75% af kostnaði á nemenda, sveitarfélagið þurfi þó að samþykkja það. Eins og staðan er í dag telur Karl Frímansson að ekki sé enn búið að gefa þessu lausan tauminn. Að vísu veltir hann því fyrir sér af hverju ætti að bjóða upp á samningsskóla því samkvæmt bandarískum rannsóknum sé námsárangur nemenda í samningsskólum ekki betri en í opinberum skólum. Kosturinn sé þó að foreldrar fái aukið valfrelsi til að velja skóla fyrir barnið sitt en eins og staðan sé nú, velji foreldrar skóla fyrir barnið sitt í heimahverfi sínu. Einnig telur hann að fagstéttir stjórni miklu í stofnunum eins og

kennarar og ef sú þróun haldi áfram geti verið erfitt fyrir sveitarfélagið eða skólastjórnandann að gera breytingar á stefnu skólans. Gunnar Gíslason er sammála Karli Frímannssyni og bendir á að starfsmannahaldið snúi alltaf að ákveðinni löggjöf og standi vörð um starfsmenn sína og kjarasamningana. Því hafi sveitarfélögin ekki sama svigrúm og einkaaðilinn sem geri samning við sveitarfélögin.

Karl Frímannsson telur að ef hið opinbera borgi stofnkostnaðinn, sé ekkert mál að fara af stað með samningsskóla. Hann bendir á að verkgreinarnar séu mun dýrari en bóklegar greinar og því geti farið svo að það þurfi að greiða skólagjöld en ef námið sé það eftirsóknarvert, sé fólk ef til vill tilbúið að greiða þann kostnað. Karl Frímannsson var félagi í Íslensku menntasamtökunum á þeim tíma sem Áslandsskóli var stofnaður og einnig einn af ráðgjöfum skólans. Hann kynntist framkvæmdastjóranum mjög vel og telur hana vera eldhuga. Hann kom að undirbúningi skólans og nefnir tvær ástæður fyrir því að rekstrarformið var aflagt. Annars vegar að stjórnunarstrúktúrinn hafi verið óljós því leikskóli og grunnskóli voru reknir saman undir Íslensku menntasamtökunum og voru skólastjórar í hvorum skóla. Síðan var fjármálastjóri og að lokum framkvæmdastjóri sem fór með valdið því hann var yfir skólastjórunum og sætti fólk innan skólans sig ekki við að starfa með þeim hætti. Karl Frímannsson segir:

Ákvörðunarvaldið þar var svo óljóst vegna þess að framkvæmdastjórinn gekk í þetta þannig að hann ætlaði að ráða öllu og stjórna öllu en láta frá sér svona ákveðið ákvörðunarvald á mjög þröngu sviði og með ákveðnum skilyrðum.

Hins vegar telur Karl Frímannsson ástæðuna einnig vera að Kennarasambandið var í upphafi ekki hlynnt þessari hugmyndafræði og vann leynt og ljóst gegn skólanum. Hann segir:

Ég talaði við kennara sem voru þarna á þessum tíma. Forráðamenn Kennarasambandsins komu ... voru með fundi og næturfundi til þess að komast hjá því að stjórnendur vissu af því ... það voru teknar ákvarðanir með framámönnum KÍ sem urðu til þess að þetta fór allt á hliðina ásamt hinu.

Jón Torfi Jónasson veltir því fyrir sér hvort opinberir skólar séu að vissu marki ekki áþekkir samningsskólum. Þeir séu með eigin skólanámskrár en séu að vísu um leið stundum mjög íhaldssamir og fá fjárframlög sem þeir ráði talsverðu yfir, en að

vísu ekki launum. Hann bendir á að íslensku sveitarfélögin hefðu getað samið hvert fyrir sig um launasamninga kennara en ákváðu að gera það ekki og segir:

Myndu þau vera tilbúin að gera svona samning þar sem þetta væri fyrir utan launataxtana ... þá spyr maður sig hvort megi samkvæmt íslenskum lögum vera með sinn hvorn launataxtann í sitt hvoru sveitarfélaginu?

Það fellur ekki að núverandi kerfi að vera með ólíka launataxta innan grunnskólanna. Jón Torfi Jónasson telur þrjár ástæður vera fyrir því að Áslandsskóli gekk ekki en þó aðallega að of margt hafði verið reynt í einu. Í fyrsta lagi hafi hverfissskóli verið tekinn og honum breytt í samningsskóla. Í öðru lagi hafi verið ætlunin að breyta skólastefnunni. Þriðja ástæðan sé síðan að fólkið sem kom að þessu verkefni hafi kannski ekki náð nægilega góðu sambandi við umhverfi sitt. Hann álitur að ef einungis hefði verið byrjað á að breyta einum þætti í einu þá hefði þetta frekar gengið upp.

Líkt og aðrir viðmælendur mínir telur Gunnar Gíslason ákveðnar útfærslur af samningsskóla vel útfæranlegar innan kerfisins á Íslandi. Þetta kalli þó á ákveðnar breytingar gagnvart stjórnámálamönnum, þeir þurfi að dreifa ábyrgðinni meira til annarra og leyfa fleirum að koma að ákvarðanatökunni. Hann segir:

Þótt það hafi að miklu leyti verið gert hér, til dæmis, og við séum í raun og veru að iðka þetta upp að ákveðnu marki, þá eru skólarnir samt sem áður undir ákveðnum miðlægum ákvörðunum sem stundum gera þeim erfitt fyrir.

Gunnar Gíslason hefur ákveðna hugmynd um hvernig hann vill sjá grunnskólana starfa. Hann vill að gerðar séu ákveðnar kröfur til skólanna, þeir þurfi að uppfylla ákveðna staðla, bæði gagnvart því hvernig þeir velja nemendur inn, hvernig uppeldiskerfið er sett inn, kennslukerfið o.s.frv. Skólinn þarf að geta rökstutt þessa þætti og sýna fram á árangur til þess að fá fjármagn til rekstursins. Gunnar Gíslason sér fyrir sér að hægt sé að gera samninga við fyrirtæki varðandi verklegan þátt námsins, því það nám sé mun kostnaðarsamara en annað nám, þegar kemur að stofnun samningsskóla. Í samvalinu á Akureyri hefur þetta verið gert þannig að gerðir hafa verið samningar við Leikfélag Akureyrar og framkvæmdadeild bæjarins um afnot af húsnæði og fá þá nemendur afnot af verkfærum. Gunnar Gíslason sér ekki fyrir sér skóla sem býður upp á val í bók- og verknámi á unglingastigi og segir:

Ég svona velti því fyrir mér: Er þá æskilegt að búa til framhaldsskóla versus yngribarnaskóla? Ég er afar lítið skotinn í þeirri hugmynd og byggi hana aðallega á því að mér finnst unglingsárin vera þau ár sem eru mörgum erfiðust.

Hann vill frekar sjá grunnskólana sérhæfa sig meira með einum eða öðrum hætti og nýta svo samvalið líkt og gert er á Akureyri. Þannig sé hægt að gefa nemendum ákveðið val og sveigjanleika.

Þegar kemur að því að ræða um Áslandsskóla minnst Gunnar Gíslason þess að helsta umkvörtunarefnið á þessum tíma hafi verið að ekki væru nægilega skýr skil á milli framkvæmdastjóra skólans og skólastjórans. Hann telur að um leið og árekstrar stjórnunarlegs eðlis verði, þá valdi það titringi í starfsmannahaldinu og hafi um leið áhrif á skólastarfið. Einnig bendir hann á, líkt og Gerður G. Óskarsdóttir, að þarna hafi átt að gera Áslandsskóla að hverfis-skóla þannig að foreldrar hefðu ekkert val. Hins vegar sé mikilvægt fyrir foreldra að fá að velja í hvaða skóla þeir vilji senda börn sín, eins og tíðkast á Akureyri, og segir:

Á Akureyri áttu þó kost á því að velja skóla fyrir barnið þitt. Við erum ekki með skólaakstur um allan bæinn en það er frítt í strætó.

Gunnar Gíslason bendir á að samkvæmt öllum rannsóknum þrífist 90 til 95% nemenda í hvaða kerfi sem er. Hann segir að Naustaskóli sé nýr skóli á Akureyri og hann hafi verið gagnrýndur bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt að því leyti að þar sé verið að umbylta því skólaskipulagi sem foreldrar á Akureyri þekkja. Hann segir:

Eitthvað verður að láta undan í því gamla til að geta mætt nýju.

Guðni Olgeirsson álitur að skólar á Íslandi séu mjög sjálfstæðir og að skólar sveitarfélaganna séu nokkurs konar samningsskólar nema að því leyti að þar er ekki metinn árangur, innra mat og hvernig til tókst. Guðni Olgeirsson vísar í nýju grunnskólalögin en þar er gert ráð fyrir því að sveitarfélagið fylgist betur með eigin skólum, námsframboði og mismunandi skólagerðum, sveitarfélögin eigi að móta sér sína eigin skólastefnu sem birtist inni í skólunum og segir:

Sveitarfélögin eru kaupendur þjónustunnar, setja ákveðin markmið, ákveðin grunngildi, grunnlínur, grunnstefnu. Síðan er skólans að útfæra það út frá lögum og öðru en sveitarfélögin geta sett sínum skólum svona viðmiðun.

Einnig kemur Guðni Olgeirsson inn á að á Íslandi eru um 2% nemenda í einkareknum skólum en á hinum Norðurlöndunum er hlutfallið 20 til 30% nemenda. Ásókn foreldra

í einkarekna skóla er ekki mikil hér á landi. Guðni Olgeirsson telur að ef sveitarfélagið samþykki samningsskóla sé ekkert mál að vera með skóla sem bjóði upp á val í bók-, list- og verknámi á unglíngastigi. En um leið telur hann Áslandsskóla ekki vera gott dæmi um samningsskóla og segir ástæðuna vera að það átti að þvinga samningsskóla inn í hverfisskóla og segir:

Hugsunin er sú að þessir skólar séu svona val til viðbótar.

Sif Vígbórsdóttir telur mun meira frelsi vera innan kerfisins en við gerum okkur grein fyrir. Hún hefur oft verið spurð að því hvernig hún geti gert þetta allt saman því að Norðlingaskóli sé bara hverfisskóli í Reykjavík. Hún segir:

Það hefur aldrei nokkur maður sagt við mig hjá yfirvöldum, hvorki hjá ráðuneytinu né borginni: „Bíddu nú við, Sif, hvað ertu að gera?“ Þannig að það er alveg hægt að fara aðrar leiðir.

Sif Vígbórsdóttir segir að Norðlingaskóli hafi sýnt fram á að hann uppfylli allar skyldur og reglugerðir, að mati starfsmanna skólans. Hún segir að sumar reglugerðir uppfylli skólinn, aðrar fari hún sem skólastjóri mjög frjállega með og að það viti allir. Sif Vígbórsdóttir álitur það hafa háð starfsemi Áslandsskóla hversu náíð var fylgst með öllu því starfi sem þar fór fram. Hún telur jafnframt að orðspor þeirra sem eru í forsvari skipti máli og hversu duglegir þeir eru að selja hugmyndina, stangist hún á við hið hefðbundna skólastarf.

Þrátt fyrir að Sif Vígbórsdóttir tali um frelsi Norðlingaskóla innan kerfisins er Ragnar Gíslason ekki alveg sammála því. Hann telur að búið sé að þrengja lögin enn frekar sem hafi mikil áhrif á opinberu skólana. Ragnar Gíslason telur að það sé mikilvægt að rými sé fyrir forsprakka og aðra sem vilja gera hlutina upp á eigin spýtur innan skólakerfisins. Samningsskólar eigi því fullan rétt á sér, svo framarlega sem búið sé að setja ákveðnar reglur sem menn átti sig á. Þá séu samningsskólar einfaldlega enn einn valkosturinn innan skólakerfisins.

Ragnar Gíslason telur mikilvægt að samstarf sé milli grunnskólans og framhaldsskólans til að geta boðið upp á val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi en um leið þurfi að huga að félagslega þættinum því hann skipti miklu máli hjá unglíngum. Hann segir:

Krakkarnir vilja líka vera saman í félagslífinu og eru í skóla til að hitta jafningja sína, fara saman í ferðalög, eða hafa sama áhugamál ... skóli er miklu meira heldur en nám .. það er sjálfsagt mál að það sé sniðið að þörfum hvers einstaklings eins og kostur er.

Flestir viðmælendur rannsóknarinnar telja starfsemi grunnskólanna nú ekki óáþekka starfsemi samningsskóla því þeir fá að móta sína eigin skólafélag og skólanámskrá, séu mun frjálssari en áður og hafi meira svigrúm. Hugtakið samningsskóli sé ekki eins þekkt á Íslandi og í Bandaríkjunum en spurning sé hvort ráð sé að nýta sér ný grunnskólalög til að stofna slíka skóla hér á landi.

4.8 Mannleg tregða og hefð

Lokaspurning rannsóknarinnar sem lögð var fyrir viðmælendur hljóðaði svo: *Hverja telur þú þröskuldana vera varðandi breytingar á uppsetningu náms á unglingsstigi?*

Orðið *hefð* var algengt í umfjöllun viðmælenda minna um breytingar á skólafélagi á unglingsstigi.

Til þess að breytingar geti átt sér stað á uppsetningu náms á unglingsstigi telur Þórhildur Helga Þorleifsdóttir að viðhorfsbreytingu þurfi til og segir:

Það skiptir einhvern veginn öllu máli því það er allt hægt ef þú hefur rétta viðhorfið.

Gerður G. Óskarsdóttir kemur inn á hefðirnar og hvernig framhaldsskólinn hafi haft óbeina stýringu inn í grunnskólann, því þar sé alltaf þessi ákveðna samkeppni nemenda að komast inn í ákveðinn framhaldsskóla. Einnig hafi samræmdu prófin stýrt miklu og spurning sé hvort skólarnir hafi látið þau stýra meira en þurfti. Því telur hún spennandi að sjá hvort breytingar eigi eftir að eiga sér stað eftir að samræmdu prófin voru gerð að könnunarprófum. Hún segir:

Framhaldsskólinn er alveg óhemju bóknámsmiðaður og þar hefur hin akademíska lína einhvern veginn svo mikið yfirhöndina ... svo eru þessar svonefndu almennu brautir og það er bara bóknám; af hverju ekki verk nám þar, af hverju ekki verkstæði?

Gerður G. Óskarsdóttir telur að ekki hafi verið farin rétt leið við framkvæmd almennra brauta framhaldsskólans, sem í boði eru fyrir nemendur með slakan árangur í bóknámi. Á þessum brautum sé mikið um bóknám og því megi segja að framhaldsskólinn hafi ekki komið til móts við nemendur sem hafa ekki tileinkað sér bóknámsmiðað nám í grunnskóla. Að vísu eigi sér stað breyting innan framhaldsskólans því hann sé nú bundinn fræðsluskyldu og sé skylt að bjóða fram nám fyrir alla nemendur upp að 18 ára aldri. Staðreyndin sé þó sú að það séu ekki allir skólar sem geri það.

Ragnar Gíslason telur hefðina, faggreinaskiptinguna og viðmiðunarstundaskrána vera þröskuldana sem hamli því að breyting geti orðið í námi á unglिंगastigi. Hann bendir á að í unglिंगaskólum sé búið að byggja upp akademískar hefðir og þar séu oft sterkar faggreinadeildir sem oft og tíðum sé kostur en um leið geti það einnig verið þröskuldur. Hann segir:

Þar sem þröskuldarnir eru oft og tíðum er hefðin á bóknámið og síðan auðvitað peningar. Verknámið kostar meira og margir skólar hafa gert þau hræðilegu mistök að draga úr list- og verknámi vegna þess að það kostar peninga.

Ragnar Þorsteinsson telur mannlega tregðu og hefð vera ástæðuna fyrir því að erfitt sé að breyta skólastarfinu og segir:

Kennarar eru mjög íhaldssamir þegar kemur að breytingum á unglिंगastigi; skólastjórar, kerfið og foreldrar eru líka mjög íhaldssamir.

Í nokkrum grunnskólum í Reykjavík hefur unglिंगastigið verið brotið upp, t.d. með því að kenna 8. og 9. bekk saman; nemendur flæða á milli skólastiga, öðruvísi námsmat og færri próf. Ragnar Þorsteinsson bendir á að um leið og breytingar eigi sér stað innan skólakerfisins, heyrir oft hátt í foreldrum vegna þess að þeir viti ekki hvar barnið þeirra er stadd í náminu; það séu aldrei nein próf, námsmatið sé ekki eins og það hafi verið áður o.s.frv. Þetta sé kannski einhvers konar íhaldssemi. Ragnar Þorsteinsson segir:

Þú átt örugglega eftir að fá allt annað viðhorf hjá henni Sif Vígþórsdóttur. Ég veit að viðhorfin í þessa veru uppi í Norðlingaskóla eru alveg frábær og af hverju eru þau frábær? Vegna þess að það er traust á milli foreldrasamfélagsins og kennarasamfélagsins og börnin skynja náttúrulega það traust og þess vegna spila þau með.

Sif Vígþórsdóttir vill að hætt verði að kenna einstakar greinar og þess í stað eigi að fara að kenna börnum. Hún telur það lykilhugsun í skólastarfi. Hún segir:

Það á að vera hlæjandi skóli.

Einnig telur Sif Vígþórsdóttir að áherslan eigi að vera sú að nemendur nái að temja sér skapandi hugsun, þeir eigi að fá að prófa sig áfram í námi, hvaða leiðir henti þeim best til að ná ákveðinni færni, læri að vera ábyrgir og öruggir með sig og glaðir. Í Norðlingaskóla sé lögð áhersla á að útskrifa sterka, lífsglaða, sjálfsörugga nemendur.

Guðni Olgeirsson kemur inn á hefðina líkt og aðrir viðmælendur og segir að hugarfarslegur þröskuldur sé aðal fyrirstaðan. Hann bendir á að þetta sé sami

þröskuldur og valdi því að ekki hafi tekist að breyta því að krakkar sem ljúka grunnskóla sækja ekki í auknum mæli í einhvers konar list-, verk- eða starfsnám í framhaldsskólanum. Hann segir:

Það eru 70 til 80% grunnskólanemenda sem vilja fara beint í menntaskólanám, bóklegt nám, bara strax. Meðan að í Danmörku telst það ágætt ef bara 30% vilja stefna á eitthvert svoleiðis hart bóknám.

Hugsanlega verða nemendur fyrir áhrifum frá foreldrum sínum við val á námi eftir grunnskóla. Aðstandendur hafa miklar væntingar til barna sinna og bóknám er þeim gjarna efst í huga og tengja það við skóla eins og t.d. Menntaskólann í Reykjavík, Menntaskólann við Hamrahlíð eða Verslunarskóla Íslands. Guðni Olgeirsson bendir á að síðustu tíu árin hafi lítið sem ekkert breyst þegar komi að innritun í framhaldsskólana því nemendur velji sér bóknám. Hann segir:

Það er ekki fyrsta val að fara í starfsnám, verknám eða listnám. Kannski er það bara vegna þess að þetta er svona hjarðhegðun; það vilja bara allir vera saman og menn segja það kannski.

Sé hugsað út frá framhaldsskólanum telur Guðni Olgeirsson ástæðuna hugsanlega vera að í rauninni taki unglingurinn ekki neina ákvörðun ef hefðbundinn menntaskóli verður fyrir valinu. Hann segir:

Þú ert að fresta ákvörðuninni um hvort þú ætlir að fara í almennt nám eða eitthvað þínulítið öðruvísi nám. Á meðan þú ákveður strax 16 ára að fara inn í iðnskólann að læra trésmíði þá ertu að taka ákveðna ákvörðun. Ef þú segir að þú ætlir að fara í Versló eða MH, það er allt önnur ákvörðun.

Viðbrögð kennara og stjórnenda hafa mikið að segja þegar kemur að breytingum í skólastarfi. Gunnar Gíslason greinir frá því að á Akureyri hafi verið farið í gegnum stefnumótunarvinnu eins og skólafestununa, en þar sé ákveðin lína lögð og meginatriðin dregin fram. Síðan séu það fagmennirnir, kennararnir, sem eigi að útfæra þetta enn frekar. Gunnar Gíslason lítur svo á að mikilvægt sé að kennarar séu tilbúnir að stíga út fyrir þægindahringinn til þess að geta tekist á við margbreytileikann. Hann segir um leið að þetta sé ekki alltaf einfalt. Það þurfi kjark til þess að takast á við breytingar því nýjar aðstæður kalli á óöryggi í starfi. Hann segir einnig mikilvægt, þegar hrinda eigi nýrri hugmynd af stað, að ná að selja hana þannig að maður vinni með fólkinu á þann hátt að það styðji við bakið á manni. Hann segir:

Þetta er bara margbrotinn dans sem maður þarf að fara í. Þetta er spurningin um að leiða fólkið í vinnuna og fá það með sér. Hafa gulrótina einhvers staðar alveg augljósa en um leið viðurkenna það að þetta muni taka tíma og verði jafnvel erfitt.

Gunnar Gíslason telur að skólastjórnendur þurfi einnig að velta því fyrir sér hvað þeir geti gert til að auka árangur innan síns skóla. Þeir þurfi að vera meðvitaðir um að gera kröfur til kennara um að þeir vinni faglega og einnig þurfi að eiga sér stað fagleg umræða innan skólans. Hann segir:

Ég held að flesta kennara þyrsti í það að eiga faglega umræðu í starfi sínu. Fá þá til þess tækifæri að ræða það, þróa það, finna nýjar leiðir. Ég hef bara þá tröllatrú á fólki að það sé alltaf að gera eins vel og það getur.

Í Hrafnagilsskóla hefur Karl Frímansson velt því fyrir sér að hafa bara eina einingu á unglíngastiginu. Hins vegar séu alltaf þröskuldar og enn sé ekki komin niðurstaða um hvernig hægt sé að framkvæma þetta. Karl Frímansson segir:

Eigum við að búa til eina einingu á unglíngastigi, hugsa hana sem samkenslu? Það er kennarateymi sem kemur að því, svona kjarninn, og fyrir þá nemendur sem vilja fara eitthvað hraðar í gegnum grunnskólann sem hafa forsendur til þess.

Með því að skapa eina heild á unglíngastigi er nemendum gefið tækifæri til að hugsa um hvort þeir vilji útskrifast ári fyrr eða ekki. Það hafi hins vegar ekki gengið sem skyldi að fá kennarahópin til að sjá kostina við að fara þessa leið. Karl Frímansson segir að það sem sé jákvætt við það ferli að koma af stað breytingum innan skólasamfélagsins, sé umræðan á meðal starfsfólksins. Það sé hún sem komi þeim áfram. Hann bendir á að grunnskólinn sé óðum að nálgast framhaldsskólann að því leyti hvað hann sé bóknámsmiðaður. Stöðugt sé verið að auka áhersluna á bóknám og skrifleg próf og segir:

Framhaldsskólinn er langt á eftir okkur í kennsluáðferðum og skólaþróun ... en margt af skipulagi og áætlunargerð er mun betra í framhaldsskóla heldur en hér.

Karl Frímansson bendir á að sé litið til skólasögu okkar Íslendinga megi glögg sjá að áherslan hafi að mestu verið á bóknám, jafnvel á kostnað annars konar náms eins og list- og verknáms.

Viðmælendur rannsóknarinnar voru sammála um að bóknámshefðin væri enn ríkjandi og erfitt gæti verið að breyta gömlum viðhorfum. Eins og fram kom í viðtalinu við Guðna Olgeirsson þá er það viðhorf samfélagsins sem hefur hvað mest áhrif á hvað nemendur velja sér. Þegar nemandi í grunnskóla velur sér, sem dæmi, aukaáfangi í stærðfræði sem hjálpar honum upp í framhaldsnámið í staðinn fyrir leiklistarkúrs, sé það þessi praktíska hugsun. Foreldrarinn styðji þess konar hugsun, kennararnir hvetji til hennar og stjórnendur meti hana. Nokkrir viðmælendur komu inn á almenn viðhorf til verknáms.

5. Túlkun á niðurstöðum – umræða

Í þessum kafla túlkar rannsakandi helstu niðurstöður rannsóknarinnar í þeim tilgangi að draga ályktanir og svara þeirri rannsóknarspurningu sem lagt var upp með: *Hvaða möguleikar eru á að viðhafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi í grunnskóla?*

Tilgangur rannsóknarinnar var að öðlast dýpri skilning á íslensku skólakerfi og finna hvaða möguleikar væru á vali milli bóklegra og verklegra greina á unglíngastigi. Leitað var til viðmælenda sem rannsakandi taldi hafa faglega þekkingu, reynslu og skoðanir á vali milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi í grunnskóla.

Til þess að greina og dýpka svör viðmælenda minna studdist rannsakandi við undirspurningar:

- a. *Hvernig er hægt að koma við vali á milli bók-, list- og verknáms innan ramma núgildandi laga um grunnskóla?*
- b. *Hvaða kosti hafa samningsskólar til að bjóða upp á val í bók-, list- og verknámi á unglíngastigi?*
- c. *Hvernig henta samningsskólar íslenskum grunnskólum og sveitarfélögum?*

Í upphafi hvers kafla koma fram spurningarnar sem lagðar voru fyrir viðmælendum, því næst eru dregnar fram helstu niðurstöður og að því loknu eru umræður. Í lokin er að finna samantekt en þar koma fram helstu niðurstöður rannsóknarinnar.

5.1 Nám við hæfi í grunnskólum

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almenna hlutanum, kemur fram að allir nemendur eiga rétt á námi við hæfi í grunnskólum og að sveitarfélögum sé skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum. Telur þú svo vera og að hvaða leyti er þessum námstækifærum fullnægt innan grunnskólans? Telur þú að í dag í íslenskum grunnskólum sé verið að sinna hverjum og einum á hans forsendum?

Það vakti athygli rannsákanda að viðmælendum lögðu mismunandi skilning í orðin við hæfi. Þeir sögðu: *Að eiga rétt á námi við hæfi ... hvað er nám við hæfi ... við*

hæfi er náttúrulega mjög afstætt hugtak og eiginlega þyrfti ég að spyrja hvað þýðir við hæfi.

Fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla, almenna hlutanum, að eitt af grundvallarviðmiðum grunnskólans sé að bjóða nemendum nám og kennslu *við hæfi*, þ.e. að veita nemendum menntun *við hæfi* hvers og eins. Skólar og skólayfirvöld leggja áherslu á að finna leiðir til að koma til móts við ólík áhugamál og getu nemenda. Einnig að boðið verði upp á metnaðarfull námstækifæri *við hæfi* allra nemenda því hver þeirra á að geta fundið nám *við hæfi* sem eflir hann og þroskar. (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 9). Út frá svörum viðmælenda rannsakanda vöknudu nýjar spurningar sú fyrsta var: Hvað merkja orðin *við hæfi*? Ljóst er að skapa þarf faglega umræðu meðal skólamanna til þess að freista þess að ná fram sameiginlegri túlkun á merkingu þessara orða. Því eins og kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla í dag og lögum um grunnskóla nr. 91/2008, er það í höndum hvers og eins að skilja orðin á sinn hátt. Hjá Reykjavíkurborg eru gefnir út bæklingar varðandi árlegar starfsáætlanir leikskóla- og menntasviðs. Í Stefnu og starfsáætlun menntasviðs Reykjavíkurborgar 2009 (bls. 7) er að finna hvernig nám við hæfi hvers og eins er túlkað:

Skóli er hluti af lífi og starfi nemenda og jafnframt raunverulegur undirbúningur fyrir framtíðina. Nám við hæfi hvers og eins og markviss samvinna nemenda tryggja svo sem kostur er að komið sé til móts við þarfir, áhuga og námsstíl nemenda. Þetta er gert með einstaklingsmiðuðu námi, fjölbreyttum námsleiðum, kennsluáðferðum, námsmati og góðu framboði af námsefni. Frumkvæði og þekkingarleit einkenna starfið. Nemendur setja sér markmið í samvinnu við kennara og foreldra og eru ábyrgir fyrir eigin námi í samráði við þá. Hæfileikar hvers og eins fá notið sín í skólastarfinu og námstilboð er fjölbreytt í bóklegum og verklegum greinum, menningu og listum.

Út frá þessari skilgreiningu er ljóst að til að nemandi fái nám *við hæfi* í grunnskóla þarf í fyrsta lagi að bjóða upp á fjölbreytilegar kennsluáðferðir, í öðru lagi frumkvæði kennarans og í þriðja lagi að nemendur setji sér markmið. Til að uppfylla þessar skyldur eru grunnskólar að auka áherslu sína á einstaklingsmiðað nám sem hefur verið mikið í umræðunni í íslensku skólastarfi á síðustu árum. Tomlinson túlkar einstaklingsmiðað nám á þann hátt að það feli í sér virk viðbrögð kennarans við þörfum nemandans og hvernig hann sinnir námsþörfum hans. Hann þarf að hafa til að

bera sveigjanleika hvað varðar kennsluaðferðir, námsefni, verkefni, hópastarf og námstíma þegar komið er til móts við einstaklingsmiðaðar þarfir nemandans. Sterk áhersla er lögð á að nemandi læri að bera ábyrgð á eigin námi (Tomlinson, 2000, bls. 1).

Önnur spurningin sem vaknaði við svör viðmælenda rannsakanda er: Hvernig vitum við hvort nemandi fær nám *við hæfi*? Viðmælendur töldu nemendur ekki fá næg námstækifæri sem henta hverjum og einum og voru flestir sammála um að það væri ekki hægt að koma til móts við alla nemendur í íslensku skólakerfi. Stöðugt væri verið að finna leiðina; eins og einn viðmælendinn benti á, hefur þetta verið eitt stærsta verkefni grunnskólans lengi og langt frá því að búið sé að leysa það. Skólinn sé langt frá því að finna lausnina. Viðmælendur gera sér grein fyrir því að sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum og fram kemur í rannsókninni að allir nemendur fari í grunnskóla og útskrifist þaðan en það fari þó ekki allir út með viðeigandi menntun. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram: „Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði tíu ár, en getur verið skemmri, sbr. 32. gr. Öllum börnum er að jafnaði, á aldrinum 6 til 16 ára, skylt að sækja grunnskóla.“

Mikilvægt er að grunnskólinn lagi sig að nemandanum þannig að allir nemendur fái tækifæri til að útskrifast með viðeigandi menntun. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla á að leitast við að koma til móts við alla nemendur en af orðum viðmælenda minna er niðurstaðan sú að svo sé ekki. Þriðja spurningin sem kom upp er hvort allir kennarar hafi tök á að veita kennslu *við hæfi*? Kennarar geta vissulega boðið upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir en viðmælendur bentu á að það sem hentaði einum nemenda þyrfti ekki að henta öðrum. Samkvæmt nýju grunnskólalögum kemur fram að grunnskólinn sé vinnustaður nemenda og að allir nemendur eigi rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi sem taki mið af þörfum þeirra og almennri líðan (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Enn og aftur koma orðin *við hæfi* fyrir en í annarri merkingu því nú á kennslan að vera *við hæfi* nemandans. Misjafnt er hvernig kennari skipuleggur kennslu til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fram. Ein leið til að ná settum markmiðum er einstaklingsmiðað nám; það krefst mikils undirbúnings kennara sem getur verið ábótavant vegna tímaskorts. Vissulega eru kennarar jafn misjafnir og þeir eru margir en það er gjarna talið vega þungt þegar þeir taka endanlega ákvörðun varðandi skipulagningu kennsluaðferða. Algengt er að fyrir valinu verði sú aðferð sem þeir vöndust sjálfir þegar þeir voru í skóla. Kennari

sem vandist töflukennslu í grunnskóla sem barn er líklegri til að viðhalda henni þar sem hann þekkir þessa kennsluáðferð best af eigin raun frá eigin skólatíð (Lilja M. Jónsdóttir, 1996, bls. 6). Viðmælendur rannsóknarinnar eru sammála um að ýmsar leiðir hafi verið farnar í kennslu og nefna teymisvinnu, einstaklingsmiðað nám og ferðakerfi sem dæmi. Einnig koma þeir inn á að með nýrri aðalnámskrá og nýjum grunnskólalögum er verið að leggja áherslu á að grunnskólinn eigi að vera án aðgreiningar.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að það er skylda hvers skóla að laga námið sem best að hverjum nemanda því hann á rétt á viðfangsefnum sem henta námsgetu hans og hæfni (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 11; Menntamálaráðuneytið, 1999b, bls. 21). Skýrt kemur fram hjá viðmælendum að þeir hafa velt því fyrir sér hvernig megi koma til móts við nemendur á þeirra forsendum og telja sumir þeirra að það hafi aldrei verið útkljáð hvað felist í því. Einn af viðmælendum kom inn á að það er misjafnt hverjar forsendur hvers og eins eru og hvernig á kennarinn að finna út hvað hentar hverjum nemanda, hvernig á hann að meta nemandann, hvernig á hann að vekja áhuga nemandans?

Samkvæmt þessum niðurstöðum er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að börn læra á mismunandi hátt og má velta því fyrir sér hvaða leið sé best að fara. Í viðtölunum mátti greina að viðmælendur höfðu ígrundað hvaða leiðir væru hugsanlega bestar fyrir nemandann.

Rannsakandi veltir því fyrir sér hvort val á milli bók-, list- og verknáms sé einn mögulegur þáttur í því að nám og kennsla sé *við hæfi* nemandans.

5.2 Þegar nemendur velja sér nám er það vegna áhuga

Telur þú gerlegt að nemendur í grunnskólum fái tækifæri til að flokka sig sjálfir út frá sínu eigin áhugasviði?

Viðmælendur komu inn á að val námsgreina og námssviða á unglingsstigi hefði aukist enn frekar með nýjum lögum um grunnskóla. Samkvæmt 26. gr. í lögum eiga nemendur í 8., 9. og 10. bekk að hafa kost á vali um námsgreinar og námssvið í um þriðjungi námstímans (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Einnig tóku viðmælendur fram eftirfarandi: *Nemendur eiga rétt á 30% vali í 8. til 10. bekk ... þegar nemendur velja sér nám er það vegna áhuga ... með smíðjuleið eða þemaleið er hægt að nálgast áhugasvið nemenda ... nemendur hafa ákveðið val þegar verið er að vinna í þemaverkefnum ... skólarnir verða að vera eins og fjölbrautaskólarnir.*

Í viðtölunum komu fram ýmsar hugmyndir þegar kom að því að skoða hvort gerlegt væri að nemendur flokkuðu sig sjálfir út frá eigin áhugasviði, til dæmis með gerð námssamninga, sjálfsmati nemenda, áhugasviðssamningum, þemaleið/smiðjuleið, ferðakerfi, valgreinum, svo eitthvað sé nefnt. Aðrir töldu að það væri ekki fyrir en nemendur væru komnir í framhaldsskóla að þeir fengju fyrst tækifæri til að velja sér nám byggð á áhugasviði þeirra.

Þeir viðmælendur sem komu frá Akureyri og nágrenni voru ánægðir með valgreinar sem standa nemendum til boða á unglíngastigi. Þeir töldu að með valinu fengju nemendur tækifæri til að velja sér námsgreinar út frá eigin áhugasviði. Frá 2003 hafa grunnskólar Akureyrar lagt áherslu á valgreinarnar, að þær séu sem fjölbreytilegastar og fer 30% af náminu fram í valgreinum á unglíngastiginu. Markmið námsvalsins á Akureyri er að móta sameiginlega stefnu skólanna um framboð valgreina og fyrirkomulag þeirra innan skólanna til að styrkja skólastarfið enn frekar. Tilgangurinn með auknu námsvali er að mæta betur þörfum og óskum nemenda og gera þeim þannig mögulegt að laga áherslur í námi að áhugasviði sínu og framtíðaráformum. Einnig kemur fram að tilgangurinn sé að koma á fjölbreyttara vali í verkgreinakennslu og viðfangsefnum sem henta dugmiklum nemendum og einnig þeim sem standa höllum fæti í námi (Ingólfur Ármannsson, 2003, bls. 4). Í viðtölunum kom fram að hugsanlega hentaði það grunnskólum að starfa líkt og áfangakerfisskólar. Í Garðaskóla í Garðabæ er hópakerfi og má líkja því við áfangakerfi framhaldsskóla. Nemendur raðast eftir námsgetu í tilteknar námsgreinar sem síðan er skipt upp í mismunandi námshraða. Þetta kerfi kallast ferðakerfi og byggist á hraðferð, miðferð og hægferð en einnig er hægt að fara í flugferð en þá lýkur nemandinn 9. og 10. bekk á einu ári. Nemendur í 9. og 10. bekk eiga kost á því að velja námsgreinar og námssvið en framboð valgreina er mismunandi milli ára (Garðaskóli, án árs). Viðmælendur töldu að þessi leið gæti hentað sumum nemendum og þá sérstaklega þeim sem væru sterkir í bóknámi, en með því að samlesa 9. og 10. bekk gætu nemendur tekið mun fleiri valgreinar í 10. bekk eða farið beint í framhaldsskóla. Ef lítil skólasamfélög eru skoðuð, líkt og Hrafnagilsskóli í Eyjafirði, má sjá og draga þá ályktun að sá skóli geti boðið upp á mun færri valgreinar en stóru grunnskólarnir á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu. Út frá þessum samanburði er spurning hvort nemandi fái aldrei tækifæri til að flokka sig út frá sínu eigin áhugasviði eingöngu vegna þess að hann er í litlu skólasamfélagi. Sé þema- eða smiðjuleið í boði í grunnskólum þá telja sumir viðmælenda rannsóknarinnar að nemendur fái tækifæri

til að nálgast verkefnið út frá eigin áhugasviði og fá því tækifæri til að skila verkefnum á þann hátt sem hentar þeim best. Eins og staðan er í flestum grunnskólum nú, birtist þemaleiðin/smiðjuleiðin gjarna sem uppbrot í skólastarfi og því ekki oft sem sumir nemendur fá tækifæri til að vinna eingöngu út frá sínu eigin áhugasviði. Fram kemur hjá skólastjóra í Norðlingaskóla að þar er skólaárinu skipt niður í stundaskrártímabil, allt frá tveimur vikum upp í sex. Innan hvers tímabils eru ákveðnar smiðjur í gangi en með þeim er lögð áhersla á að koma námsþáttum aðalnámskrár inn í smiðjurnar, en um leið er þess þó gætt að áhugasvið nemenda eigi ávallt sinn sess (Norðlingaskóli, án árs).

Rannsakandi veltir því fyrir sér hvort hægt sé að nálgast áhugasvið nemanda út frá einstaklingsmiðuðu námi. Með einstaklingsmiðuðu námi er ætlunin að virkja áhuga nemanda á náminu. Þannig ætti að vera gerlegt fyrir hann að vinna út frá sínu áhugasviði um leið og tekist er á við námið; augljóst er að við lærum öll á mismunandi hátt og hvaða námsleiðir henta best er einstaklingsbundið. Rannsakandi tekur undir með einum viðmælenda sinna sem fjallar um kosti og galla áhugasviðstengds náms og segir „*Getur nemandi flokkað sig frá öllum greinum af því að hann hefur ekki áhuga á þeim?*“ Nemendur eigi ekki að geta flokkað sig frá námsgreinum af því að þeir vilja t.d. ekki læra stærðfræði heldur snúist þetta um hvaða aðferð nemendur beita. Rannsakandi telur að hægt sé að læra og kenna stærðfræði á mismunandi hátt ef nemandi fær tækifæri til að læra út frá sínu áhugasviði. Nemandi sem hefur áhuga á smíðum tengir stærðfræðina við þau verkefni sem þarf að leysa í smíðatímum.

Í Norðlingaskóla er lögð áhersla á að nemendur fái tækifæri til að vinna við áhugasvið sitt í hverri viku. Nemendur hafa aðgang að kennurum sínum tvisvar í viku og geta leitað til þeirra og fengið aðstoð ef á þarf að halda. Á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um hvernig nemendur vinna með áhugasvið sitt í viku hverri. Þar kemur fram að áhersla er lögð á að nemendum gefist tími til að vinna með sínar sterku hliðar. Í hverri viku skipuleggja nemendur tíma til að vinna með áhugasvið sitt sem einstaklingar eða hópur. Því næst er gerður áhugasviðssamningur en þar setur nemandinn sín eigin markmið og gerir grein fyrir hvaða leiðir hann hyggst nota til að ná þeim. Í lokin er algengt að nemandinn kynni áhugasviðsvinnu sína fyrir öðrum nemendum, starfsfólki og eða foreldrum (Norðlingaskóli, án árs).

Í lögnum frá 1946 um fræðslu barna kemur fram að barnaskólum er ætlað að leitast við að haga störfum í samræmi við eðli og þarfir nemenda og aðstoða þá við að

öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur (Gunnar M. Magnúss, 1946, bls. 30). Þessum orðum má líkja við orð eins viðmælanda míns sem leggur áherslu á að útskrifa ánægða, sterka og lífsglaða einstaklinga.

5.3 Bókvitið verður í askana látið

Telur þú að jafnt vægi sé á milli bók-, list- og verknáms? Ef ekki, hverja telur þú meginástæðuna vera?

Algengt var að viðmælendur rannsóknarinnar litu svo á að engan veginn væri jafnvægi á milli bók-, list- og verknáms í íslenskum grunnskólum og sögðu: *Bókvitið verður í askana látið ... nú eiga allir að læra á bókina ... það er einhver menning í samfélaginu sem gerir það að verkum að það eru svona miklar bóklegar áherslur ... samræmdu prófin ... ekki gert ráð fyrir því í grunnskólalögnum ... alltof mikið bóknám á unglíngastigi ... verknámið fyrir slaka nemendur ... verknámið er náttúrulega algjör hornreka ... Íslendingar eru bóknámsþjóf ... áhersla stjórnvalda.*

Eins og fram hefur komið í niðurstöðum rannsóknarinnar hafa viðhorf til bóknáms breyst frá fyrri tíð en Íslendingar sögðu gjarna: *Bókvitið verður ekki í askana látið.* Talið er að máltækið megi rekja til minnimáttarkenndar þjóðarinnar gagnvart bóknámi. Einn viðmælandi segir að nú sé búið að snúa þessu við og sagt: *Bókvitið verður í askana látið.* Rannsakandi veltir fyrir sér þeirri þróun sem hefur átt sér stað og leitt til þessarar ríku bóknámshefðar sem skólasamfélag okkar byggist nú á. Er hugsanlegt að frumvörpin sem lögð voru fram á Alþingi árið 1887, sem snertu alþýðufræðsluna, séu aðal áhrifavaldarnir? Fyrsta frumvarpið lagði eingöngu áherslu á bóklegar greinar og hljóðar svo: Þegar unglíngar eru komnir á fermingaraldur eiga þeir að vera búnir að læra að lesa, skrifa, reikna, biblíusögur og kverið (Gunnar M. Magnúss, 1939, bls. 6). Fræðslu barna var formlega komið á árið 1907 og enn var lögð áhersla á bóklegar greinar (Ingólfur Á. Jóhannesson, 1984, bls. 6).

Nokkrir viðmælanda töldu mun meiri áherslu vera á list- og verknám fram að unglíngastigi grunnskóla. Í viðtölunum veltu viðmælendur fyrir sér hugsanlegri skýringu á þessum áherslumun og töldu sumir að undirbúningur fyrir samræmd próf hefði tekið megnið af tímanum. Eingöngu var prófað í bóklegum greinum og var það val nemenda hvort þeir tóku samræmt próf eða ekki. Í kjölfar breytinga á grunnskólalögum nr. 91/2008 og reglugerða um samræmd próf kemur fram að nú fara fram könnunarpróf í 10. bekk að hausti í íslensku, stærðfræði og ensku sem allir nemendur verða að taka. Einn viðmælandi telur það taka langan tíma að breyta þessari

hefð á meðal Íslendinga og ástæðurnar í þjóðfélaginu séu mun dýpri en samræmd próf. Einnig komu viðmælendur inn á að áhersla stjórnvalda hefur aðallega verið á bóklegar greinar í gegnum tíðina, en það eru stjórnvöldin sem segja til um hvaða námsgreinar eru lagðar til grundvallar þegar kemur að því að leggja fyrir könnunarpróf.

Í viðtölunum kemur fram að þegar kemur að bókakaupum skólastofnana sé mun algengara að nægilegt fjármagn sé fyrir bóklegu greinarnar en mun minna fyrir list- og verkgreinarnar. Enginn leið virðist vera til að færa fjármagn á milli þessara námsgreina. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er að finna svipað ákvæði í 24. gr. laga. Ráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá og er hún endurskoðuð reglulega. Í henni er lögð áhersla á uppeldishlutverk grunnskólans og þá meginstefnu í kennslu að kennsluskipan sé í samræmi við hlutverk skólans. Fram kemur eftirfarandi: „Í aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms.“ Samkvæmt þessari skilgreiningu og svörum viðmælenda í rannsókninni er þessu ekki fylgt eftir. Hvaða leið ætti að fara var ekki að fá í svörum viðmælenda en þá veltir rannsakandi því fyrir sér hvort val á milli bók-, list- og verknáms á unglingsstigi sé ein leið til að koma til móts við 24. gr. í lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

Enn viku viðmælendur máli sínu að valgreinum á unglingsstigi og var mismunandi hversu mikið val skólarnir höfðu fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk. Sumir töldu tilkomu valgreina veita skólum tækifæri til að skapa jafnvægi milli bók-, list og verknáms. Viðmælendur komu einnig inn á algenga orðræðu í samfélaginu varðandi það að slakir bóknámsnemendur kysu aðallega valgreinar í list- og verkgreinum.

Jón Torfi Jónasson bendir á að skólastarf hefur að langmestu leyti verið bóklegt allt frá tímum sófistanna og telur litlar líkur á að mikil breyting eigi eftir að eiga sér stað. Stöðugt sé verið að reyna að rökstyðja tilurð verklegs náms og að það eigi að verða hluti af almennu skólastarfi en rökin dugi ekki sem skyldi. Hann telur vandamálið tengjast sex þáttum og skilgreinir þá. Í fyrsta lagi, að undir hatt verklegs náms hafa verið settar verklegar æfingar í bóklegum greinum. Í öðru lagi hafa röksemdir verið settar fram fyrir gildi verklegs náms og hafa þær verið ótraustar og ósamstæðar. Í þriðja lagi er ekki að finna nægar rannsóknir sem staðfesta gildi verk- og listgreina. Í fjórða lagi hefur nær allt skólastarf verið bóklegt og þegar talað er um stöðu menntunar eru það ætíð bóklegu greinarnar sem ber á góma. Í fimmta lagi vantar öflugan málsvara verklegs náms og í sjötta lagi er verkleg kennsla af hvaða tagi

sem er mun dýrari en bókleg kennsla (1996, bls. 9-11). Jón Torfi Jónasson telur að þegar leið á 20. öldina hafði staða verks- eða starfsnáms á unglíngastigi skólakerfisins veikst smám saman. Í efstu bekkjum grunnskóla var ekki lengur að finna starfsnámsbrautir líkt og höfðu verið til á fyrrum gagnfræðistiginu, þrátt fyrir að áhugi margra sem unnu að skipulagi skólastarfs og skólakerfis væri á að styrkja verklegar áherslu á grunnskólastigi (2008, bls. 183). Margir stjórn mála-, skóla- og fræðimenn hafa, í gegnum tíðina, reynt að breyta uppbyggingu bóknáms og verknáms þannig að það lúti sömu lögmálum. Ingólfur Á. Jóhannesson (1984, bls. 104) telur að á Íslandi hafi verið byggt upp skólakerfi eingöngu með það að markmiði að allir sitji við sama borð og leiði það til þess að nemendur fá ekki tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt.

5.4 Það er hluti af öllu námi að blanda saman bók-, list- og verknámi *Sæir þú fyrir þér hugsanlegt val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi? Ef svo er, hvernig?*

Svör viðmælenda við þessari spurningu voru með ýmsu móti. Sumir sáu fyrir sér val í bók-, list- og verknámi á unglíngastigi og aðrir ekki: *Þótt þú viljir eitthvað 14 ára þá er ekki víst að þú viljir það sama 16, 18 eða 20 ára ... ef vilji er fyrir hendi þá er aukið vægi list- og verknáms ... viðmiðunarstundaskráin ... skárri að hafa alla saman ... verknámið verður undir ... gamaldags hugsunarháttur að velja á milli bók-, list- og verknáms ... viðhorf...þrýstingur frá foreldrum.*

Tilgangur fræðslulaganna sem sett voru árið 1946 var meðal annars að móta heilsteipt skólakerfi með sérstökum lögum og frekari skilgreiningu á barna-, gagnfræða-, menntaskóla-, sérskóla- og háskólastigi. Þar var verknám skilgreint sem ein gerð menntunar og nemendur gátu valið á milli verknáms- og bóknámsdeildar (Jón Torfi Jónasson, 1992, bls. 184). Einn viðmælandi rannsóknarinnar kom inn á að þegar fræðslulögin frá 1974 tóku gildi sameinaðist gagnfræðastigið barnaskólastiginu og samræmdu prófin tóku við af landsprófinu. Þá varð til Aðalnámskrá grunnskóla samkvæmt heimild í 43. gr. laga nr. 63/1974 og tók hún gildi haustið 1976. Frá og með þeim tíma lauk grunnskólanum með samræmdum prófum og gildi það sem inntökuskilyrði í menntaskóla (Menntamálaráðuneytið, 1976, bls. 6). Einnig kemur fram hjá sama viðmælanda að samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla nú er ekkert val fyrir nemendur á milli bók-, list- og verknáms. Rannsakandi veltir því fyrir sér hvort viðhorf sem þessi stafi af því að reynslan sýni okkur að val á milli bóknáms- og verknámsdeilda gekk ekki sem skyldi, hér áður fyrr, og því sé ekki grundvöllur fyrir

því á ný. Verknámsdeildir gagnfræðastigs voru reknar fram til 1970, a.m.k. í Reykjavík og á Akureyri. Á þeim tíma var umræðan um slíkar deildir ekki mikil en álitamálin um hlutföll og sambúð verknáms og bóknáms sneru að mestu að hinu fyrirhugaða framhaldsskólastigi. Árið 1974, þegar gagnfræðastigið varð að unglिंगadeild grunnskólanna, var fátt sem fylgdi sem arfleifð frá verknámsdeildunum (Helgi Skúli Kjartansson, 2008, bls. 59).

Viðmælendur sáu misjafnlega fyrir sér bók-, list- og verknám á unglिंगastigi en flestir sáu það ekki fyrir sér sem val, þannig að nemandi veldi að fara aðeins í bók-, list- eða verknám. Þeir töldu þá leið ekki ákjósanlega og vildu heldur sjá jafnræði á milli þessara námsgreina og að list- og verknám væri samþætt við aðrar námsgreinar. Þær hugmyndir sem komu fram voru meðal annars valgreinarnar á unglिंगastigi en þær eru nú um þriðjungur námsins. Hægt væri að kenna bók-, list- og verknám í lotum í ákveðinn tíma. Einnig kom fram hvort ekki þyrfti að stokka upp skólakerfið líkt og Bretar gera þannig að samfella væri í náminu t.d. frá 2 til 11 ára, svo 11 til 18 ára; þannig ætti sér stað sérhæfing í námi mun fyrr. Nemendur ljúka því námi við 18 ára aldur og eigi kost á að fara beint í frekara nám á efri skólastigum, svo sem háskóla eða iðnskóla.

Í viðtölunum kom fram að sumir grunnskólar gefa nemendum sínum kost á að stunda fjarnám á framhaldsskólastigi og meta það sem valgrein. Þeir áfangar sem nemendum hafa staðið til boða eru í flestum tilvikum bóknámsáfangar þar sem framhaldsskólar bjóða sjaldan upp á fjarnám í verklegum greinum þar sem slíkt nám er staðbundið. Eitthvað hefur verið um að nemendur í grunnskólum Reykjavíkur hafi stundað verklegt nám við Borgarholtsskóla og hefur það gefist vel. Rannsakandi telur að ein leið til að bjóða upp á bók-, list- og verknám á unglिंगastigi væri í samstarfi við framhaldsskólana og þá sérstaklega þegar kemur að list- og verkgreinunum. Í nýju grunnskólalögunum, 26. gr., eiga nemendur rétt á að stunda námsgreinar á framhaldsskólastigi á meðan þeir eru í grunnskóla (Lög um grunnskóla nr. 91/2008):

Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi á meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni. Skólastjóri í grunnskóla veitir nemanda heimild til slíks náms utan skólans samkvæmt viðmiðum sem sett skulu í aðalnámskrá.

Einnig segir eftirfarandi í Aðalnámskrá grunnskóla, hönnun og smíði:

Auk almennrar valgreinar í hönnun og smíði geta skólar boðið upp á valgreinar í hinum ólíku greinum hönnunar eða smíða, s.s. trésmíði, málmsmíði, grunnteikningu og rafeindavinnu. Miða þessar greinar að skipulegum undirbúningi undir starfsmenntun, list- eða tækninám. Má hugsa sér að boðið sé upp á þessar valgreinar í einstökum skólum eða að skólar geti sameinast um að bjóða þær. Einnig má hugsa sér að bjóða þessar valgreinar í samvinnu við framhaldsskólana (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 7).

Einn viðmælendanna sá fyrir sér gagnfræðaskóla verknáms, undir öðru nafni þó. Fyrir því væri engin fyrirstaða þar sem löggin og viðmiðunarstundaskráin segja ekki til um hversu margar kennslustundir eigi að vera í hverri námsgrein. Í lögum um grunnskóla, 25. gr., kemur fram eftirfarandi:

Í aðalnámskrá skal kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu, uppbyggingu og skipan náms, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt[...] Nemendur skulu eiga þess kost að uppfylla námsmarkmið einstakra námsgreina og námssviða með mismunandi hætti. Í aðalnámskrá skal setja árangursviðmið um það hvenær nemandi telst hafa lokið einstökum námsgreinum eða námssviðum. Einnig skal setja viðmið vegna nemenda sem ljúka grunnskólanámi á skemmri tíma en tíu árum (Lög um grunnskóla, 91/2008).

Í Aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundaskrá veiti skólum svigrúm til að skipta lágmarkstímum á hverju námssviði milli ára innan hvers tímabils. Einnig segir að einstakir skólar geti ráðstafað hluta þess lágmarkstíma sem lög kveða á um, en þá þurfi skólar að gera grein fyrir því í skólanámskrá hvernig þeir ætla að verja þeim tíma (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 13-14). Í viðtölunum var misjafnt hvað viðmælendur töldu löggin og viðmiðunarstundaskrá vera stýrandi. Sumir fóru sínar eigin leiðir þegar kom að gerð stundaskrár fyrir nemendur og höfðu hana sveigjanlega á meðan aðrir töldu að löggin og viðmiðunarstundaskrá hefðu heftandi áhrif og þorðu að gera litlar sem engar breytingar á skólastarfinu.

Bók- og verknám á Íslandi á sér langa sögu, eins og einn viðmælendinn kom inn á og í hvert skipti sem tilraunir eru gerðar til að jafna stöðu bók- og verknáms, verður

verknámið sífellt undir. Fjölbrautaskólarnir voru enn ein tilraunin til að jafna stöðu verk- og bóknáms. Jón Torfi Jónasson segir að í fjölbrautaskólum virðist vera meiri tilhneiging hjá nemendum sem hafa skráð sig á iðnnámsbrautir til að flytja sig yfir á bóknámsbrautir heldur en í öðrum skólum. Einnig kemur fram að um 82% þeirra nemenda sem skrá sig í framhaldsskóla skrá sig upphaflega á bóknámsbrautir (Jón Torfi Jónasson, 1994, bls. 76).

Rannsóknin bendir til þess að mikill þrýstingur sé af hálfu foreldra, féлага, umhverfisins og skólans um að nemendur standi sig vel í bóklegum greinum. Því fara flestir nemendur í bóknámsskóla að loknum grunnskóla og ljúka þaðan stúdentsprófi; að því loknu fara sumir í starfs- eða verknám og því henti ekki að bjóða upp á val í bók-, list- og verknámi á unglíngastig. Til þess að breytingar verði á þessu og nái að festast í sessi þarf viðhorfsbreytingu samfélagsins gagnvart list- og verknámi. Rannsakandi telur mikilvægt að hafa í huga og gera sér grein fyrir því að list- og verknám byggist á verk- og bóknámspáttum ásamt þeim kjarnagreinum sem öllum nemendum er skylt að taka, sama á hvaða námsbraut þeir eru.

5.5 Hluti af einstaklingsmiðuðu námi er að geta valið út frá áhugasviði

Felst það í einstaklingsmiðuðu námi að hafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi?

Afstaða viðmælenda rannsóknarinnar var misjöfn þegar fjallað var um val á milli bók-, list- og verknáms sem einstaklingsmiðuð nám, og svöruðu eftirfarandi: *Val á milli bók-, list og verknáms þarf ekkert að þýða einstaklingsmiðun ... sá sem er góður í bóklegu getur líka verið rosalega flottur í höndunum ... eiga nemendur að velja sig frá grein sem við höfum hingað til talið grunngrein ... við erum örugglega að bregðast við þörfum nemenda með því að veita þeim val ... hæfileg blöndun milli bók-, list og verknáms er lykilatriðið.*

Í kafla 5.1 var fjallað um nám við hæfi og einstaklingsmiðuð nám í grunnskólum en hér í þessum kafla er einstaklingsmiðuð nám skoðað út frá vali í bók-, list og verknámi.

Kostir einstaklingsmiðuðs náms eru margir og má þá sérstaklega nefna að nemendur fá nám við hæfi sem veitir nemanda möguleika á að ná hámarksþroska. Það þurfa ekki allir að fara sömu leiðir í námi til að ná þeim markmiðum sem lagt var upp með. Kennarinn gegnir lykilhlutverki og það er hans að huga að leiðum fyrir hvern

nemanda þannig að hann nái hámarksárangri (Tomlinson, 2000, bls. 5-7). Rannsakandi telur að fái nemendur tækifæri til að velja á milli bók-, list- og verknáms sé verið að koma til móts við áhugasvið þeirra, en hins vegar sé það kennarans hvort um einstaklingsmiðað nám sé að ræða eða ekki. Einn viðmælandi sagði: „*Það er bara ekki nógu einstaklingsmiðað að segja: Þú ferð í verknám og svo ertu bara í alls konar verknámi.*“ Það að geta valið verknám er ein leið til að mæta nemanda með ákveðnum hætti; áhuga hans, þörfum, og framtíðarpælingum. Sumir töldu að ef nemandinn fengi tækifæri til að velja út frá sínu eigin áhugasviði þá væri hægt að flokka það undir einstaklingsmiðað nám. Annað sjónarmið kom einnig fram hjá viðmælendum; það að hafa val á milli námsgreina sé ekki einstaklingsmiðað nám, heldur skipti mestu máli hvaða leið er farin til að ná ákveðinni færni. Einnig kom fram að nemendur þyrftu meira frelsi til að leysa verkefni sín þannig að þeir gætu tekið bóklegar útfærslur og breytt þeim í verklegar. Flestir viðmælendur voru sammála um að einstaklingsmiðað nám snerist fyrst og fremst um viðhorf kennara til nemenda.

Í viðtölunum kemur ítrekað fram að hér áður fyrr hafi verið litið niður á verknám og fram kom í orðum eins viðmælandans: „*Margir kennarar og skólafólk almennt sjá alltaf verknámið sem leið fyrir þá sem geta ekki neitt á bókina.*“ Rannsakandi veltir því fyrir sér hvort þessi orðræða er enn í gangi í þjóðfélaginu. Ljóst er að þegar talað er um val á milli bók-, list- og verknáms, er margsinnis bent á að ekki sé hægt að velja sig frá kjarnafögnum, þrátt fyrir þá staðreynd að list- og verkgreinanámi fylgi sömu kjarnagreinar og á flestum öðrum námsbrautum. Tengja má þessa orðræðu við umfjöllun Helga Skúla Kjartanssonar, en þar kemur fram að á þeim tíma sem bóknáms- og verknámsskólarnir störfuðu þótti óráðlegt að unglingar með bærilega námsgetu lokuðu þeirri leið að fara í bóknámsskóla á unglिंगastigi. Frekar voru nemendur hvattir til að fara í bóknámsskólana og að þeir tækju landspróf (Helgi Skúli Kjartansson, 2008, bls. 58). Þessi skoðun kom fram hjá nokkrum viðmælendum mínum, þeir veltu því fyrir sér hvort nemendur væru tilbúnir að taka þá ákvörðun á unglिंगastigi hvort þeir ættu að velja á milli bók-, list og verknáms.

5.6 Þessi lög eru frekar sveigjanleg

Er hægt að hafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglिंगastigi án þess að breyta nýgildandi grunnskólalögum?

Í svörum flestra viðmælendanna kom fram að nýju grunnskólalögin væru mun sveigjanlegri heldur en þau gömlu og sögðu: *Lögin veita frelsi sem grunnskólar hafa*

vanmetið ... grunnskólalögin eru ekki hamlandi ... samræmdu könnunarprófin ... við getum sveigt okkur á milli aldurstiga ... sveigjanleg stundatafla ... ekki gerlegt að setja upp línu; bók-, list- eða verknám.

Ný grunnskólalög tóku gildi árið 2008 og eru viðmælendur sammála um að þau bjóði upp á mun meiri möguleika í íslenskum grunnskólum. Sumir nefndu að mun meira frelsi væri í lögnum en einstaklingar gerðu sér grein fyrir. Það væri því einfalt að bjóða upp á val í bók-, list og verknámi á unglingsstigi. Einnig kom fram að nýju grunnskólalögin opna ýmsar gáttir en hjá einum viðmælenda kom skýrt fram að það þyrfti að fara varlega í að slaka á frelsinu innan grunnskólanna. Hann benti einnig á að margir innan skólasamfélagsins væru íhaldssamir og vildu að frelsið væri innan vel skilgreindra marka. Ef viðmiðunarstundaskráin er skoðuð enn frekar en komið var inn á hana í kafla 5.4, segir hún til um vægi námsgreina innbyrðis og vikulegan lágmarkskennslutíma á einstökum námssviðum á hvern nemanda. Viðmiðunarstundaskráin gerir ráð fyrir að skólar hafi svigrúm til að skipta upp lágmarkstímum á hverju námssviði á milli ára. En það er bundið við hvert tímabil þannig að nemendur í 8. til 10. bekk geta verið að taka mismunandi námssvið, það þarf ekki að vera eins í öllum skólum. Einnig kemur fram að í 8. til 10. bekk eru sett áfangamarkmið í heimilisfræðum, listum og smíðum en að vísu er gert ráð fyrir að tímamagn samkvæmt viðmiðunarstundaskrá miðist fyrst og fremst við 8. bekk. En um leið hafa skólar þó frelsi til að skipuleggja kennslu á annan hátt (Menntamálaráðuneytið, bls. 14-15). Sé litið til þessa er möguleiki á að nýta þennan tímafjölda í að bjóða upp á val milli bók-, list- og verknáms á unglingsstigi. Ef tímafjöldinn sem nýttur er í valgreinarnar er tekinn inn í þá eru þetta margir tímar og hægt væri að nota þá til að bjóða upp á nýjar leiðir í skólastarfi.

Fram kemur hjá einum viðmælenda að í nýju lögnum komi hvergi fram ákvæði um kennslustundafjölda í bók- eða verklegum greinum og því sé möguleiki á að bjóða upp á sveigjanlega stundaskrá. Ef lög um grunnskóla eru skoðuð enn frekar kemur eftirfarandi fram í 26. gr.:

Frá upphafi grunnskóla skulu nemendur eiga val í námi sínu, svo sem um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar, í samræmi við viðmið í aðalnámskrá grunnskóla og skipulag skóla. Í 8., 9. og 10. bekk skulu nemendur eiga kost á vali um námsgreinar og námssvið í um þriðjungum námstímans. Markmiðið með því er að gera nemendur ábyrga fyrir eigin

námi og skapa sveigjanleika í skólastarfi (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að miðað við að þriðjungur námsins á unglíngastigi sem nemendur í 8., 9. og 10. bekk hafa í val, væri hægt að vera með eitt ár á unglíngastiginu þar sem einungis væru valgreinar í boði. Þá gætu til dæmis nemendur í 10. bekk eingöngu verið í verklegum eða bóklegum greinum því þeir væru búnir með alla skylduáfangana. Nokkrir viðmælendanna eru ekki hlynntir því hvernig nemendur velja sér valgreinar eins og því er nú háttað í flestum skólum. Þeir vilja sjá meiri fjölbreytileika þannig að nemendur kynnist sem flestu í skólastarfinu, hvort sem það er í bók-, list- eða verknámi: „*Mikilvægt að nemandi hafi þá grunnsýn að val í námi sé á hans ábyrgð og tileinki sér þá hugsun frá upphafi grunnskólans*“, voru orð eins viðmælendans og er rannsakandi sammála því að mikilvægt sé að nemendur geri sér grein fyrir því strax í upphafi að þeir bera ábyrgð á eigin námi. Samkvæmt þessum niðurstöðum viljum við gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi en um leið viljum við hafa áhrif á hvað þeir velja sér. Rannsakandi veltir því fyrir sér hvenær sé besti og rétti tíminn til að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi en í grunnskólalögunum er ákvæði í 14. grein um ábyrgð nemenda: „Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska“ (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Könnunarpróf voru nefnd á ný og töldu sumir viðmælenda að þau gætu haft þau áhrif að skólakerfið byði ekki upp á val í bók-, list- og verknámi á unglíngastigi. Rannsakandi hefur litið svo á að nemendur þurfi að taka ákveðin kjarnafög eins og ensku, íslensku og stærðfræði og ættu því könnunarprófin ekki að hafa áhrif á hvort nemendur velji á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi.

5.7 Skólar sveitarfélaganna eru nokkurs konar samningsskólar

Telur þú samningsskóla vera rekstrarform sem fellur að íslenskum grunnskólum? Ef svo er, hvernig telur þú að það verði í framkvæmd? Hvaða kosti hafa samningsskólar til að bjóða upp á val í bók-, list- og verknámi á unglíngastigi? Áslandsskóli, fyrsti samningsskólinn á Íslandi. Hverja telur þú ástæðuna vera fyrir því að rekstrarformið var aflagt?

Viðmælendur höfðu mismikla þekkingu á hugmyndafræði samningsskóla en þekktu þó til hugtaksins. Í svörum þeirra kom margt í ljós, sem dæmi: *Samningsskóli er rekstrarform sem fellur mjög vel að íslenskum grunnskólum og sveitarfélögum ...*

ekki mikill munur á einkareknum skóla og samningsskóla ... valfrelsi ... ekki búið að gefa þessu lausan tauminn ... eru opinberir skólar ekki að vissu marki áþekkir samningsskólum? ... sveitarfélagið þarf að samþykkja samningsskólana ... Áslandsskóli gerður að hverfissskóla ... stjórnunarstrúktúrinn óljós.

Viðmælendur rannsakanda voru flestir sammála því að samningsskólar féllu vel að íslensku skólakerfi og sáu vel fyrir sér slíka skóla. Sumir ályktuðu að það væri að finna samningsskóla í hverju sveitarfélagi því að nú til dags þyrftu skólar að gera sína eigin skólanámskrá og marka sér ákveðna stefnu og sýn innan skólans.

Samningsskólar í Bandaríkjunum þurfa að fá leyfi frá viðkomandi fylki fyrir samningsrekstri áður en þeir eru stofnaðir (Hanushek o.fl., 2006, bls. 3). Sama á við þegar kemur að stofnun sjálfstætt rekens grunnskóla hér á landi en þá þarf fyrst að liggja fyrir samþykki sveitarfélagsins fyrir stofnun grunnskólans og því næst þarf samþykki mennta- og menningarmálaráðherra, sbr. lög nr. 980/2009. Viðmælandi kom inn á að einkareknir grunnskólar í Reykjavík fengju framlög frá hinu opinbera til jafns við opinbera skóla, um 75% af meðalkostnaði á nemanda, og það sem upp á vantaði væri tekið inn með skólagjöldum. Einnig kom fram að einkareknir skólar á Íslandi þurfa að gera samning líkt og opinberir skólar og samningsskólar við sitt sveitarfélag. Einkareknir skólar þurfa að gefa út skólanámskrá líkt og opinberir skólar og samningsskólar. Einkareknum skólum má líkja við samningsskóla þar sem þeir fá ákveðna upphæð frá sveitarfélaginu, tengda nemendafjölda. Mikilvægt er að samningsskólar setji sér háleit markmið og þeir þurfa að ná þeim til að halda rekstrinum gangandi (Blakemore, 1998, bls. 3-5).

Á Akureyri er skólaval en þar fá foreldrar tækifæri til að velja skóla sem þeir telja að henti barni sínu best. Skóladeild Akureyrarbæjar gefur út bækling, *Skólinn skiptir máli!* Þar kemur fram að mikilvægt sé að foreldrar kynni sér starfsemi skólanna vel og upp á hvað þeir hafi að bjóða. Í bæklingnum er einnig að finna stutt ágríp um alla skólana á Akureyri og yfirlit um sérúrræði (Skóladeild Akureyrarbæjar, 2010, bls. 2). Í niðurstöðum hér kemur fram að það eru aðeins 2 til 5% sem nýta sér skólavalið á Akureyri á einn eða annan hátt, en þegar á heildina er litið, senda foreldrar börnin sín í sinn hverfissskóla. Einnig kom fram að í Reykjavík er ekki skólaval heldur eru hverfissskólar og þurfa nemendur að fá undanþágu ef þeir vilja sækja annan skóla.

Fram kom hjá nokkrum viðmælendum að gróska í einkareknum grunnskólum á Íslandi hefði ekki verið mikil og að þeir væru ekki margir á unglíngastigi. Það eru um 2% nemenda á Íslandi í einkareknum grunnskólum. Einn viðmælandi benti á að þegar

Barnaskóli Hjallastefnunnar var settur á laggirnar í Reykjavík árið 2008 hafði ekki verið stofnaður einkarekinn grunnskóli í meiri en 20 ár í Reykjavík. Hanushek og félagar telja mikilvægt að það sé valfrelsi á milli skóla. Hugmyndin um valfrelsi á milli skóla auki samkeppni á milli þeirra hvort sem þeir eru einkareknir, samningsskólar eða almenningskólar, en mikilvægt sé fyrir foreldra að fá tækifæri til að velja skóla sem hentar best til að mennta barnið þeirra (Hanushek o.fl., 2006, bls. 1-3).

Í Hollandi er löng hefð fyrir sjálfstætt starfandi skólum og þeir starfræktir á grunnskólastigi og eru um 70% nemenda sem þar stunda nám. Skólagjöld í Hollandi eru engin og hefur sú hugmynd verið ríkjandi þar að foreldrar eigi að geta valið á milli opinberra skóla og einkaskóla án tillits til efnahags. Þar er fjármögnun skólanna byggð á hugmyndum um ávísanakerfi en þar fylgir viss fjárhæð hverjum nemenda. Það hefur vakið athygli mína að í Hollandi hafa sjálfstætt reknir skólar sýnt fram á framúrskarandi menntun og góðan rekstur. Það að foreldrar hafi frelsi til að velja skóla fyrir barnið sitt eykur samkeppni á milli skólanna og er það hvati fyrir nemendur til að vilja gera betur. Í Danmörku eru um 12% nemanda sem ganga í sjálfstætt rekna skóla. Grunnskólakerfi Danmerkur líkist að mörgu leyti því íslenska, á þann hátt að valfrelsi foreldra er nokkuð takmarkað. Allir skólar eiga rétt á 80-85% af rekstrarkostnaði frá sveitarfélagi en ef það eru innheimt skólagjöld þá greiða sveitarfélögin minna til sjálfstæðra skóla. Foreldrar með lágar tekjur geta sótt um niðurfellingu á gjöldum fyrir barnið sitt og þannig er öllum tryggður aðgangur, burtséð frá efnahag. Fram kemur að nemendur í sjálfstætt reknum grunnskólum standa sig betur námslega en nemendur í opinberum skólum, kostnaður á nemanda er lægri, hærri einkunnir og brugðist er betur við þörfum og óskum foreldra (Kristín Pétursdóttir, Sigríður Á. Andersen og Þór Sigfússon, 2003, bls. 6-8).

Það getur tekið langan tíma að gera breytingu á íslensku skólakerfi. Til marks um það má líta til sögu Áslandsskóla í Hafnarfirði. Viðmælendur þekktu mismikið til þess skóla og höfðu flestir þekkingu sína úr fjölmiðlum. Þeir höfðu misjafnar hugmyndir og um leið athyglisverðar. Þeir voru flestir sammála um að það að fela einkaaðilum rekstur Áslandsskóla sem hverfissskóla hafi ekki hentað íslensku skólakerfi. Einnig kom fram að Áslandsskóli var samningsskóli en það hafi ekki verið ástæðan fyrir því að rekstrarform hans var aflagt, heldur hafi ástæðan verið sú að samningsskóli var þvingaður inn í hverfissskóla með nýja ólíka skólastefnu, óljósan stjórnunarstífl, ólíka launataxta, skólinn einkarekinn og fleira. Í skýrslu frá 2003 kemur

fram að frumkvæði hafi verið sýnt í Hafnarfirði þegar Áslandsskóli var settur á laggirnar og þar segir:

Nú hefur Hafnarfjarðarbær tekið að nýju við rekstri þessara stofnana og sú ástæða sem bærinn gefur er að samstarfsörðugleikar hafi verið á milli starfsmanna stofnananna og skólanna. Ljóst er þó að nýir forráðamenn bæjarfélagsins höfðu ekki áhuga á einkarekstri skóla. Þeir höfðu það t.a.m. á stefnuskrá sinni fyrir kosningar að leysa bæinn frá áður gerðum samningi, hvort sem einkaframkvæmdin tækist vel eða ekki. Allt þetta mál Hafnarfjarðarbæjar sýnir svo ekki verður um villst að nauðsynlegt er að tryggja að skólar séu lausir við pólitísk afskipti (Kristín Pétursdóttir, Sigríður Á. Andersen og Þór Sigfússon, 2003, bls. 15).

Þegar rannsóknaráætlun var gerð árið 2007 fyrir þessa meistaraprófsrannsókn giltu lög um grunnskóla frá 1995 nr. 66. Þar kemur eftirfarandi fram í 56. gr. um einkaskóla:

Menntamálaráðherra er heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá sem ráðuneytið staðfestir. Slíkir skólar hlíti sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Börn, sem sækja þessa einkaskóla, hafa undanþágu skv. 7. gr. en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna sömu aðilum allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða. Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé.

Með nýju lögnum um grunnskóla nr. 91/2008 er ljóst að miklar breytingar hafa átt sér stað en þau bjóða upp á mun meiri sveigjanleika þegar kemur að sjálfstætt starfandi grunnskólum sem eru ekki reknir af sveitarfélögnum. Í lögnum frá 1995 er einungis talað um einkaskóla en í nýju lögnum er talað um sjálfstætt starfandi grunnskóla. Í lögum um grunnskóla frá 2006 kemur eftirfarandi fram í 43. gr. um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum:

Ráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 1. gr., sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum í formi sjálfseignarstofnunar eða hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi, enda liggi fyrir samþykki sveitarfélags um stofnun skólans.

Rannsakandi veltir því fyrir sér hvort skólasamfélagið sé tilbúið að opna fyrir sjálfstætt rekna grunnskóla? Á þeim tíma sem rannsakandi hefur unnið (2007-2010) að meistaraþrófsrannsókninni hafa átt sér stað töluverðar breytingar á lögum og reglugerðum grunnskólans. Ef reglugerð um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum nr. 980/2009 er skoðuð, kemur fram í 2. gr. að mennta- og menningarmálaráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum í formi sjálfseignarstofnunar, hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. En þá verður að liggja fyrir samþykki sveitarfélagsins fyrir stofnun slíks skóla. Sömu efnisgrein er að finna í reglugerð um viðurkenningu grunnskóla og lágmarksframlög úr sveitarsjóði til slíkra skóla nr. 320/2007. Munurinn á þessum reglugerðum er að í nr. 980/2009 í 6. grein er mun meira eftirlit með sjálfstætt reknum grunnskólum bæði af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis og sveitarfélagsins og kemur fram að það þurfi að vera upplýsingagjöf, mat og eftirlit og kemur eftirfarandi fram:

Ákvæði grunnskólalaga um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga taka til skóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélagi með sama hætti og til opinberra skóla. Það sama á við um ákvæði reglugerðar um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald. Þeim aðila er ábyrgð ber á rekstri grunnskóla sem hlotið hefur viðurkenningu er skylt að veita mennta- og menningarmálaráðuneytinu og því sveitarfélagi sem skólinn starfar í allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi skólans þegar óskað er.

Sjálfstætt reknir grunnskólar geta fengið viðurkenningu tvö ár í senn og ótímabundið eftir það, segir í reglugerð 980/2009, en fram kemur í reglugerð 320/2007 að sjálfstætt reknir skólar fengu strax ótímabundna viðurkenningu. Rannsakandi telur ástæðu til að fagna eftirliti með sjálfstætt starfandi grunnskólum, en eins og fram kom hjá einum viðmælenda taldi hann því hafa verið ábótavant síðustu ár. Rannsakandi veltir því fyrir sér hvort nýja reglugerðin geri sjálfstætt reknum grunnskólum og eldhugum sem vilja stofna slíka skóla erfiðara fyrir en áður, en um leið ástæðunni fyrir því að einungis er að finna einkarekna eða sjálfstætt rekna grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Fram kom hjá einum viðmælenda rannsakanda að þegar upp væri staðið þyrfti sveitarfélagið alltaf að samþykkja rekstur einkaskóla í sínu umdæmi og telur að eins og staðan er nú í íslensku skólakerfi sé ekki enn búíð að gefa þessu rekstrarformi lausan tauminn.

Flestir viðmælendanna töldu gerlegt að starfrækja samningsskóla sem byði upp á bók-, list- og verknám á unglíngastigi. Samningsskólum í Bandaríkjunum er gert skylt að fylgja opinberum ákvæðum varðandi nám og kennslu en um leið eru þeir losaðir undan ákvæðum og ýmiss konar reglum. Þeir hafa meira sjálfstæði og svigrúm en almenningskólar varðandi eigin málefni og ráðstöfun fjármuna (Hanushek o.fl., 2006, bls. 1). Því gæti form samningsskóla hentað mjög vel þegar umbreyta á innra skólasterfi líkt og þegar bjóða á upp á val í bók-, list- og verknámi á unglíngastigi grunnskóla. Rannsakandi telur að innan íslenska skólakerfisins þurfi að vera meira svigrúm fyrir sjálfstætt starfandi fagfólk og hugmyndafræðilegt frelsi og sér því samningsskólaleiðina sem verðuga tilraun. Í rannsókninni kom fram hjá einum viðmælandanum að eins og staðan væri nú í íslenskum grunnskólum gæti nemandi farið í gegnum 8., 9. og 10. bekk einungis með því að taka bóklegar greinar en það sama ætti ekki við um verknámsgreinarnar. Árið 1992 var sett á laggir nefnd til að móta menntastefnu og endurskoða gildandi lög um grunn- og framhaldsskóla. Í skýrslu nefndarinnar kom fram að nemendur ættu að leggja stund á a.m.k. eina verklega grein að eigin vali frá og með 8. bekk (Menntamálaráðuneytið, 1994, bls. 45). Út frá orðum viðmælanda míns er augljóst að þessu hefur ekki verið fylgt eftir í sumum grunnskólum þar sem nemendur hafa tök á að fara í gegnum unglíngastigið eingöngu með áherslu á bóknám.

Athyglisvert var hversu margir viðmælendur voru hlyntir hugmyndinni um samningsskóla og sáu hann falla vel að íslensku menntakerfi og nýjum grunnskólalögum. En um leið töldu þeir að það félli um sjálft sig því foreldrarnir veldu skóla fyrir barnið sitt. Hefðin hefur verið sú að barnið fer í skóla í sínu heimahverfi. Út frá svörum viðmælendanna er ljóst að sannfæra þarf foreldra, samfélagið, sveitarfélög og skólasamfélag um ágæti og gagnsemi sjálfstætt rekinna grunnskóla. Einkaskólar verða að bjóða upp á annað og meira en almennir grunnskólar til að selja sig. Valfrelsi, hvort sem það á við opinbera skóla eða einkaskóla, býður upp á fjölbreytni í skólakerfinu og mikilvægt er að umræða eigi sér stað og lausn sé fundin á því hvaða leið sé best að fara þegar koma á til móts við nemendur.

5.8 Mannleg tregða og hefð

Hverja telur þú þröskuldana vera varðandi breytingar á uppsetningu náms á unglingsstigi?

Í viðtölunum var mikill samhljómur á meðal viðmælenda þegar kom að því að svara síðustu spurningu rannsóknarinnar og fram hjá þeim kom eftirfarandi: *Hefðin ... viðhorf ... hefðin á bóknámið ... framhaldsskólinn er óhemju bóknámsmiðaður ... kennarar, skólastjórar, kerfið og foreldrar eru mjög íhaldssamir ... kennarar ... faggreinaskiptingin.*

Í viðtölunum kom skýrt fram hjá flestum viðmælendum að til að breytingar geti átt sér stað innan skólasamfélagsins þurfi að breyta hefðinni. Bóknámshefðin er enn ríkjandi og komu nokkrir viðmælendur inn á viðhorf fólks til verknáms. Því hefur verið þannig háttað að nemendur sem fara í verknám eru slakari á bókina og töldu sumir að sú hugsun væri enn fyrir hendi innan samfélagsins. Getur verið að gamla landsprófið hafi haft þessi áhrif? Ingólfur Á. Jóhannesson komst að þeirri niðurstöðu að landsprófið hefði verið alltof mikill áhrifavaldur á annað skólanám með því að ýta undir bóknámsdýrkun (1984, bls. 79).

Ef íslensk skólasaga er rakin má sjá að frá því fræðslulögunum var formlega komið á árið 1907 hefur megináhersla verið lögð á bóknámsgreinar. Börnin áttu að vera læs og skrifandi og helstu námsgreinar voru skrift, móðurmál, reikningur, landafræði, ljóð, náttúrufræði, kristinfræði og Íslandssaga (Ingólfur Á. Jóhannesson, 1984, bls. 6). Reynt var að brjóta upp þetta fyrirkomulag um miðja 20. öldina með því að bjóða upp á bóknáms- og verknámsbraut. Verknámsdeildin átti ekki að skipa óvirkulegri sess í skólakerfinu en bóknámsdeildirnar. Talið var að þegar fram liðu stundir myndu fleiri skólar og vinnuveitendur krefjast prófs frá verknámsdeild heldur en bóknámsdeild (Matthías Jónasson, 1949, bls. 1-3). Ef lítið er til baka, naut bóknámsbrautin mun meiri virðingar og landsprófið var eins og lítið stúdentspróf en kennsla í list- og verkgreinum féll niður á meðan nemendur voru að undirbúa sig fyrir landsprófið (Ólafur J. Proppé, 1999, bls. 81).

Einn viðmælandinn benti á að síðustu tíu árin hefði lítið sem ekkert breyst þegar kæmi að innritun í framhaldsskólana, en þar hefur hefðin verið sú að nemendur velja bóknám og líkti hann innritunarferlinu við hjarðarhegðun. Athyglisverður punktur og vert að íhuga því fram kom í rannsókninni að foreldrar hafa áhrif þegar kemur að því að börnin velja skóla; einnig kennarar oft á tíðum, félagar og umhverfið. Viðmælendur bentu á að algengt væri meðal foreldra að þeir legðu áherslu á að börnin

þeirra lykju stúdentsprófi og færu síðan í list- eða verknám. Í rannsókninni hefur komið fram að foreldrarnir hafa áhrif á skólasamfélagið. Þegar breytingar eiga sér stað heyrir oft hátt í þeim því margir þeirra vilja halda í bóknámshefðina sem hefur verið til staðar í rúma öld. Á síðustu 120 árum hefur bóknámsbrautum fjölgað verulega og orðið alls ráðandi í íslensku menntakerfi. Ekki hefur verið rannsakað hvort þessi þróun er góð eða slæm en bóknám hefur sífellt meira vægi innan grunn- og framhaldsskólans (Jón Torfi Jónasson, 1992, bls. 186-188).

Fram kemur í rannsókninni að 70-80% grunnskólanemenda fara beint í bóklegt nám að loknum grunnskóla, en í Danmörku stefna 30% þeirra í bóknám. Á heimasíðu Hagstofunnar er að finna upplýsingar um hvaða nám nemendur stunda á framhaldsskólastigi hér á landi. Árið 2009 voru 67,2% (19.787) nemendur skráðir í bóknám en 32,8% (9.662) nemenda skráðir í starfsnám. Fjölmennasta einstaka námsbrautin er almenn námsbraut á framhaldsskólastigi. Á þessa námsbraut eru skráðir 5.863 nemendur (Hagstofa Íslands, 2010, bls. 5-6). Í viðtölum við viðmælendur kom fram að reynt hafi verið að koma til móts við nemendur með því að bjóða upp á almenna námsbraut í framhaldsskólunum. Það tókst hins vegar ekki sem skyldi því þegar upp var staðið var áherslan nær eingöngu á bóknámsgreinarnar. Með tilkomu almennu brautanna átti að verða til nýr kostur fyrir nemendur sem staðist höfðu grunnskólapróf, en höfðu ekki gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám. Einnig var þessi námsleið ætluð þeim nemendum sem höfðu ekki náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi og áttu því ekki kost á að hefja nám á þeirri námsbraut sem þeir höfðu kosið sér. Almenna brautin er eins árs nám, annars vegar hagnýtt nám í kjarnafögum íslensku, ensku og stærðfræði auk íprótta og hins vegar að það verði í boði verklegt og bóklegt val og þar með talið styttra starfsnám (Menntamálaráðuneytið, 1994, bls. 62-63). Rannsakandi veltir því fyrir sér hvort nemandinn reyni að fresta ákvörðun sinni um hvað hann ætlar að starfa í framtíðinni, með því að fara í menntaskóla. Með því að fara í tiltekna iðngrein strax er um leið tekin ákvörðun um ákveðinn starfsvettvang. Jón Torfi Jónasson fjallar um bóknám í grein sinni frá 1993. Þar veltir hann því fyrir sér hvort það geti verið vegna metnaðarleysis eða kröfuleysis vinnumarkaðarins um fagkunnáttu að það hafi áhrif á hversu lágt starfsmenntun er metin af nemendum. Einnig kemur hann inn á að hefðbundnar bóknámsgreinar muni ríkja þótt stöðugt sé verið að reyna að koma með nýjar leiðir til að auka vægi list- og verkgreina (1993, bls. 55).

Sumir viðmælendur komu inn á könnunarprófin í 10. bekk og telja fróðlegt að sjá hvaða breytingar þau muni hafa í för með sér innan skólasamfélagsins á næstu árum. Rannsakandi bendir á að nemendur í grunnskólum taka samræmd könnunarpróf og eru þetta bóklegar námsgreinar. Í 39. grein í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir eftirfarandi; „Nemendur í fyrri hluta 10. bekkjar skulu þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku“. Augljóst er að bóknámshefðin er ríkjandi þegar kemur að samræmdum könnunarprófum en það er menntamálaráðherra sem leggur grunnskólum til samræmd könnunarpróf sem fram fara fyrir hluta skólaárs samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra (Menntamálaráðuneytið, nr. 435/2009).

Sumir viðmælenda töldu ýmsa þröskulda vera til staðar þegar litið væri til faggreinaskiptingar náms á unglíngastigi. Þegar kemur að því að þróa og breyta hefðbundnu skólastarfi eiga kennarar það til að verða mjög íhaldssamir og vilja oft og tíðum ekki fara út fyrir þægindahringinn sinn. Mikilvægt er að fá kennara til að vinna með stjórnendum því viðbrögð þeirra skipta miklu máli þegar kemur að breytingum á skólastarfi. Í viðtölunum var komið inn á mikilvægi faglegrar umræðu innan skólanna. Eins og einn viðmælendanna orðaði það svo vel: „*Þetta er bara margbrotinn dans sem maður þarf að fara í. Þetta er spurning um að leiða fólkið í vinnuna og fá það með sér.*“

5.9 Samantekt

Í þessari rannsókn hefur verið leitað svara við eftirfarandi spurningum;

Hvaða möguleikar eru á að viðhafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi í grunnskóla?

Undirspurningarnar voru:

- a. Hvernig er hægt að koma við vali á milli bók-, list- og verknáms innan ramma núgildandi laga um grunnskóla?*
- b. Hvaða kosti hafa samningsskólar til að bjóða upp á val í bók-, list- og verknámi á unglíngastigi?*
- c. Hvernig henta samningsskólar íslenskum grunnskólum og sveitarfélögum?*

Rannsakandi lagði tíu hálfopnar spurningar fyrir viðmælendur sem leiddu þátttakendur í svörum. Svör viðmælenda við hverri spurningu voru eðlilega misjöfn; nokkrir fóru um víðan völl en aðrir voru stuttorðir. Sum svörin áttu jafnvel ekki heima undir viðeigandi spurningu en í umræðukaflanum lætur rannsakandi svörin fylgja

frásögn viðmælanda eins og hún kom fyrir í viðtalinu og því getur oft og tíðum verið um endurtekningu að ræða þegar umræðukaflinn er lesinn.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að flestir viðmælendanna voru sammála um að möguleiki væri á að bjóða upp á val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi í grunnskóla. Til þess að svo gæti orðið þyrfti ekki að breyta núgildandi grunnskólalögum og að samningsskólar hentuðu vel til þess. Augljóst var þó að flestir viðmælendur voru ekki hlyntir því að nemendur ættu að geta valið á milli námsgreina á unglíngastigi. Heldur ætti að samþætta bók-, list- og verkgreinar á þann hátt að þær væru hluti af öllu skólastarfi. Rannsakandi veltir fyrir sér hvers vegna viðmælendur sjá ekki fyrir sér val á milli bók-, list- og verkgreina því í ljós kemur, í niðurstöðum rannsóknarinnar, að list- og verkgreinar standa höllum fæti í skólakerfinu og ekki hefur tekist að auka vægi þeirra sem skyldi en í gegnum árin hafa margar tilraunir verið gerðar, sumar hafa tekist og aðrar ekki. Í viðtölunum vekur einn viðmælendanna máls á því að betra sé að hafa alla saman þó svo að nemendur ráði ekki við námsefnið, því í hvert sinn sem auka eigi vægi list- og verknáms verði það bóknáminu í hag. Rannsakandi veltir því fyrir sér hvort það flokkist þá undir nám *við hæfi* ef allir eru hafðir saman því í Aðalnámskrá grunnskóla, almenna hlutanum, kemur skýrt fram að ein grundvallarviðmiðun grunnskólans er að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi, þ.e. að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 9). Rannsakandi veltir því fyrir sér hvort ein leiðin geti verið sú að gefa nemendum tækifæri fyrir til að flokka sig út frá sínu eigin áhugasviði. Hugsanlega hefði það í för með sér að nemendur kysu frekar iðnnám að loknum grunnskóla og áherslan á bóknámsdýrkunina myndi því dvína. Þegar skólasagan hér á landi er rakin er ljóst að áherslan á bóknámið hefur aukist og virðist lítið sem ekkert hægt að gera til að koma í veg fyrir þá þróun. Því veltir rannsakandi því fyrir sér hvort ein leiðin gæti verið sú að bjóða upp á samningsskóla sem færu óhefðbundnar leiðir í skólastarfi. Að mati rannsakanda hafa komið fram áhugaverð svör við spurningunni um samningsskóla í þessari rannsókn. Augljóst er að viðmælendur eru hlyntir því að sjá samningsskóla í íslensku skólakerfi og töldu sumir fjölbreytileika nauðsynlegan í samfélaginu. Ekki hefur verið mikil gróska í einkareknum grunnskólum hér á landi. Er hugsanlegt að ástæðan sé sú að sveitarfélög séu almennt ekki hlynt því að reka einkaskóla og vilji því frekar opinberu skólana? Eða er reglugerðin sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út um viðurkenningu grunnskóla ef til vill svo hamlandi að erfitt er að setja slíkan skóla á

laggirnar? Athyglisvert þótti rannsakanda og umhugsunarvert að ekki hefur enn verið settur á laggirnar sjálfstætt rekinn grunnskóli á Akureyri, en í bæjarfélaginu eru nokkrir einkareknir leikskólar. Fram kom að í Reykjavík hefði ekki verið stofnaður einkarekinn grunnskóli í rúm 20 ár þannig að ekki hefur verið mikil gróska á þeim vettvangi þar frekar en annars staðar á landinu.

Flestir viðmælendanna voru sammála því að nýju lögum um grunnskóla nr. 91/2008 byðu upp á meiri sveigjanleika en áður og vel væri hægt að bjóða upp á val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi án þess að breyta þeim. Einnig að valgreinarnar á unglíngastigi væru um 30% af náminu og að líka væri gert ráð fyrir því að skólar hefðu meiri svigrúm til að skipta lágmarkstímum á hverju námssviði á milli ára.

Við gerð rannsóknarinnar hafa komið fram áhugaverð svör og nýjar spurningar hafa vaknað. Eins og komið hefur fram virðist, að mati viðmælenda rannsóknarinnar, ekkert því til fyrirstöðu að komið verði á fót samningsskólum sem byðu upp á val í bók-, list- og verknámi, án þess að breyta núgildandi grunnskólalögum. Alltaf verða þó hindranir í vegi sem verður að hafa í huga er stofna á samningsskóla. Það þarf samþykki sveitarfélags, menntamálaráðneytis; það þarf að kynna hugmyndina fyrir nemendum, kennurum, foreldrum og skólasamfélaginu í heild. Samningsskóli býður upp á valfrelsi fyrir foreldra en þá kemur aftur að þeim mikilvæga punkti í svörum viðmælenda að það eru ekki nema um 1,5% nemenda í einkareknum grunnskólum á Íslandi, þar sem hefðin er sú að börn fara í skóla í sínu heimahverfi. Eitthvað þarf að gerast í íslensku skólakerfi til að breyta þessari hugsun því ef horft er til annarra landa í kringum okkur er mun hærri prósentu í einkaskólum. Það að bjóða upp á val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi í grunnskóla krefst þess að stigið sé út fyrir þægindahringinn en eins og hugsunin er nú í samfélaginu og einn viðmælandi minn orðaði það svo vel: „*Kúltúrin á landinu bláa er sá að bókvitið verði í askana látið ... en ekki verknámið.*“

6. Lokaorð

Rannsókninni var einkum ætlað að svara því hvort möguleiki væri á að hafa val á milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi grunnskóla. Ekki er til eitt einfalt svar við þessari spurningu. Hún leiddi hins vegar af sér aðrar spurningar sem bjóða upp á enn frekari rannsóknir. Eftir að hafa tekið viðtöl við níu reynslumikla einstaklinga með mikla faglega þekkingu og skoðanir á íslensku skólakerfi gerir rannsakandi sér grein fyrir því að þetta var eitt fyrsta skrefið af mörgum þegar kemur að því að kanna viðhorf til breytinga á íslensku skólakerfi. Í svörum viðmælenda rannsóknarinnar kemur skýrt fram að margar hindranir geta verið á þeirri leið og því er nauðsynlegt að fá kennara, börn, foreldra og samfélagið til að vinna með sér. Næsta skref væri hugsanlega að kanna viðhorf nemenda og foreldra til breytinga á íslensku skólakerfi, og tilvalið að leggja fyrir þann hóp spurninguna hvort þau sæju möguleika á vali milli bók-, list- og verknáms á unglíngastigi í grunnskóla.

Staða list- og verkgreinakennslu í grunn- og framhaldsskólum hefur verið í umræðunni gegnum tíðina, en greinilegt er að ekki hefur verið lagt nóg til list- og verknámsins enda hefur það um margt dalað á liðnum árum. Ástæðan getur einna helst verið sú að þegar niðurskurður á sér stað innan skólakerfisins er verknámið það fyrsta sem tekið er út en rannsakandi er meðvitaður um meiri kostnað verknámsins. Bóknámshefðin hefur verið ríkjandi en engar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvort sú þróun er góð eða slæm og telur rannsakandi að það væri vert að rannsaka.

Brýnt er að fjölga valkostum í ýmsum bók-, list- og verknáms fögum til að undirbúa nemendur fyrir frekara nám að loknum grunnskóla. Mikilvægt er að undirbúa nemendur með menntun sem nýtist þeim á þann hátt að þeir geti lært hvað sem er í framtíðinni. Það er því mikilvægt að leggja áherslu á að útskrifa sterka, lífsglaða og sjálförugga nemendur eins og fram kom í rannsókninni.

Það þarf að breyta orðræðunni þegar kemur að verknámi, en hún hefur einkennst af því að þeir nemendur sem eru slakir í bóknámi velja sér frekar list- og verkgreinar. Þeim er jafnvel beint inn á þær brautir af kennurum sínum eða foreldrum burt séð frá áhuga þeirra sjálfra. Þorvaldur Þorsteinsson segir að sköpunargleði eigi ekki að vera afþreying, markaðsvara, sniðugheit né valgrein. Sköpunin er eiginleg

hverjum manni, sjálfsögð og lífsnauðsynleg (2009, bls. 5). Í rannsókn Bryndísar Arnardóttur (2009, bls. 86) kemur fram í niðurstöðum rannsóknarinnar að frá barnæsku upplifðu listamennirnir sterka sköpunarþörf og töldu þeir mikilvægt að hæfileikar þeirra fengju að njóta sín í grunnskóla. Því telur rannsakandi mikilvægt að nemendur fái tækifæri og svigrúm til að vinna með sitt áhugasvið strax í grunnskóla.

Rannsakandi telur að rannsóknin og niðurstöður hennar geti opnað fyrir umræðu í skólasamfélaginu um einkaskóla, skólaval, hvernig valgreininum er háttað á unglingastigi, bók-, list- og verknám, samningsskóla og hefðir, svo eitthvað sé nefnt. Það gæti verið fróðlegt að rannsaka sjálfstætt rekna grunnskóla á Íslandi og viðhorf opinberu skólanna til þeirra. Í ljósi þess hvað það er lág prósentu nemenda í sjálfstætt reknum grunnskólum væri vert að skoða viðhorf foreldra gagnvart þeim. Rannsakandi telur að aukin fjölbreytni á grunnskólastigi gefi af sér betra menntakerfi en í rannsókninni kemur fram að mannleg tregða og hefð hefur áhrif á það hversu erfitt er að breyta skólakerfinu hér á landi.

Margt áhugavert hefur komið fram í rannsókninni og gerir rannsakanda víðsýnni þegar kemur að stofnun samningsskóla en til þess að setja á laggirnar slíkan skóla þarf fólk með hugsjón, eldmóð og hugmyndir eins og kemur fram hjá einum viðmælanda rannsakanda. Mikilvægt er að auglýsa fyrir hvað þeir standa, þá hvern og einn þeirra og hugmyndafræðina sem þeir starfa út frá til þess að fá nemendurna inn í samningsskólann.

Að lokum vill höfundur taka upp orð sem birtust í grein eftir Ísak Jónsson (1958, bls. 8):

Hver dagur og hvert ár færir nýja reynslu. Og kennslustarf á að vera manni ævilöng leit að betri aðferðum, betri árangri. Aðferðin verður að vera við því búin að leggja til hliðar það, sem miður reynist, en hafa opnar dyr fyrir öllu því, sem vonir standa til að orðið geti til bóta.

Fylgiskjal 1. Leyfi frá Persónuvernd

Hildur Bettý Kristjánsdóttir
Stapasíðu 13d
603 Akureyri



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík 15. apríl 2010

Tilvísun: S4772/2010/ LSL/--

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur móttengið tilkynningu í yðar nafni um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningin er nr. S4772/2010 og fylgir afrit hennar hjálagt.

Allar tilkynningar sem berast Persónuvernd birtast sjálfkrafa á heimasíðu stofnunarinnar. Tekið skal fram að með móttöku og birtingu tilkynninga hefur engin afstaða verið tekin af hálfu Persónuverndar til efnis þeirra.

Virðingarfyllst,

Lárus Sigurður Lárusson

Hjál.: - Tilkynning nr. S4772/2010 um vinnslu persónuupplýsinga.

Heimildaskrá

Ármann Halldórsson. (1955). Núgildandi fræðslulöggjöf. *Menntamál*, 28, 65–83.

Bamford, A. (2009). *Arts and cultural education in Iceland*. Reykjavík:
Menntamálaráðuneytið.

Blakemore, C. (1998). *A public school of your own: Your guide to creating and running a charter school*. Wheat Ridge, Colorado: Adams-Pomeroy Press.

Brouillette, L. (2002). *Charter schools: Lesson in school reform*. Mahwah, New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates.

Bryndís Arnardóttir. (2009). *Að verða listamaður, hverjum dettur það eiginlega í hug*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: Háskólinn á Akureyri.

Börkur Hansen. (2002). Stuðlar einkarekstur almenningskóla að betra skólstarfi. *Uppeldi og menntun*, 11, 247–261.

Cohen, L., Manion, L. og Morrison, K. (2007). *Research Methods in Education* (5. útgáfa). London: Routledge.

Eisner, W. E. og Day, M. D. (2004). *Handbook of research and policy in education*. Mahwah, New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates.

Ellert Borgar Þorvaldsson og Unnar Hermannsson. (2009). *Úttekt á fjölgreinabraut Lækjarskóla*. Sótt 6. febrúar 2010, frá http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/uttekt_a_fjolgreinabraut_laekjarskola.pdf.

- Estes, M. B. (2006). Charter Schools: Do They Work for Troubled Students? *Academic Research Library*, 51, 55–61. Sótt 15. febrúar 2007, frá ProQuest 5000 gagnagrunninum.
- Eyrún Ingadóttir. (1992). *Saga Húsmæðraskóla Reykjavíkur í 50 ár*. Reykjavík: Hússtjórnarskóli Reykjavíkur.
- Friedman, M. (1982). *Frelsi og framtak*. (Hannes H. Gissurason þýddi). Reykjavík: Almenna Bókafélagið og Félag frjálshyggjumanna.
- Garðaskóli. (án árs). *Námið*. Sótt 14. febrúar 2010 frá, <http://www.gardaskoli.is/Namid>.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífs: rannsóknir á tengslum menntunar og starfs*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Gestur Guðmundsson. (1989). Verkmenntun og atvinnuþróun. *Ný menntamál*, 7, 2, 32–38.
- Gestur Guðmundsson. (1993). Starfsmenntun á framhaldsskólastigi: Núverandi vandi og nokkur meginverkefni. *Ný menntamál*, 2, 11, 6–13.
- Gestur Guðmundsson. (1993). *Þróun starfsmenntunar á framhaldsskólastigi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið og Sammennt.
- Gill, B.P., Timpane, P. M., Ross, K. E., Brewer, D. J. (2001). *Rhetoric Versus Reality: What We Know and What We Need to Know About Vouchers and Charter Schools*. Santa Monica: RAND-Publications.
- Gorden, R. L. (1987). *Interviewing: Strategy, Techniques and Tactics*. Chicago: The Dorsey Press.

- Guðbrandur Magnússon. (1993). Þátttaka atvinnulífs í stjórnun og uppbyggingu starfsnáms. *Ný menntamál*, 2,11, 14–19.
- Guðmundur Finnbogason. (1994). *Lýðmenntun*. (2. útgáfa, 1. bindi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Guðmundur H. Frímansson og Þorvarður Elíasson. (1986). *Ríkisskólar eða einkaskólar?* Tvær ritgerðir, er miða að fjölbreyttri eða betri skólum, hagkvæmari nýtingu almannaþjárfjár, víðtækara frelsi foreldra og nemenda til að velja og hærri laun foreldra. Reykjavík: Stofnun Jóns Þorlákssonar.
- Gunnar M. Magnúss. (1939). *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi*. Reykjavík: Samband íslenskra barnakennara.
- Gunnar M. Magnúss. (1946). *Um menntamál á Íslandi 1944–1946: Greinargerð um löggjöf, framkvæmdir og næstu verkefni*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Hagstofa Íslands. (2009). Skólatíðindi 3. *Hagtíðindi*. Sótt 20. febrúar 2010, frá <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=9716>.
- Hagstofa Íslands. (2010). Skólatíðindi 1. *Hagtíðindi*. Sótt 23. febrúar 2010, frá <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=10669>.
- Hanushek, E. A., Kain, J. F., Rivkin, S. G., og Branch, G. F. (2006). Charter School quality and parental decision making with school choice. *Journal of Public Economics*, 91, 1–26.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritsstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67–84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Helgi Skúli Kjartansson. (2008). Skólakerfi í mótun 1946–1965. Loftur Guttormsson (Ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007, síðara bindi* (bls. 44-81). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hitchcock, G. og Hughes, D. (1995) *Research and the Teacher. A Qualitative Introduction to School-based Research*. London: Routledge.

Ingólfur Ármannsson. (2003). *Þróun valgreina í grunnskólum Akureyrar*. Sótt 8. febrúar 2010, frá http://skoladeild.akureyri.is/static/files/grunnskolaskeyrslur/throun_valgreina_i_grunnskolum_mai_2003.pdf.

Ingólfur Á. Jóhannesson. (1984). *Menntakerfi í mótun*. (2. útgáfa). Reykjavík: Höfundur.

Ísak Jónsson. (1958). Um lestrarkennslu. *Menntamál*, 31, 19-42.

Jón Torfi Jónasson. (1992). Þróun framhaldsskólans. Frá starfsmenntun til almenns bóknáms. *Uppeldi og menntun*, 1, 1, 173–189.

Jón Torfi Jónasson. (1993). Grunnskólinn lengdur. Enn eitt almennt bóknámsár. *Ný menntamál*, 11, 1, 54-55.

Jón Torfi Jónasson. (1994). Skipt um skoðun, um flutning nemenda á milli þrenns konar námsbrauta í framhaldsskóla. *Uppeldi og menntun*, 3, 63-81.

Jón Torfi Jónasson. (1995). Baráttan á milli bóknáms og starfsnáms á framhaldsskólastigi. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum* (bls. 277–285). Reykjavík: Háskólaútgáfan: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Jón Torfi Jónasson. (1996). Um gildi verk- og listgreina í almennri menntun. Í Daníel Ólafsson (Ritstj.), *Handverk* (bls. 9–15). Reykjavík: Samnorraen handverkssýning.

- Jón Torfi Jónasson. (1998). Landsprófið er banafleygur íslenskrar menningar. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum II* (bls. 175–180). Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ, Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson. (2008). Samræmdur framhaldsskóli í mótun. Loftur Guttormsson (Ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007, síðara bindi* (bls. 157-173). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson. (2008). Fjöldi nemenda og fjármagn. Loftur Guttormsson (Ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007, síðara bindi* (bls. 176-195). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristín Björnsdóttir. (2003). Orðræðugreining. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 239-248). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kristín Pétursdóttir, Sigríður Á. Andersen og Þór Sigfússon. (2003). *Valfrelsi í gunnskólum*. Reykjavík: Verslunarráð Íslands. Sótt 8. febrúar 2010, frá http://www.vi.is/files/%7B69efc339-8ab1-4e35-a6ea093561f3d6af%7D_menntam%C3%A1_valfrelsi%20%C3%AD%20grunns%C3%B3lum.pdf.
- Kvale, S. (1996). *Interviews. An Introduction to Qualitative Research Interviewing*. Thousand Oaks, Kalifornía: Sage Publications.
- Landakotsskóli. (án árs). *Um okkur*. Sótt 14. febrúar 2010, frá http://www.landakotsskoli.is/index.php?option=com_content&view=article&d=2&Itemid=17.
- Lilja M. Jónsdóttir. (1996). *Skapandi skólastarf*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Loftur Guttormsson. (1992). Farskólahald í sextíu ár (1890–1950): Nokkrir megindrættir. *Uppeldi og menntun*, 1, 1, 207–222.

Lúðvíg Guðmundsson . (1942). Kennið börnunum að vinna. *Menntamál*, 15, 81–93.

Lýður Björnsson. (2006). *Saga Iðnskólans í Hafnarfirði*. Reykjavík: Iðnú.

Lög um fræðslu barna, nr. 59/1907.

Lög um grunnskóla, nr. 66/1995.

Lög um leikskóla, nr. 90/2008.

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Lög um framhaldsskóla, nr. 92//2008.

Matthías Jónasson. (1949). Verknámsdeild. Nokkrar athugasemdir og tillögur.

Menntamál, 22, 1–44.

Menntamálaráðuneytið. (1976). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík:

Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknadeild.

Menntamálaráðuneytið. (1977). *Aðalnámskrá grunnskóla: Mynd- og handmennt*.

Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknadeild.

Menntamálaráðuneytið. (1989). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið. (1994). *Nefnd um mótun menntastefnu*. Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið. (1999a). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*.

Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið. (1999b). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*.

Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla: Hönnun og smíði*.
Reykjavík.

Merriam, S. B. (1998). *Qualitative research and case study applications in education*.
San Francisco: Josse-Bass.

Norðlingaskóli. (án árs). *Áhugasvið*. Sótt 14. febrúar 2010, frá
http://www.nordlingaskoli.is/index.php?option=com_content&view=article&d=57&Itemid=105.

Ólafur Þ. Kristjánsson. (1946b). Um landsprófið (miðskólaprófið). *Menntamál*, 4,
126–129.

Ólafur J. Proppé. (1999). Þróun samræmdra prófa í íslenskum grunnskólum frá 1880
til 1977. Í Helgi Skúli Kjartansson, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kristín
Indriðadóttir og Ólafur J. Proppé (Ritstj.), *Steinar í vörðu: til heiðurs Þuríði J.
Kristjánsdóttur sjötugri* (bls. 61–90). Reykjavík: Rannsóknarstofnun
Kennaraháskóla Íslands.

*Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10.
bekk*, 435/2009.

*Reglugerð um viðurkenningu grunnskóla og lágmarksframlög úr sveitarsjóði til slíkra
skóla*, 320/2007.

Reglugerð um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum,
980/2009.

- Reykjavíkurborg. Menntasvið. (2009). *Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar*. Sótt 10. febrúar 2010, frá http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/menntasvid/Stefna_og_starfs_tlun_Menntasvids_2009_loka.pdf.
- Rósa Kristín Júlíusdóttir. (2005). Með teikningu verður þekking ekki dauður bókstafur, heldur lifandi athöfn. Í Trausti Þorsteinsson og Bragi Guðmundsson (Ritstj.), *Andans Arfur: tíu erindi um manninn, fræðimanninn, menntafrömuðinn, sálfræðinginn og bókfræðinginn Guðmund Finnbogason* (bls. 119–126). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Rúnar Helgi Andrason. (2003). Tilfellarannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 281–293). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Seidman, I. (2006). *Interviewing as Qualitative Research. A Guide for Researchers in Education and the Social Sciences*. New York: Teachers College Press.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2003). Vancouver-skólinn í fyrirbærafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 249–266). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161–180). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurður Thorlacius. (1937). Helztu einkenni barnaskóla og alþýðufræðslu. *Menntamál*, 10, 163–174.

- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Silverman, D. (2005). *Doing qualitative research. A practical handbook* (2. útgáfa). London : Sage Publications.
- Skóladeild Akureyrarbæjar. (2010). *Skólinn skiptir máli*. Sótt 10. febrúar 2010, frá http://skoladeild.akureyri.is/static/files/baeklingar/Skolaval_2010.pdf.
- Sóley S. Bender. (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 85-99). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Steinunn H. Lárusdóttir. (2004, 22. desember). Galdurinn felst í því að geta snert margar nótur í einu og látið þær hljóma saman. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 7. apríl. 2007, frá <http://netla.khi.is/vidtol/2004/003/index.htm>.
- Sveinn Alfreðsson. (2006). *Lækjarskóli í Hafnarfirði*. Sótt 7. apríl 2007, frá <http://www1.hafnarfjordur.is/fjolgreinad/kynningarbl%C3%B6%C3%B0.doc>.
- Tjarnarskóli. (án árs). *Um skólann*. Sótt 14. febrúar 2010, frá <http://tjarnarskoli.is/umskolann.htm>.
- Tomlinson, C. A. (1999). *The Differentiated classroom: Responding the Needs of All learners*. USA: ASCD.
- Tomlinson, C. A. (2000). *Differentiation of Instruction in the Elementary Grades* Tomlinson. Sótt 10. febrúar 2010, frá <http://ceep.crc.uiuc.edu/eearchive/digests/2000/tomlin00.pdf>.

Tomlinson, C. A. og Allan, S. D. (2000). *Leadership for Differentiating Schools & Classrooms*. Alexandria, Virginia: Association for Supervision and Curriculum Development.

UNESCO. (2002). *Menntun fyrir alla. Yfirlýsing sett fram á alþjóðaráðstefnu UNESCO í Dakar árið 2000*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 4. febrúar 2010, frá <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Dakarskyrsla.pdf>.

Yoder, D. og Rooney, J. (2007). *Charter schools: Moving to the next level*. Bloomington, Indiana: AuthorHouse.

Þorstein P. Gústafsson. (1998). Starfsnám í framhaldsskólanum. *Uppeldi og menntun*, 7, 101–109.

Þorvaldur Þorsteinsson. (2009). „Að sjá döggi í vatni ...“ *Skólavarðan*, 1 (9), 5-6.